


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Föstudagur







Er matráðurinn að fara í frí?

ISS leysir málin

ISS býður upp á aðsendan mat og þjónustu tengda því

Heimasíða: www.iss.is
Netfang sala@iss.is
Sími 5 800 600



# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
20. maí 2011
116. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**LOFTFIMLEIKAR Á AUSTURVELLI** Katalónski fjöllistahópurinn La Fura dels Baus æfði loftfimleika á Austurvelli í gær. Atriðið er hluti af dagskrá Listahátíðar í Reykjavík og verður sýnt á laugardaginn kemur á torginu. Það fer meðal annars fram í fimmtíu metra hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Hemmi á prent

*Semur við Senu um ævisögu sína.*


**fólk** 46


## Vestfirskir tónar

*Halldór Sveinsson kynnir vestfirska tónlistarsögu í útskriftarverkefni*


**tímamót** 26




## Margrét Lára með fernu

*Stelpurnar okkar unnu 6-0 stórsigur á Búlgaríu í fyrsta leik sínum í undankeppni EM 2013.*


**sport** 40


**veðrið í dag**




**KULDALEGT Á NORÐURLANDI**
Talsverður vindur um mest allt land í dag þó síst sunnan til. Él norðan til og snjókoma A-til. Þurrt suðvestanlands.


**veður** 4


# Málarekstri hætt ef Icesave er greitt upp

**Allt stefnir í að þrotabú Landsbankans standi undir stærstum hluta Icesave-krafna samkvæmt nýju mati. Ekki gert ráð fyrir verðmæti Iceland Foods í matinu. Samninganefnd Íslands gerði ráð fyrir að heimtur í búið myndu batna.**

**EFNAHAGSMÁL** „Okkur sýnist að ef samningur við bresk og hollensk stjórnvöld hefði verið samþykktur væri hreinn kostnaður ríkissjóðs vegna Icesave-krafna nú kominn niður í tíu til fimmtán milljarða króna. Ef þróunin heldur áfram félli ekkert á ríkissjóð miðað við fyrri forsendur,“ segir Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis. Icesave-samkomulagið var fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu í apríl og gæti málið endað fyrir dómi.

Skilanefnd og slitastjórn Landsbankans kynntu í gær uppfært verðmat á eignum hans. Samkvæmt því verða 94 til 99 prósent af forgangskröfum greidd.

Í matinu er ekki tekið tillit til áætlaðs verðmætis 67 prósenta eignarhlutar í bresku matvörukeðjunni Iceland Foods. Hluturinn hefur verið settur í söluferli og eru líkur á að hann verði seldur fyrir áramót. Þetta er stærsta eign gamla bankans. Breskir fjölmiðlar hafa um skeið sagt verðmætið allt að tveimur milljörðum punda, jafnvirði um 370 milljarða króna.

Samkvæmt Icesave-samkomulaginu sem kosið var um í byrjun apríl voru líkur á að 32 milljarða króna vaxtagreiðsla félli á ríkissjóð. Fjármálaráðuneytið reiknaði áætlaðan vaxtakostnað samkvæmt nýja verðmatinu í gær.

Guðmundur bendir á að vextir og gjöld lána sem greiða átti breskum og hollenskum stjórnvöldum lækki eftir því sem fyrr verði greitt úr búi bankans. Áætlað er að fyrsta hlutagreiðsla verði greidd út fyrir áramót. Sú greiðsla gæti numið allt að þriðjungi forgangskrafna.

„Við vorum búin að gera ráð fyrir því að heimtur myndu batna. Þetta er jákvætt,“ segir Lárus Blöndal, sem sæti átti í samninganefnd Íslands í Icesave-deilunni. - jab

## ESA fer yfir svör stjórnvalda

„Ef stjórnvöld sýna fram á að þau muni greiða Icesave-kröfuna eða semja við bresk og hollensk stjórnvöld þá munum við ekki fara með málið fyrir EFTA-dómstólinn,“ segir Per Sanderud, forseti ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA. Árni Páll Árnason sendi ESA bréf í byrjun mánaðar þar sem fram kom að horfur séu á að þrotabú Landsbankans geti staðið undir þorra krafna vegna innstæðna. Verið er að fara yfir svarbréf stjórnvalda. Sanderud reiknar með að ESA svari bréfinu fyrir júnílok.

Brotið gegn unglingum:

## 27% orðið fyrir kynferðisofbeldi

**KYNFERÐISBROT** Rúmlega 27 prósent unglinga í framhaldsskólum hafa orðið fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi, samkvæmt víðamestu rannsókn sem gerð hefur verið á þessum málum hér á landi.

Stúlkur eru líklegri en drengir til að verða fyrir ofbeldi og unglingar eru líklegri en yngri börn. 35,7 prósent stúlkna og 17,8 prósent drengja höfðu orðið fyrir ofbeldi fyrir átján ára aldur.

- þeb / sjá síðu 16










**SPURNING DAGSINS**



*Magnús, verður þetta ekki bara Peaceful Easy Feeling?*

„Lengi vel stóð á gítartöskunni minni „Easy does it“. Ætli það verði ekki bara svoleiðis.“

Magnús Þór Sigmundsson og félagi hans, Jóhann Helgason, munu hita upp fyrir stórsveitina Eagles á tónleikum.

Dominique Strauss-Kahn látinn laus gegn tryggingu í New York:

# Verður að vera í stofufangelsi

**BANDARÍKIN, AP** Dominique Strauss-Kahn var í gær látinn laus gegn tryggingu í New York. Hann sagði af sér á miðvikudag sem framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins vegna ásakana um kynferðisbrot gegn þernu á hóteli í New York.

Hann þarf þó að vera í stofufangelsi í íbúð á Manhattan-eyju og lúta ströngum skilyrðum um eftirlit. Tryggingarféð er ein milljón dala, en það samsvarar nærri 115 milljónum króna.

Stuttu áður en dómari samþykkti að láta hann lausan var formleg ákæra lögð fram á hendur honum af ákærudómstóli.

Í afsagnarbréfi sínu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins neitar Strauss-Kahn öllum ásökunum á hendur sér. Hann segist ætla að verja öllum tíma sínum til þess að sanna sakleysi sitt.

Kröfur Evrópusambandsins og nokkurra Evrópuríkja um að næsti framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verði evrópskur hafa mætt tregðu og jafnvel andstöðu af hálfu Bandaríkjanna, Kína, Brasilíu og fleiri ríkja. **- gb**



**Á LEIÐ Í RÉTTARSALINN** Dominique Strauss-Kahn veifaði til eiginkonu sinnar og dóttur, sem voru í réttarsal í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Grafa hjá Grænuborg:

# Leita fornleifa við Landspítala

**FORNLEIFAR** Fornleifavernd ríkisins hófst í gær handa við að kanna hvort einhverjar fornleifar finnist á byggingarlóð nýja Landspítalans, nánar til tekið á túninu fyrir framan gamla spítalann. Þar stóð býlið Grænaborg í tæpa öld, eða frá því um 1830 þar til Landspítalinn var byggður árið 1928. Fjallað er um málið á vef nýja Landspítalans.

Í gær fannst garður og diskabrot. Ef eitthvað markvert finnst þarf að undirbúa og framkvæma frekari rannsóknir.

Kínversk stjórnvöld:

# Viðurkenna galla í risastíflu

**KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld hafa viðurkennt að mistök hafi átt sér stað við hönnun og byggingu þriggja gljúfra stíflu í Yangtzefljóti.**

**Um er að ræða stærstu vatnsaflsvirkjun heims, en henni hafa fylgt margs konar neikvæðar afleiðingar, bæði umhverfislegar og félagslegar.**

**Í skýrslu sem gefin var út í gær lofa stjórnvöld úrbótum og hafa sett fram áætlun þar sem áhersla er lögð á mengunarvarnir, öryggi og sjálfbærni.**

**Virkjunin kostaði um 2.600 milljarða í byggingu og uppistöðulónið er 660 kílómetra langt. - þj**

Formaður heilbrigðisnefndar:

# Harmar skýrslu um Gráuhnúka

**UMHVERFISMÁL** „Ég harma þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í svona veigamiklu máli,“ segir Kristín Soffía Jónsdóttir, formaður Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, í tilkynningu sem send var út í gær eftir að Fréttablaðið sagði frá harðri gagnrýni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á frummatsskýrslu vegna jarðhitavinnslu við Gráuhnúka. Heilsu íbúa á höfuðborgarsvæðinu er sögð kunna að stafa hætta af brennisteinsvetni frá vinnslunni.



**KRISTÍN SOFFÍA JÓNSDÓTTIR**

„Neikvæð áhrif á umhverfi borgarbúa ber að taka mjög alvarlega og Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ber að tryggja öruggt og heilnæmt umhverfi og það ætlar nefndin að gera,“ segir Kristín. Heilbrigðisnefndin hefur bókað að mikilvægt sé að framkvæmdin verði tekin „til rækilegrar endurskoðunar“. **- gar**

# Skýrslur í salt þegar ölvaðir aka á staura

**Seint gengur hjá gatnadeild borgarinnar að fá upplýsingar um nöfn og tryggingafélög þeirra sem aka á ljósastaura og umferðarljós ef ökumennirnir eru drukknir eða dópaðir. Sumir eru ótryggðir að sögn starfsmanns gatnadeildar.**

**UMFERÐARMÁL** Ökumenn í Reykjavík valda miklu tjóni með því að aka á umferðarljós og ljósastaura. Stundum reynist erfitt og jafnvel ómögulegt fyrir gatnadeild borgarinnar að ná til þeirra.

Dagbjartur Sigurbrandsson hjá gatnadeild segir að þegar ekið sé á eignir borgarinnar og þær skemmdar þá sé óskað eftir því við lögreglu að fá gefið upp bílnúmer og tryggingafélag svo unnt sé að fá tjónið greitt. Það sé ekkert vandamál að fá tjónaskýrslur þegar ökumenn hafi verið allsgáðir.

„En ef menn eru drukknir eða undir öðrum áhrifum og keyra á staur fáum við ekkert um þá og skýrslan er í salti. Það er verið að hlífa þeim sem síst skyldi,“ segir Dagbjartur og útskýrir að borgin fái ekki aðgang að málum þessara manna fyrr en þeim sé lokið. Oft líði langur tími. Á meðan þurfi borgin að bera kostnaðinn.

„Svo kemur fyrir að menn eru tryggingalausir. Það er gríðarlega alvarlegt að menn skuli voga sér að keyra án trygginga,“ segir Dagbjartur sem kveður tryggingar þó bæta slík tjón. Kostnaðurinn sé síðan innheimtur hjá ökumanninum.

Dagbjartur, sem hefur verið yfir fjóra áratugi hjá gatnadeildinni, segist oft hafa komið að þar sem drukknir ökumenn hafi verið á ferð. „Ein kona fór með framendann á bílnum svo langt upp eftir staurnum að bílinn stóð upp á endann. Hún var svo drukkin að hún vissi hvorki hvað hún hét né hvar hún var. En við fengum þó upp úr henni að hún væri að koma af hestamannamóti,“ segir hann og bætir við að stundum reyni menn að stinga af. „Sumir eru reyndar svo kurteisir að þeir skilja bílnúmerið og jafnvel brettið eftir.“



**DAGBJARTUR SIGURBRANDSSON** Gríðarlega alvarlegt að menn vogi sér að aka um á ótryggðum bílum, segir starfsmaður hjá gatnadeild Reykjavíkurborgar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Hún var svo drukkin að hún vissi hvorki hvað hún hét né hvar hún var. En við fengum þó upp úr henni að hún væri að koma af hestamannamóti.
>
> **DAGBJARTUR SIGURBRANDSSON** HJÁ GATNADEILD REYKJAVÍKURBORGAR.

Að sögn Dagbjarts hefur heildartjónið vegna skemmda á staurum ekki verið tekið saman. Hann nefnir nýlegt dæmi af ljósastaur sem ekinn var niður. Reikningurinn þar hljóðaði upp á tæpar 409 þúsund krónur. Og stundum hverfi ljósin hreinlega:

„Fyrir nokkrum árum var keyrður niður staur á mótum Listabrautar og Kringlunnar. Á honum var einn stór haus sem var horfinn og fannst ekki þrátt fyrir eftirgrennslan. Tveimur árum síðar var gerð húsleit vegna fíkniefna. Þá fannst hausinn tengdur inni í einu herberginu. Þar var hann notaður sem diskóljós. Og þetta var stærri gerðin.“ **gar@frettabladid.is**



**HESTAFÓLKI HEILSAÐ** Bretadrottningu var vel tekið á hestabúgarði í Kildare í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Írlandsheimsókn drottningar:

# Lýsti yfir djúpri samúð sinni

**ÍRLAND, AP** Elísabet Bretadrottning sneri sér að léttari málum í Írlandsheimsókn sinni í gær, nefnilega hestum, daginn eftir að hún heimsótti minnismerki um grimmdarverk Breta gegn Írum.

Í ræðu baðst hún ekki afsökunar fyrir hönd Bretlands, en lýsti þess í stað yfir djúpri samúð sinni með þeim sem hafa átt um sárt að binda vegna langvarandi fjandskapar Íra og Breta.

Heimsókninni lýkur í dag, en þetta er fyrsta heimsókn bresks þjóðhöfðingja til Írlands frá því landið sagði skilið við Bretland. **- gb**

Fimm mánaða fangelsi:

# Dómur fyrir árás mildaður

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur mildað dóm yfir karlmanni sem í fyrra hlaut átján mánaða fangelsisdóm í Héraðsdómi Reykjaness fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa, ásamt fjórum öðrum mönnum, ráðist á mann í Vogum á Vatnsleysuströnd og meðal annars kastað honum fram af fjögurra metra háum svölum niður á hellulagða stétt. Maðurinn neitaði því að hafa átt þátt í að kasta manninum fram af svölunum og vegna eindreginnar neitunar og skorts á sönnunargögnum sýknaði Hæstiréttur hann af þeim lið. Dómurinn var því mildaður niður í fimm mánaða fangelsi, þar af eru þrír mánuðir skilorðsbundnir. - sh**


DALA FETA FYRIR ÞÁ SEM GERA KRÖFUR




ms.is


Rangárþing ytra fer að tillögu skólastjóra með stuðningi ráðuneytis og foreldra:

# Skólaárið verður tíu dögum styttra

**FRÆÐSLUMÁL** „Auðvitað er þetta skerðing á þjónustu en ekki svo mikil að fólk telji hana óásættanlega,“ segir Magnús Jóhannsson, formaður fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, um þá ákvörðun að stytta skólaárið í grunnskólum sveitarfélaganna um tíu daga.

Samkvæmt ákvörðuninni verður skólaárið í grunnskólunum á Hellu og á Laugalandi stytt um fimm daga að hausti og fimm daga að vori næstu tvö árin í sparnaðarskyni.

Á síðasta fundi fræðslunefndarinnar kom fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði lýst því viðhorfi í bréfi til skólastjóra Grunnskólans á Hellu að breytingin þyrfti ekki að fara fyrir ráðuneytið.

„Þar kemur einnig fram að ráðuneytið leggur áherslu á að sátt sé innan samfélagsins um breytingarnar og samráð sé haft við skólaráð og skólanefnd og viðhorf hagsmunaaðila í samfélaginu séu könnuð áður en endanleg útfærsla verður valin og að þess sé gætt að daglegt vinnuálag á nemendur verði ekki óhóflegt,“ segir í fundargerð fræðslunefndar. Enn fremur að málið hafi verið rætt í skólaráðum beggja skólanna og á foreldrafundum. „Viðhorf foreldra eru nær undantekningalaust jákvæð.“ **- gar**



**HELLA** Kennsludögum grunnskólanema í Rangárþingi ytra og í Ásahreppi verður fækkað um tíu á ári. Sumarfrí þeirra lengist sem því nemur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

12

Nr. 12: Við ætlum að halda að minnsta kosti tíu fjármálakvöld fyrir 1. júní.

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU

# Við héldum fjármálakvöld fyrir almenning

**Landsbankinn hefur haldið** tíu fjármálakvöld fyrir almenning frá því í janúar á þessu ári en markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin. Fjöldi manns sótti námskeiðin sem haldin voru í útibúum bankans um land allt.



*Sigurður B. Stefánsson hjá Eignastýringu Landsbankans fjallaði um sparnað á ýmsum æviskeiðum.*

*Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.*

### Réttindi lífeyrisþega

Námskeið um réttindi lífeyrisþega voru haldin í samvinnu við Tryggingastofnun. Þar var farið yfir helstu breytingar á réttindum og greiðslum lífeyrisþega, m.a. hvað hefur áhrif á útreikning grunnlífeyris og tekjutryggingu og hvaða áhrif fjármagnstekjur hafa á réttindi hjá Tryggingastofnun.

### Sparnaður alla ævi

Nokkur fjármálakvöld voru helguð fræðslu um það hvernig best er að haga sparnaði á ólíkum skeiðum ævinnar. Sérfræðingar bankans fjölluðu um uppbyggingu eigna, eðlilega skiptingu milli lífeyrissparnaðar og frjáls sparnaðar og loks áhrif hagvaxtar og stýrivaxta. Fjármálanámskeið okkar undir yfirskriftinni Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld hafa verið haldin frá 2006. Markmið þeirra er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin. Næsta röð fjármálakvölda á vegum bankans verða kynnt í september.



*Í gær var haldið fjármálanámskeið fyrir almenning á Selfossi.*

### Tólfta loforðið

Að halda fjármálakvöld er tólfta loforðið sem við efnum á aðgerðalista okkar.

Fjármálakvöldin voru að þessu sinni haldin í Reykjavík, Kópavogi, á Akureyri, á Höfn á Hornafirði og á Selfossi. Hægt er að kynna sér aðgerðalista bankans á vef okkar. Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

NBIHF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 19.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,82 | 115,36 |
| Sterlingspund | 185,83 | 186,73 |
| Evra | 163,91 | 164,83 |
| Dönsk króna | 21,977 | 22,105 |
| Norsk króna | 20,790 | 20,912 |
| Sænsk króna | 18,272 | 18,380 |
| Japanskt jen | 1,4014 | 1,4096 |
| SDR | 182,63 | 183,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 219,203

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skógræktarfélag Íslands hefur samið við Arion banka um stuðning við Opna skóga og fræðslu um skógrækt:

# Tólfti skógurinn verður opnaður í sumar

**SKÓGRÆKT** Skógræktarfélag Íslands hefur gert samstarfssamning við Arion banka um verkefnið Opinn skóg, auk útgáfu og kynningu á skógræktarsvæðum á Íslandi. Skrifað var undir samninginn, sem er til þriggja ára, síðdegis í gær.

Markmið samningsins er sagt vera að styrkja skógræktarstarf hér á landi og miðla og kynna almenningi alhliða upplýsingar um tré og skóg. Liður í samningnum er útgáfa bæklings með upplýsingum um 50 skógarreiti víðs vegar um landið, en honum er ætlað að kynna ferðamönnum á leið um landið skógana og hvetja þá til að staldra við í þeim.

Fram kemur í tilkynningu Skógræktarfélagsins að með verkefninu Opinn skógur hafi ellefu svæði verið opnuð og það tólfta verði opnað í sumar að Fossá í Hvalfirði. „Með samkomulaginu verður tryggð endurnýjun og viðhald eldri svæða Opinna skóga og unnið að því að opna ný svæði og gera þau að fyrirmyndar útivistar- og áningarstöðum,“ segir þar. **- óká**






**VEITT Í ELLIÐAÁM** Óleyfilegt er að vera með hund á laxveiðitímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hættur af hundahaldi:

## Hundar skulu vera í taumi

**DÝRAHALD** Hundaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur minnir á að hundar skulu án undantekninga vera í taumi á borgarlandinu. Talsvert er kvartað yfir að hundaeigendur fari ekki eftir þessum reglum.

Hundaeftirlitið vill eins minna á að bannað er að vera með hunda á ylströndinni í Nauthólsvík, á hólmunum í Elliðaárdal og við bakka Elliðaánna um laxveiðitímann.

Heimilt er aftur á móti að sleppa hundum lausum á Geirsnefi, í Geldinganesi og á auðum svæðum fjarri íbúðabyggð og innan hundaheldra girðinga í umsjá ábyrgs aðila. **- shá**

### SERBÍA

**ESB vill framfarir**

Evrópusambandið segir að Serbía verði að hraða umbótum og herða leitina að grunuðum stríðsglæpamönnum, vilji Serbar geta hafið aðildarferli á þessu ári.

### AKUREYRI

**Vínbúðarmáli aftur frestað**

Skipulagsnefnd Akureyrar frestaði á fundi sínum á miðvikudag að taka afstöðu til umdeildrar breytingar á deiliskipulagi sem gerir ÁTVR kleift að byggja við vínbúð sína á Hólabraut. Íbúar í kring mótmæla harðlega og afgreiðslu málsins hefur áður verið frestað.

# Fara í herferð gegn munntóbaksnotkun

**Skautafélagið Björninn ræðst í átak gegn munntóbaksnotkun. Bannar tóbaksnotkun iðkenda og áhorfenda í Egilshöll. Treystir því að leikmenn meistaraflokks átti sig á hlutverki sínu sem fyrirmyndir yngri kynslóða félagsins.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Stjórn Skautafélagsins Bjarnarins í Reykjavík hefur afráðið að fara í átak gegn munntóbaksnotkun á æfingum og leikjum hjá félaginu. Kannanir og sölutölur ÁTVR sýna að munntóbaksnotkun hefur verið í mikilli sókn og ekki síst meðal íþróttaiðkenda.

Stefán Örn Þórisson, stjórnarmeðlimur í íshokkídeild Bjarnarins, segir að fyrst og fremst sé hugsað um forvarnagildi þessara aðgerða. Ungir iðkendur innan raða Bjarnarins, bæði í íshokkíi og listdansi, skipti hundruðum.



**STEFÁN ÖRN ÞÓRISSON**

„Við höfum rætt þessi mál mikið að undanförnu, en nú er kominn tími til að láta verkin tala.“

Stefán segir að á næstu dögum verði send út skilaboð til iðkenda félagsins og annarra liða um að tóbaksnotkun verði bönnuð á heimavelli Bjarnarins í Egilshöll. Gildir bannið jafnt um iðkendur sem og áhorfendur, en Stefán segir að fólki verði vísað frá hafi það tóbak í vörinni.

Stefán tekur fram að hann telji ekki að notkun sé meiri en minni hjá leikmönnum Bjarnarins en öðrum liðum.

„Þetta er hins vegar afar hvimleiður ósiður hjá mörgum og það er mikill misskilningur í gangi um að þetta sé eitthvað skárra en annars konar tóbaksnotkun.“



**ÓSIÐUR** Skautafélagið Björninn hyggst skera upp herör gegn munntóbaksnotkun í tengslum við íshokkíiðkun. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

> Það er mikill misskilningur í gangi um að þetta sé eitthvað skárra en annars konar tóbaksnotkun.
>
> **STEFÁN ÖRN ÞÓRISSON** STJÓRNARMAÐUR Í BIRNINUM

Með þessu átaki vill stjórn Bjarnarins leggja sitt af mörkum fyrir yngri iðkendur, enda þurfi ekki að fjölyrða um hversu sterkar fyrirmyndir meistaraflokksmenn eru fyrir krakkana.

„Við erum með öflugt barna- og unglingastarf sem við erum að hlúa að og þetta átak er hluti af því. Þátttaka í íþróttafélögum er hluti af uppeldi barna og unglinga og mér finnst við ekki geta skilað af okkur kröfkum án þess að okkar boðskapur í þessum málum hafi komið skýrt fram,“ segir Stefán sem bætir þó við því að hann búist fastlega við því að átakið muni mæta einhverri mótspyrnu.

„Þetta verður mögulega umdeilt, en ég ber fullt traust til okkar leikmanna að þeir hafi þroska til að átta sig á þýðingu málsins og vinni með okkur að þessu marki. Endaniðurstaðan er engu að síður sú að tóbaksnotkun er ekki leyfileg í okkar húsi.“ **thorgils@frettabladid.is**

Háskólasjóður Eimskips:

## Styrkir veittir doktorsnemum

**MENNTUN** Samtals 60 milljónir voru veittar fimmtán doktorsnemum við Háskóla Íslands í gær úr Háskólasjóði h/f Eimskipafélags Íslands. Úthlutunin fór fram í Hátíðarsal aðalbyggingar háskólans.

Verkefni doktorsnemanna eru fjölbreytt og má þar nefna rannsókn á næringu ungbarna fyrstu mánuði ævinnar, athugun á ragnarökum í norrænni goðafræði og úttekt á eðli og áhrifum óblíðra náttúruafla á mannlegt samfélag.

Sex styrkþeganna koma að utan til doktorsnáms hér á landi. **- mþl**

Framkvæmdanefnd ESB:

## Bann við plastpokum rætt

**BRUSSEL Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ESB, ræðir nú hvað eigi að gera til þess að draga úr mengun vegna innkaupapoka úr plasti. Meðal þess sem lagt hefur verið til er bann við plastpokunum. Samkvæmt framkvæmdastjórninni fljóta um 500 tonn af plastpokum í Miðjarðarhafinu. Hver Evrópubúi notar að meðaltali 500 plastpoka á ári og flestir nota þá aðeins einu sinni.**

**Ræða á alla möguleika til þess að draga úr notkun plastpokanna sem sagðir eru menga umhverfið í áratugi. Taka á ákvörðun í málinu í ágúst næstkomandi.** **- ibs**

### ÖLFUS

**Eitt lag í lagasamkeppni**

Aðeins eitt lag barst í samkeppni um Hafnardagalag 2011 í Ölfusi. Bæjaryfirvöld ætla að ræða við höfundinn um áframhaldandi vinnslu á laginu.




## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARKULDI**

Ekki ætti að loka vetrarflíkurnar inni alveg strax því það verður kalt um helgina. Talsverður vindur verður um mest allt land í dag en hægir til morgundagsins. Hiti um frostmark N-lands um helgina en 2-8 stig S-lands. Næturfrost um allt land.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 23° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 14° |
| París | 21° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is




BBQ Svínarif
*2 tegundir*

Ribeye
*úr framhrygg*

Entrecote
*úr spjaldhrygg*

*tómatur -túmatur þitt er valið*



Zebra tómatar · Gulir plómutómatar · Svartir tómatar · Grænir tómatar · Gulir perlutómatar · Rauðir perlutómatar

Plómutómatar á grein · Fjólubláir plómutómatar · Bleikir tómatar · Gulir cherry tómatar · Gulir dropatómatar · Brúnir tómatar · Rauðir dropatómatar

*úrval af Smucker's á ísinn*






**Sloppy Joe**
- in the house

**Ben&Jerry´s ís**
– margar tegundir

**Joy ísform**
– vöfflu- og brauðform

**M&M**
– með dökku súkkulaði

**Súkkulaðibolla**
– með súkkulaðifyllingu



**Skornir ávextir**
– frábært sem millimál

**Eggo vöfflur**
– í brauðristina

**Aunt Jemima síróp**
– ekta amerískt á vöffluna

**Gatorade**
– orkudrykkur

**Hershey´s kossar**
– venjulegir & m/möndlum

**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 22. maí á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér ásættanlegt að heræfingar séu haldnar hér á landi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 57,8% |
| NEI | 42,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Hefur þú fundið brennisteinslykt frá Hellisheiðarvirkjun hér á höfuðborgarsvæðinu?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir börn notuð til að berjast fyrir hagsmunum tannlækna:

# Styður ekki ríkisvæðingu tannlækninga

**ALÞINGI** „Ég er orðinn þreyttur á því þegar menn nota börn endalaust til þess að berjast fyrir hagsmunum og kjarabaráttu einstakra starfsstétta," sagði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra á Alþingi í gær. Hann sagðist ekki stuðningsmaður þess að ríkisvæða tannlæknaþjónustu.

Með þessu svaraði Guðbjartur athugasemdum Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sem sagði það bjóða heim hættu á einelti að senda börn efnaminni foreldra til höfuðborgarinnar til að fá tannlæknaþjónustu.

Tannlæknadeild Háskóla Íslands sér börnum efnaminni foreldra nú fyrir tannlæknaþjónustu. Því þurfa ungmenni utan höfuðborgarsvæðisins að ferðast til Reykjavíkur til að fara til tannlæknis.

Þetta sagði Þorgerður Katrín hættulegt þar sem það bjóði heim einelti í skólum. Hún spurði hvers vegna hafi ekki verið samið við tannlækna um að taka að sér þessa þjónustu gegn greiðslu.

Guðbjartur sagði það engin ný tíðindi að samningar við tannlækna hafi ekki náðst, en viðurkenndi að óæskilegt væri að börn þyrftu að ferðast til Reykjavíkur til að komast til tannlæknis. Hann sagðist jafnframt ætla að berjast af fullum krafti fyrir því að samningar takist við tannlækna. **- bj**



**BARÐI Í BORÐIÐ** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra barði í ræðupúlt Alþingis þegar hann mótmælti fullyrðingum þingmanns Sjálfstæðisflokks. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA










# Obama styður kröfur Palestínumanna

**Bandaríkjaforseti hvetur Ísraela til að fallast á landamæri Palestínu frá 1967, en styður hins vegar ekki einhliða stofnun Palestínuríkis í haust. Hann telur sættir Fatah og Hamas torvelda friðarviðræður Palestínumanna og Ísraela.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti styður kröfu Palestínumanna um að væntanlegt ríki þeirra miðist við landamærin eins og þau voru árið 1967, áður en Ísraelar hertóku Vesturbakkann og Gasasvæðið. Þetta kom fram í ræðu hans um málefni Mið-Austurlanda í gær.

Þetta er stefnubreyting af hálfu Bandaríkjanna, því síðan 2004 hafa þau haft þá afstöðu að kröfu Palestínumanna um landamærin frá 1967 þurfi að laga að kröfu Ísraela um að öryggi þeirra verði tryggt.

Bandaríkin hafa því til þessa í reynd verið á bandi Ísraela, sem vilja semja við Palestínumenn um endanlega legu landamæranna en ekki ganga út frá því fyrirfram að miða eigi við landamærin frá 1967.

Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, brást við með því að ítreka þá afstöðu Ísraela, að landamærin frá 1967 séu óverjanleg. Ísraelar gætu ekki varið sig gegn árásum, verði þau landamæri notuð.

Palestínumenn hafa í reynd gefist upp á viðræðum við Ísraela og fara nú fram á alþjóðlegan stuðning við einhliða stofnun Palestínuríkis í haust.

Obama sagðist í ræðu sinni hins vegar ekki styðja þau áform, sem gætu aldrei orðið annað en táknræn: „Táknrænar aðgerðir, sem þjóna þeim tilgangi að einangra Ísrael á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í september, verða ekki til þess að sjálfstætt ríki verði til."

Hann sagðist einnig líta svo á að sættir tveggja helstu fylkinga Palestínumanna, Fatah og Hamas, muni torvelda friðarviðræður við Ísraela.

Ísraelar hafa væntanlega einnig orðið fyrir vonbrigðum með að Obama notaði ekki tækifærið til þess að fordæma Íran harðlega í ræðu sinni.

Hann sakaði Írana hins vegar um hræsni og ítrekaði andstöðu Bandaríkjanna við kjarnorkuvopnaáform Írans og stuðning Írana við hryðjuverkasamtök. Annars eyddi hann ekki mörgum orðum á Írani, lét nægja að segja afstöðu sína vel þekkta og dró ekki upp þá mynd af Íran, sem forveri hans í embætti gerði stundum, að Íran væri ljótasti skúrkurinn í Mið-Austurlöndum.

Þess í stað varði hann töluverðum tíma í að hvetja stjórnvöld í Barein og á Sýrlandi til þess að hætta að beita ofbeldi til að kæfa niður mótmæli. **gudsteinn@frettabladid.is**



**BARACK OBAMA OG HILLARY CLINTON** Bandaríkjaforseti mætti utanríkisráðherra sínum þegar hann gekk í ræðustól í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hljóðupptaka með Osama bin Laden birt í gær á vefsíðum herskárra múslima:

# Hreifst af mótmælum araba

**EGYPTALAND, AP** „Vindar breytinga munu breiðast út um allan hinn íslamska heim, ef guð lofar," sagði Osama bin Laden nokkru áður en bandarískir sérsveitarmenn réðust til inngöngu í felustað hans í Pakistan og skutu hann til bana.

Þetta kemur fram á hljóðupptöku sem birt var á vefsíðum herskárra múslima í gær.

Á upptökunni reynir hann að koma þeim boðskap til skila, að hann styðji ólguna í arabaheiminum síðustu mánuði. Hann minnist sérstaklega á uppreisnina í Túnis og Egyptalandi, en minnist ekki á ólguna í Sýrlandi, Líbíu og víðar, sem gæti bent til þess að upptakan hafi verið gerð fyrir allnokkrum vikum.

Ólgan í arabaheiminum er engu að síður mjög frábrugðin þeim herskáa strangtrúarboðskap sem bin Laden hefur talað fyrir. Mótmælendur hafa undantekningarlítið komið boðskap sínum á framfæri með friðsamlegum hætti. **- gb**



**OSAMA BIN LADEN** Reynir að sýnast þátttakandi í mótmælum almennings í ríkjum Norður-Afríku og Mið-Austurlanda. NORDICPHOTOS/AFP

# NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

# iPhone 4

Stundum eru orð of fátækleg til að lýsa upplifuninni.



**3.000 kr. símnotkun á mánuði í 12 mán. fylgir iPhone 4 hjá Nova!**

**7.990 kr./18 mán.**

**iPhone 4 16 GB**

**3.000 kr. notkun á mán. í 12 mánuði fylgir!**

**129.990 kr. stgr.**

DAGUR & STEINI

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

3.000 kr. símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## VEISTU SVARIÐ?



**1** *Sextíu kíló af hvaða sjaldséða fíkniefni voru gerð upptæk nýlega?*

**2** *Hvaða leiðtoga hitti Össur Skarphéðinssson á fundi í Washington í fyrradag?*

**3** *Hvaða lið fagnaði sigri í Evrópudeildinni í knattspyrnu á miðvikudagskvöld?*

**SVÖR**

**1.** *Khati* **2.** *Hillary Clinton* **3.** *Porto*

Frumvörp stjórnvalda um breytingar á stjórnun fiskveiða lögð fram á Alþingi:

# Kerfisbreyting bíður haustsins

**ALÞINGI** Tvö frumvörp ríkisstjórnarinnar um breytingar á stjórnun fiskveiða voru lögð fram á Alþingi í gær. Aðeins er stefnt á að afgreiða minna frumvarpið áður en þingmenn fara í sumarfrí.

Frumvarp sem snýr að viðamikilli kerfisbreytingu á stjórnun fiskveiða verður ekki að lögum fyrir sumarfrí þingmanna. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að stefnt væri á að það yrði að lögum á haustþingi eða í september. Það frumvarp sem stefnt er á að afgreiða á yfirstandandi þingi snýr að strandveiðum og byggðakvóta.



BJARNI BENEDIKTSSON



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

„Við þurfum ekki á því að halda að fjölga þeim sem sækja sjóinn, heldur hámarka afrakstur af fiskveiðunum,“ sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gær. Hann gagnrýndi þar stjórnvöld harðlega fyrir að leggja frumvörpin ekki fyrr fram á þingi.

Bjarni benti á að Jóhönnu virðist hafa snúist algerlega hugur þegar komi að stjórnun fiskveiða. Nú vilji hún takmarka framsal, banna veðsetningu og auka völd ráðherra, þvert á það sem hún hafi sjálf talað fyrir á þingi árið 1990. **- bj**

Tölvuþrjótar herja á Apple:

# Blekkja notendur með forriti

**TÆKNI** Hundruð eigenda Apple-tölva hafa leitað sér hjálpar til að losna við forrit úr tölvum sínum sem kynnt var sem vírusvarnarforrit. Notendurnir hlóðu niður forritum sem kallast MACDefender eða Mac Security. Forritin opna glugga með klámfengnum myndum, notendum til mikils ama, að því er fram kemur í frétt BBC.

Forritin gefa til kynna að vírus valdi því að myndirnar birtist. Forritin rukka því næst tölvueigendur um vírusvörn sem á að hreinsa tölvuna. **- bj**

FASTUS

Getur þú bjargað mannslífi?



Sjálfvirk hjartastuðtæki, örugg og einföld í notkun með íslensku tali.

Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

# Reynt að girða fyrir spillingu þingmanna

**Stjórnlagaráð leggur til að í stjórnarskrá verði reynt að koma í veg fyrir spillingu á Alþingi með því að lögfesta hagsmunaskráningu og banna þingmönnum að greiða atkvæði um mál sem þeir tengjast. Nefnd fari yfir störf þingsins.**

**STJÓRNARSKRÁ** Alþingismönnum verður gert óheimilt að taka þátt í afgreiðslu mála sem varða sérstaka og verulega hagsmuni þeirra eða einhverra þeim nákomnum, ef tillögur stjórnlagaráðs ná fram að ganga.

Tillagan er meðal nokkurra sem kynntar voru á níunda fundi ráðsins í gær. Fleiri nýmæli eru í tillögum svokallaðrar B-nefndar ráðsins, sem fjalla um störf Alþingis.

Í þeim er meðal annars kveðið á um að þingmönnum og ráðherrum verði gert skylt með lögum að skrá fjárhagslega hagsmuni sína og jafnframt að mönnum verði gert óheimilt að sinna öðrum störfum samhliða ráðherraembætti. Áður hafði verið lögð fram til kynningar tillaga um að ráðherrar þyrftu að víkja af þingi.

Þá var lagt til á fundinum í gær að víkka út stjórnarskrárákvæði um heimild Alþingis til að skipa rannsóknarnefndir. Þær þurfi ekki lengur að vera skipaðar alþingismönnum eins og verið hefur, þótt rannsóknarnefndir utanþingsfólks hafi verið skipaðar með sérstökum lögum.

Enn fremur er gerð tillaga um sérstaka eftirlits- og stjórnskipunarnefnd Alþingis, sem muni geta kannað hvers kyns athafnir og ákvarðanir ráðherra. Samkvæmt tillögunni verður nefndinni gert skylt að hefja rannsókn að kröfu þriðjungs þingmanna. Nefndin á sér fyrirmyndir á hinum Norðurlöndunum, einkum í Noregi, að sögn Vilhjálms Þorsteinssonar, varaformanns B-nefndar.

Ein tillagan snýst um að þingmál falli ekki niður við lok hvers þings, heldur við lok kjörtímabils. Það kæmi í veg fyrir að mál sem ekki hljóta afgreiðslu þurfi að leggja fram á nýjan leik á nýju þingi og er einkum hugsað sem vernd fyrir þingmannafrumvörp, sem gjarnan mæta afgangi.

Loks er lagt til að eftir að þing er rofið verði að lágmarki sex vikur að líða fram að kosningum, til að nýjum framboðum gefist færi á að undirbúa sig. Nú er aðeins kveðið á um að ekki megi líða meira en 45 dagar frá þingrofi til kosninga.

Tillögurnar voru lagðar fram til kynningar og afgreiðslu inn í áfangaskjal að nýrri stjórnarskrá. **stigur@frettabladid.is**



**NÍUNDI FUNDURINN** Töluverðar umræður spunnust um tillögurnar á fundi stjórnlagaráðs í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hæstiréttur dæmi um ráðherraábyrgð

Endurskoðaðar tillögur að kafla um dómstóla voru einnig lagðar fram í ráðinu í gær. Þar ber helst til tíðinda að lagt er til að það verði Hæstiréttur sem skeri úr um ráðherraábyrgð, en það er nú í höndum landsdóms.

Hins vegar segir í tillögunni að Hæstiréttur skuli í þeim tilfellum skipaður sjö hæstaréttardómurum auk átta þingkjörinna fulltrúa, sem ekki endilega þurfi að uppfylla starfshæfisskilyrði dómara.

Aðalfundur ÍFR 2011

Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 28. maí 2011 kl. 14.00 í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

Stjórnin

Vorsýning Iðnskólans í Hafnarfirði

Opin 21. maí–29. maí kl. 13.00–16.00



Iðnskólinn í Hafnarfirði, frábær námskostur, komdu og skoðaðu

Fjölbreytt nemendaverk

Innritun stendur yfir

www.idnskolinn.is
Flatahrauni 12
220 Hafnarfjörður

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

vísir

Hafrannsóknastofnunin mældi 550 þúsund tonn af síld í lögsögunni:

# Síldin seinni á ferðinni en í fyrra

**SJÁVARÚTVEGUR** Minna af norsk-íslenskri síld er gengin inn á íslenskt hafsvæði en á sama tíma í fyrra. Líkleg skýring þessa er einfaldlega talin sú að síldin sé seinna á ferðinni en undanfarin ár.

Þetta er niðurstaða Hafrannsóknastofnunarinnar en rannsóknaskipið Árni Friðriksson er nýkomið úr 24 daga leiðangri við að kanna útbreiðslu og magn kolmunna og norsk-íslenskrar síldar fyrir vestan, sunnan og austan land. Leiðangurinn er hluti af sameiginlegri leit og bergmálsmælingum Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga, Rússa og Evrópusambandsins á útbreiðslusvæði þessara stofna.

Alls mældust nú um 550 þúsund tonn norsk-íslenskrar síldar innan íslensku landhelginnar í samanburði við eina til 1,4 milljónir tonna árin þrjú á undan. Auk þess sem talið er að síldin sé seinna á ferðinni er horft til þess að elstu og stærstu síldinni, sem er að miklu leyti úr stórum árgöngum frá 1998 til 2000, fer fækkandi í stofninum. Þessi síld leitaði hingað undanfarin ár í fæðuleit og var að öllu jöfnu fremst í göngunum.



**ÁRNI FRIÐRIKSSON** Mælingar Hafró sýna að síldin er seinna á ferðinni en undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alþjóðahafrannsóknarráðið metur hrygningarstofn norsk-íslenskrar síldar nú vera níu milljónir tonna og er aflamark Íslendinga rúm 143 þúsund tonn fyrir árið 2011. **- shá**

**SKÝRR kynnir:**

# ÓPUSallt 2011

## Það er allt mikið betra við nýtt ÓPUSallt

ÓPUSallt er alíslensk og öflug viðskiptalausn sem Skýrr er sölu- og þjónustuaðili fyrir. Kerfið hefur verið á markaði og í stöðugri þróun síðan 1983 og er í notkun hjá um 400 viðskiptavinum okkar um allt land. Kerfið uppfyllir þarfir kröfuharðra viðskiptavina og er í senn sveigjanlegt, öruggt og hagkvæm lausn.

SKÝRR ÓPUSallt VIÐSKIPTALAUSN

ÓPUSallt er fyrsta viðskiptalausnin hérlendis sem nýtir sér alfarið .NET tæknina. Nýverið kom út ný útgáfa af ÓPUSallt sem hefur fengið nafnið ÓPUSallt 2011. Í henni er að finna fjölmargar nýjungar og betrumbætur fyrir viðskiptavini okkar.

***Helstu nýjungar í útgáfunni eru:***

- Rafrænar gagnasendingar (tenging við Kröfupott Sambankalausnar, sending launamiða til RSK)
- Sending reikninga í Skeytamiðlara Skýrr
- Aðgerðavakar (sveigjanleg vakt yfir gögnum og viðskiptareglum)
- Síðari hluti í stuðningi við víddir (deild, verkefni, málefni)
- Tengingar við sölukerfi frá ytri kerfum (handtölvur og vefkerfi)
- Breytt notkun valmynda, hlutverkaskipt valmynd

***Sérstaða ÓPUSallt:***

- Sveigjanleiki og öflugir samþættingarmöguleikar (.NET)
- Ráðgjafar með mikla reynslu, hátt þjónustustig
- Einfalt og notendavænt íslenskt viðmót
- Tenging við Skeytamiðlara Skýrr (rafrænir reikningar)
- Öflugar handtölvutengingar
- Hægt að leigja kerfið gegn föstu mánaðargjaldi
- Hagkvæmur kostur m.t.t. þjónustu- og uppfærslugjalda

### *Frumsýning á ÓPUSallt 2011*

Föstudaginn 20. maí heldur Skýrr magnað útgáfupartý frá kl. 17-20 fyrir viðskiptavini í tilefni af útgáfu ÓPUSallt 2011. Gleðin verður haldin í húsnæði Skýrr að Ármúla 2.

Í útgáfupartýinu verða kynntar ýmsar nýjungar í ÓPUSallt 2011 og tengdum lausnum. Aðalatriðið er að sýna sig og sjá aðra; lyfta sér upp á fallegum vordegi í skemmtilegum félagsskap. Allir notendur ÓPUSallt í landinu eru hvattir til að líta við!

Sendu tölvupóst á skyrr@skyrr.is og láttu okkur vita hvort þú kemst.

### *Útgáfupartý föstudaginn 20. maí*

- Léttar veitingar í föstu og fljótandi formi
- Ítalskt þema í mat og drykk
- DJ Heimaey heldur uppi stuði fram á kvöld
- Forstjóri Skýrr og forstöðumenn með uppistand
- Forritarar og ráðgjafar sýna öll nýju trixin
- Sparnaðarráð og hagræðingarkostir
- Sjóðheita uppistandsstjarnan **Björn Bragi** á Mónitor treður upp



569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*



**OFURHETJAN Í ARGENTÍNU** Í borginni Argentínu hefur Menganno nokkur, íklæddur ofurhetjubúningi, farið undanfarið ár reglulega í eftirlitsferðir um hverfið sitt á vélhjóli til að efla samstöðu íbúanna. NORDICPHOTOS/AFP

ESB setur nýjar reglur um styrki innan sambandsins:

# Meira svigrúm veitt í héraði

**EVRÓPUMÁL** Samkvæmt nýjum tillögum innan framkvæmdastjórnar ESB verður sveitarfélögum, borgum og héruðum innan sambandsins auðveldað að styrkja og niðurgreiða verkefni í heimabyggðinni. Styrkir til minni verkefna, svo sem byggingar sundlauga, verða þá ekki litnir sömu augum og ríkisstyrkir.

„Mér sýnist augljóst að sum þessara verkefna hafi lítil áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og lítil efni til að skekkja samkeppni,“ segir Joaquín Almunia, framkvæmdastjóri samkeppnismála hjá ESB.

Þessi breyting ætti að leiða til talsvert minni afskipta samkeppniseftirlitsins í Brussel (eða Eftirlitsstofnunar ESA) af daglegum rekstri sveitarfélaga í aðildarríkjunum. Með þessu dregur úr kröfunni um að minni verkefni séu boðin út á öllu efnahagssvæðinu.

Samkvæmt frétt Euractiv telur starfsfólk framkvæmdastjórnar ESB að betur fari á því að um þessi mál sé vélað á neðri stjórnsýslustigum. Hún vilji fremur einbeita sér að veigameiri samkeppnismálum. Samkeppnisreglur ESB gilda innan EES. Breytingin hefði því bein áhrif á Íslandi. - kóþ



**JOAQUÍN ALMUNIA** Vill að samkeppnisyfirvöld í Brussel haldi afskiptum sínum af minni verkefnum í sveitarstjórnum og borgum „í algjöru lágmarki“ og einbeiti sér að samkeppnismálum sem hafa bein áhrif á sameiginlega markaðinn. NORDICPHOTOS/AP

Jarðskjálftarnir hafa áhrif:

# Einkaneysla í Japan minnkar

**JAPAN Landsframleiðsla í Japan á fyrsta ársfjórðungi þessa árs dróst saman um 3,7 prósent á milli fjórðunga, að því er fram kemur í umfjöllun IFS Greiningar í gær. Þar segir að svo virðist sem örvunaraðgerðir stjórnvalda í Japan hafi haft takmörkuð áhrif.**

**„Fáir höfðu búist við svo miklum samdrætti í kjölfar jarðskjálftanna en sérfræðingar höfðu reiknað með 1,9 prósenta samdrætti,“ segir í morgunpósti IFS.** - óká


HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

FYRIRLESTRARÖÐ Á ALDARAFMÆLI HÁSKÓLA ÍSLANDS



LANGLÍFI OG LITNINGAENDAR
Telomeres and Telomerase: How do they Affect Human Health and Disease?

**Dr. Elizabeth Blackburn**, nóbelsverðlaunahafi í líf- og læknavísindum, forseti bandarísku krabbameinssamtakanna og prófessor í líffræði og lífeðlisfræði við Háskólann í Kaliforníu, San Francisco, flytur erindi í röð öndvegisfyrirlestra á aldarafmæli Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn fer fram í Hátíðasal Háskóla Íslands, Aðalbyggingu, **laugardaginn 21. maí kl. 14.**

Allir velkomnir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 111278




**ALLT Í JÁRNUM** Saleh forseti situr enn sem fastast í Jemen og nú hefur fulltrúi Persaflóaríkja gefist upp á að reyna að miðla málum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tafir á stjórnarskiptum í arabaríkinu Jemen:

# Sáttasemjarinn gafst upp og yfirgaf landið

**JEMEN, AP** Fulltrúi ríkja við Persaflóa, sem reynt hefur að sætta stjórn og stjórnarandstöðu í Jemen að undanförnu, gafst upp á dögunum og hefur yfirgefið landið.

Eftir langvarandi mótmæli í landinu fagnaði stjórnarandstaðan innilega þegar Ali Abdúlla Saleh forseti samþykkti, í síðasta mánuði, að draga sig í hlé eftir rúm þrjátíu ár á valdastóli í skiptum fyrir friðhelgi.

Síðan þá hafa málin verið í upplausn og Saleh neitar að víkja fyrr en öllum mótmælum verði hætt í landinu.

Fulltrúi Persaflóaríkjanna, Bareininn Abdul-Latif al-Zayyani, kom því til landsins fyrir stuttu í þeim tilgangi að ná sáttum milli aðila. Saleh og stjórnarandstaðan gerðu hins vegar sífellt fleiri kröfur hvort úr sinni áttinni þannig að al-Zayyani gafst að lokum upp á miðvikudag og hélt til síns heima.

Bandaríkin tóku óvænt skref á miðvikudag þegar aðstoðarmaður Baracks Obama forseta hvatti Saleh til að ganga að samningnum sem Persaflóaríkin buðu.

Er þar um stefnubreytingu að ræða því að Bandaríkin hafa litið á Saleh sem mikilvægan samherja í baráttunni gegn hryðjuverkum. - þj


Auglýsingasími
512 50 50




Allt sem þú þarft...



nettó
Kræsingar & kostakjör

Áfram

Bók þessi heitir á frummálinu **Moving On**, en höfundur ritar hana á ensku eins og aðrar bækur sem út hafa komið eftir hann. Á íslensku hafa komið út bækurnar: **Bókin Um Hamingjuna, Að lifa er list, Erindi við þig, Leitað að guði** og **Það sem skiptir máli** sem kom út fyrir jólin.

*Þýðendur: Þorgrímur Gestsson og Björg Þorgrímsdóttir*




1.998kr

Höfundur áritar bók sína í Nettó Mjódd í dag, föstudag frá kl. 16-18

Strandsiglingar teknar upp:

## Tímasetning ekki ákveðin

**ALÞINGI** Stjórnvöld hafa ákveðið að taka upp strandsiglingar með vörur milli landshluta að nýju í tilraunaskyni. Fram kom í máli Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra á Alþingi í gær að ekki hefði enn verið ákveðið hvenær af því yrði.

Í svari sínu við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns utan flokka, sagði Ögmundur þverpólitískan vilja til að koma á strandsiglingum við Íslandsstrendur að nýju þó að dagsetningar lægju ekki fyrir. - bj

Auglýst eftir framlögum í samevrópska auglýsingakeppni:

# Evrópubúar sameinist gegn kynbundnu ofbeldi

**JAFNRÉTTISMÁL** Auglýst er eftir framlögum þessa dagana í samevrópska auglýsingakeppni sem miðar að því að uppræta hvers kyns ofbeldi gegn konum. Í fyrstu verðlaun eru fimm þúsund evrur sem jafngilda 824 þúsund krónum. Að keppninni stendur UNRIC, Upplýsingaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna (SÞ) fyrir Vestur-Evrópu, í samvinnu við jafnréttisstofnun SÞ en skilafrestur í hana rennur út 31. maí.

Á síðasta ári héldu SÞ sams konar keppni gegn fátækt en þá bar Íslendingurinn Stefán Einarsson, hönnunarstjóri hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu, sigur úr býtum. Stefán er meðlimur í dómnefnd að þessu sinni.

„Það var skemmtilegt fyrir mig sem Íslending, þegar Stefán vann sams konar keppni í fyrra og ég sé enga ástæðu til að íslenskir hönnuðir láti ekki til sín taka að þessu sinni. Það er enn tæpur hálfur mánuður til stefnu og það hafa aldrei þótt rök á Íslandi að lítill tími sé til stefnu!“ segir Árni Snævarr, upplýsingafulltrúi hjá SÞ, um keppnina.

Rúmlega tvö þúsund framlög bárust í keppnina í fyrra og þegar hafa borist rúmlega átta hundruð auglýsingar frá 37 ríkjum í ár.

Þátttökurétt hafa allir Evrópubúar en tilkynnt verður um sigurvegara 25. nóvember á Alþjóðlegum baráttudegi til upprætingar ofbeldis gegn konum. - mþl




**NEI VIÐ OFBELDI** Skilafrestur í keppnina rennur út 31. maí næstkomandi.



**ELDHRESS** Robert Mugabe segir rangt að hann sé orðinn heilsuveill. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti Simbabve:

## Segist vera við hestaheilsu

**SIMBABVE, AP** Robert Mugabe, forseti Simbabve, blæs á sögusagnir þess efnis að heilsu hans fari hrakandi.

Hinn 87 ára harðstjóri segist þvert á móti vera við hestaheilsu og það sama gildi um eiginkonu hans.

Í viðtali við ríkisfjölmiðilinn Herald sagði Mugabe að þau hjónin iðkuðu líkamsrækt reglulega. Þau hefðu þó gengist undir minniháttar aðgerðir, hann við skýi á auga, en hún fór úr mjaðmarlið og hefur því verið hjá sjúkraþjálfara.

Mugabe hefur stýrt Simbabve frá árinu 1980. - bj

Skilorð fyrir árás við Sjallann:

## Barði mann á þjóðhátíðarnótt

**DÓMSMÁL** Ríflega tvítugur Ólafsfirðingur hefur verið dæmdur í hálfs árs skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás sem hann framdi fyrir utan Sjallann á Akureyri aðfaranótt þjóðhátíðardagsins 17. júní í fyrra.

Maðurinn lenti í átökum við jafnaldra sinn sem lyktaði með því að hann sparkaði ítrekað í höfuð hans og líkama. Maðurinn, sem á nokkurn sakaferil að baki, játaði brotið.

Þolandinn hlaut talsverða áverka í andliti, meðal annars skekktust tennur hans verulega. Honum eru dæmdar ríflega 420 þúsund krónur í bætur úr hendi árásarmannsins. - sh

Nýtt fagráð um kynferðisbrot:

## Skoða trúfélög sérstaklega

**FÉLAGSMÁL** Innanríkisráðherra hefur skipað þriggja manna fagráð sem fjalla á um ásakanir um ofbeldisbrot og kynferðisbrot, sérstaklega hjá trúfélögum.

Í tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu kemur fram að fagráðið eigi að vera ráðherra til ráðgjafar og leiðbeina um leiðir til úrbóta í þessum málaflokki.

Starfshópinn skipa Guðrún Ögmundsdóttir, tengiliður vistheimila, sem er formaður hópsins, Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, og Björgvin Björgvinsson aðstoðaryfirlögregluþjónn. - bj




Sigur réttlætis

í sjúkdómatryggingum

Með nýrri lagasetningu Alþingis þann 14. apríl síðastliðinn vannst sigur í því réttlætismáli að bætur sjúkdómatrygginga verði skattfrjálsar. Jafnframt er skattyfirvöldum heimilt að endurgreiða tekjuskatt sem þau hafa innheimt af bótagreiðslum úr sjúkdómatryggingum.

OKKAR líftryggingar hf. beittu sér fyrir því að bundið yrði í lög að bætur sjúkdómatrygginga væru skattfrjálsar. Þeim er ætlað að auðvelda fólki að takast á við gjörbreyttar aðstæður í lífi sínu og eru í eðli sínu bætur til að mæta nýjum fjárhagslegum forsendum og breyttu lífsmynstri.

Ekki er eðlilegt að skilgreina bótagreiðslur af þessu tagi sem tekjur. Þess vegna fögnum við nýrri lagasetningu Alþingis og bendum þeim sem fengið hafa bætur úr sjúkdómatryggingum á undanförnum misserum á rétt sinn til endurgreiðslu hafi þær verið skattlagðar.

okkar

OKKAR líftryggingar hf. • Sóltúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 540 1400 • www.okkar.is

zebra




**FRÉTTASKÝRING:** Mengun brennisteinsvetnis frá jarðhitavirkjunum

# Kaupa þarf hreinsibúnað ef ný tækni skilar engu

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur segir heilsufarsógn stafa frá brennisteinsvetni frá jarðhitavirkjunum og gagnrýnir nýja frummatsskýrslu vegna jarðhitanýtingar á Hengilssvæðinu. Orkuveita Reykjavíkur metur fjárfestingarkostnað við nýjan hreinsibúnað í Hellisheiðarvirkjun á allt að tíu milljarða og gerir tilraunir með nýja tækni.**



**GUFUSTRÓKAR Á HELLISHEIÐI** Nálægð byggðar við jarðhitavirkjanir veldur áhyggjum en við losun gufu sleppur brennisteinsvetni út í andrúmsloftið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eftir að nýting jarðhita var aukin á Hellisheiði hefur mælst mun meiri styrkur brennisteinsvetnis á höfuðborgarsvæðinu og í sveitarfélögunum í nágrenni virkjunarinnar. Borist hafa kvartanir frá íbúum um óþægindi vegna sterkrar lyktar af brennisteinsvetni.

Í viðtali við Fréttablaðið í gær lýsti Árný Sigurðardóttir, hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, frummatsskýrslu vegna áætlaðrar vinnslu Orkuveitu Reykjavíkur við Gráuhnúka sem illa unninni og lýsti furðu sinni yfir því að ekki væri fjallað sérstaklega um nálægð virkjunarsvæðisins við fjölmennustu byggðakjarna á landinu. Orkuveitan hyggst nýta jarðhita frá Gráuhnúkum til að bæta 45 MW við gufuaflsvirkjun sína á Hellisheiði, en heilbrigðiseftirlitið telur að vinnslan geti aukið brennisteinsmagn í lofti um fjörutíu prósent.

**Fjarri lagi**

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, bendir á að magn brennisteinsvetnis muni ekki aukast vegna Gráuhnúka nema að því tilskildu að svæðið verði sérstaklega gjöfult og ný vél verði sett upp í Hellisheiðarvirkjun. Hvað útreikninga Heilbrigðiseftirlitsins varðar sýnist Eiríki að þær hljóti að miðast við uppsetningu tveggja nýrra véla sem verða teknar í notkun í haust og þann möguleika að þriðja vélin bætist við. Frummatsskýrslan, sem er ástæða gagnrýninnar, tekur hins vegar aðeins til jarðhitanýtingar við Gráuhnúka. Að jarðhitanýting þar auki magn brennisteins í lofti um fjörutíu prósent segir Eiríkur útilokað.

**Reglugerð í fyrrasumar**

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra setti reglugerð um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti í fyrrasumar á sama tíma og loftmengun frá Hellisheiðarvirkjun var í hámæli. Rök ráðherra fyrir því að setja reglugerðina voru að hennar sögn sú óvissa sem ríkir um heilsufarsáhrif af langvarandi innöndun brennisteinsvetnis og því taldi hún nauðsynlegt að setja mörkin þannig að almenningur fengi notið vafans. Einnig eiga mörkin að koma í veg fyrir lyktarmengun og var talið nauðsynlegt að setja heilsuverndarmörkin við fimmtíu míkrógrömm í rúmmetra að meðaltali á 24 klukkustundum. Mörk Alþjóðlegu heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) eru 150 míkrógrömm og eru sett með tilliti til mögulegra bráðaáhrifa á augu en ekki til langtímaáhrifa á heilsu fólks sem býr við þessa mengun að jafnaði.

Í reglugerð umhverfisráðherra er fyrirtækjum gefið aðlögunartímabil þannig að til að byrja með verður leyfilegt að fara fimm sinnum á ári yfir fimmtíu míkrógramma mörkin en frá og með júlí 2014 verður það óheimilt.

Það er til marks um hversu alvarlega málið horfir við ráðuneyti umhverfismála því þar er verið að meta hvort setja þurfi fyrirtækjum sérstök losunarmörk sem yrðu strangari en mörk um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, taldi að viðmiðunarmörk WHO ættu að gilda hérlendis og lýsti vonbrigðum sínum með hve ströng reglugerð Svandísar er. Forsvarsmenn Samorku fullyrtu í fjölmiðlum að losunarmörkin væru sett á pólitískum forsendum en ekki faglegum og myndu hafa gríðarlegan kostnað í för með sér fyrir fyrirtækin.

**Hvað hefur Orkuveitan gert?**

Í fréttatilkynningu OR í gær kemur fram að verið sé að vinna úr umsögnum vegna fyrirhugaðrar jarðhitanýtingar við Gráuhnúka. „Sérstaka athygli vekja athugasemdir og ábendingar þeirra aðila sem eftirlit hafa með loftgæðum á höfuðborgarsvæðinu [Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur] og eru starfsmenn OR að fara sérstaklega yfir þann þátt,“ segir í tilkynningunni.

Þá kemur fram að niðurstöður mælinga sýni að brennisteinsvetni hafi verið innan marka reglugerðarinnar frá þeim tíma sem hún var sett, en OR hefur komið upp þremur nýjum mælistöðvum til að mæla brennisteinsvetni í andrúmslofti.

Eiríkur segir að jafnframt vinni OR að því að þróa nýja tækni til að vinna gegn mengun enda sé róið að því öllum árum að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar óháð stækkun Hellisheiðarvirkjunar. Í því augnamiði er tilraunaverkefni í gangi þar sem gas er skilið frá gufunni. „Í stöð við virkjunina er verið að gera tilraunir með að blanda brennisteinsvetninu við affallsvatn sem leitt er niður í niðurrennslisholur. Ef þetta gangi verður hægt að mæta kröfum reglugerðarinnar með mjög hagkvæmum og skilvirkum hætti.“

Aðrar lausnir eru mjög dýrar, en í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum brennisteinsvetnis skal beita bestu fáanlegu tækni til að hamla loftmengun. Slíkur búnaður hefur ekki verið settur upp í Hellisheiðarvirkjun.

Samkvæmt mati OR er fjárfestingarkostnaður slíks búnaðar einn til 3,6 milljarðar á hver 90 MW. Ef dýrasti kosturinn yrði valinn fyrir Hellisheiðarvirkjun myndi uppsetning búnaðarins fara yfir tíu milljarða auk rekstrarkostnaðar upp á 600 milljónir á ári. Tæknin sem OR er að þróa liggur í milljarði í fjárfestingum og 300 milljónum í rekstri, skili hún tilætluðum árangri.

Eiríkur segir að skili tilraunaverkefnið ekki tilætluðum árangri verði ráðist í fjárfestingar á hreinsibúnaði, enda sé ekki um neitt annað að ræða en mæta kröfum reglugerðarinnar. Spurður hvort staða OR leyfi slíkar fjárfestingar segir Eiríkur það ekki skipta máli. OR muni mæta þeim kröfum sem fyrirtækinu séu settar varðandi mengun.

Spurður af hverju OR setti ekki upp „bestu fáanlegu tækni“ strax þegar Hellisheiðarvirkjun tók til starfa segir Eiríkur að kröfur um útblástur hafi breyst mikið frá þeim tíma. Nú sé horft til þess að mæta kröfum reglugerðar umhverfisráðherra sem tekur gildi að fullu árið 2014.

**„Besta“ fáanlega tækni**

Rétt er að hnykkja á því að við hreinsun brennisteinsvetnis úr gufu, sama hversu dýr eða fullkominn búnaðurinn er notaður, falla til óæskilegar aukaafurðir eins og brennisteinssýra. „Það þarf þá að farga þessum efnum og við erum að reyna að þróa betri lausnir,“ segir Eiríkur. „Það má því spyrja hvort hreinsunarbúnaður sé fullkominn ef hann skilar þetta eftir og býr til ný viðfangsefni í umhverfislegu tilliti.“

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





**Ellingsen**

– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

# STANGVEIÐI-DAGAR

Í Ellingsen fæst mikið úrval stangveiðivara, þar á meðal flugustangir, kaststangir, hjól, línur, flugur og vandaður veiðifatnaður auk ýmissa aukahluta sem geta komið sér vel í veiðiferðum sumarsins. Sérfræðingar Ellingsen aðstoða þig við val á réttum búnaði.

HARDY ALNWICK | ENGLAND

GREYS

LOOP

Abu Garcia FOR LIFE.



Veiðihattar og húfur.
**Verð frá 1.690 kr.**

DEVOLD MULTI SPORT nærbolur
**Verð 9.490 kr.**

Veiðivesti eru mögnuð í fluguveiðina
**Verð frá 24.990 kr.**

LOOP fluguveiðihjól, létt og þægileg með góðri bremsu
**Verð frá 18.390 kr.**

LOOP MULTI veiðivöðlur, þægilegar og sterkar
**Verð 39.990 kr.**

COLEMAN hitabrúsi
**Verð frá 3.590 kr.**

Mikið úrval af háfum
**Verð frá 1.990 kr.**

Stangahaldari
**Verð 12.990 kr.**

LOOP MULTI veiðihjól
**Verð frá 39.990 kr.**

Vandaður bakpoki
**Verð frá 9.990 kr.**

LOOP VÖÐLUR
Stærð S-XXL
**29.990 kr.**

LOOP VÖÐLUSKÓR
Stærð 38-45
**16.490 kr.**

LOOP INCIDE STÖNG
Sett
**39.990 kr.**

EVOTEC STANGARLÍNA
Frá **59.990 kr.**

EVOTEC HJÓL
**62.990 kr.**

PENN SJÓSTÖNG
**19.990 kr.**

PENN HJÓL
**14.990 kr.**

ABU JUNIOR STÖNG
**3.990 kr.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 111361

markhonnun.is

# nettó
Kræsingar & kostakjör



GRÍSAKÓTELETTUR
FERSKAR

51% afsláttur

998kr/kg
áður 2.049 kr/kg

# SUMARLEG STEMMNING



LAMBA RIB-EYE
FERSKT

25% afsláttur

2.999kr/kg
áður 3.998 kr/kg



KJÚKLINGABRINGUR
FERSKAR

1.998kr/kg
Tilboðsverð!



GRÍSAKÓTELETTUR
RAUÐVÍNSKRYDDAÐAR

28% afsláttur

1.079kr/kg
áður 1.498 kr/kg



LAMBASNITSEL Í RASPI
FERSKT

20% afsláttur

1.598kr/kg
áður 1.998 kr/kg



LAMBALÆRISSNEIÐAR
FERSKAR 1.FL

40% afsláttur

1.499kr/kg
áður 2.498 kr/kg



SÉRBÖKUÐ VÍNARBRAUÐ
NÝ BÖKUÐ!

50% afsláttur

90kr/stk.
áður 179 kr/stk.

* Gildir ekki á Salavegi



ANANAS
FERSKUR

50% afsláttur

148kr/kg
áður 295 kr/kg

**Verið velkomin í Nettó**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes




RED ROOSTER
ORKUDRYKKUR
250 ML




69 kr/stk.
áður 139 kr/stk.

BETTY CROCKER
PÖNNUKÖKUMIX 155 G



299 kr/stk.
áður 349 kr/stk.

CAPRI
SÚKKULAÐIBITAR
200 G




199 kr/pk.
áður 239 kr/pk.

SVEITA VÖFFLUMIX




299 kr/pk.
áður 349 kr/pk.



DÁSAMLEGAR SVEITASULTUR! VERÐ FRÁ 254 KR STK.

**Tilboðin gilda 19. - 22. maí**
eða meðan birgðir endast

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

föstudagur **Föstudagsviðtalið** Bryndís Björk Ásgeirsdóttir lektor við sálfræðisvið og forstöðumaður BSc náms í sálfræði HR

# Þriðjungur orðið fyrir ofbeldi

Könnun um kynferðisofbeldi gegn börnum hér á landi leiðir í ljós að 35 prósent stúlkna og 17,8 prósent drengja hafa orðið fyrir ofbeldi af því tagi. **Bryndís Björk Ásgeirsdóttir** hefur rannsakað þessi mál, meðal annars bakgrunn, afleiðingar og verndandi þætti í lífi unglinga. Hún sagði *Þórunni Elísabetu Bogadóttur* frá doktorsrannsókn sinni.

Viðamesta könnun sem gerð hefur verið á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum hér á landi leiðir í ljós að um fjórðungur þeirra hefur orðið fyrir einhvers konar kynferðislegu ofbeldi fyrir átján ára aldur. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir hefur undanfarin ár unnið úr gögnum rannsóknarinnar og skilaði doktorsritgerð í sálfræði í vor. „Þetta er rannsókn sem var gerð meðal allra framhaldsskólanema á Íslandi, í samstarfi við Barnaverndarstofu og Rannsóknir og greiningu,“ segir Bryndís, sem er lektor við sálfræðisvið og forstöðumaður BSc náms í sálfræði hjá Háskólanum í Reykjavík. Allir framhaldsskólanemendur sem mættu í skólann daginn sem könnunin var lögð fram haustið 2004 tóku þátt. „Þetta eru ofboðslega góð gögn að því leyti, þetta er ekki úrtak með lágu svarhlutfalli. Þetta byggir á svörum rúmlega níu þúsund nemenda á Íslandi.“



**BRYNDÍS BJÖRK ÁSGEIRSDÓTTIR** Hugmyndin að rannsókninni kviknaði þegar Bryndís Björk var að vinna að rannsókn um vændi fyrir dómsmálaráðuneytið árið 2000.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Unglingar sem búa hjá einu foreldri eða hjá stjúpforeldri eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi, sérstaklega stúlkur sem hafa búið hjá stjúpföður.

### Rannsókn á vændi upphafið

„Aðdragandinn að þessari rannsókn var önnur rannsókn sem ég gerði fyrir dómsmálaráðuneytið um vændi á Íslandi árið 2000. Ég komst að því að vændi væri til í ýmsum myndum og einn samnefnarinn sem ég sá var að margir einstaklingar sem voru í vændi höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Þannig fór ég að hafa áhuga á kynferðisofbeldi sem einni af mögulegum rótum vandamála á unglingsárum.

Það eru margar ólíkar skilgreiningar á kynferðisofbeldi, og það er ein af ástæðunum fyrir því að tíðnitölur eru mismunandi.“ Skilgreiningin sem Bryndís notaði miðar við að börn séu sautján ára og yngri og hún gerir líka ráð fyrir því að börn geti verið gerendur. „Nýjar rannsóknir hafa sýnt að kynferðisofbeldi getur líka átt sér stað milli unglinga. Nauðganir eru augljóst dæmi um það, þar sem gerandinn er undir átján ára aldri. Skilgreiningin sem ég nota er mjög víð og þar með eru tölurnar háar.“ Í rannsókn Bryndísar var kynferðisofbeldi gegn einstaklingum undir átján ára skilgreint sem „að einhver hafi berað sig fyrir framan hann á ósæmilegan hátt eða káfað á líkama hans eða kynfærum á ósæmilegan hátt, að hann hafi verið sannfærður, þvingaður eða neyddur til að snerta kynfæri einhvers eða verið sannfærður, þvingaður eða neyddur til kynferðismaka,“ samkvæmt því er fram kemur í ritgerð Bryndísar.

### Stelpur í meiri hættu

Rúmur þriðjungur stúlkna undir átján ára aldri sagðist hafa orðið fyrir einhverju kynferðislegu ofbeldi, eða 35,7 prósent. „Þetta er mjög hátt en er alveg innan ramma þess sem hefur verið að koma í ljós í Bandaríkjunum og víðar þar sem svipuð skilgreining er notuð. Þetta segir okkur ekki að það sé algengara hér en annars staðar en þetta segir okkur að kynferðisofbeldi í víðri merkingu er mjög algengt, sérstaklega meðal unglingsstelpna.“ Tæpur fimmtungur stráka, eða 17,8 prósent, sagðist hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og Bryndís segir að ofbeldi gegn strákum hafi verið mikið tabú og ekki síður falið. Í heildina hefur því rúmur fjórðungur, 27,3 prósent framhaldsskólanema, orðið fyrir ofbeldi af þessu tagi. Fleiri höfðu orðið fyrir ofbeldi milli þrettán til sautján ára aldurs en fyrir þann tíma. „Stúlkur eru líklegri til að verða fyrir kynferðisofbeldi en strákar og unglingar eru líklegri en yngri börn. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að stelpur eru 1,5 til 2,5 sinnum líklegri til að verða þolendur kynferðisofbeldis.“

### Vissir áhættuhópar til staðar

„Niðurstöðurnar sýna að kynferðisofbeldi er ekki mjög breytilegt eftir stétt og stöðu,“ segir Bryndís en segir að þó séu vissar vísbendingar. „Unglingar sem búa hjá einu foreldri eða hjá stjúpforeldri eru líklegri til að verða fyrir ofbeldi, sérstaklega stúlkur sem hafa búið hjá stjúpföður. Ein af ástæðunum er talin vera sú að stjúpforeldrar séu oft gerendur. Menntun foreldra, minni menntun, spáir fyrir um meiri líkur en það eru ekki sterk tengsl þar. Sterkasti forspárþátturinn er fjölskylduerjur eða ofbeldi á heimili. Það eru taldar vera tvær líklegar skýringar á því. Í fyrsta lagi að ef það er mjög erfitt á heimilinu er líklegt að barnið fái ekki mikið eftirlit, mikilvægt er að foreldrar viti hvar barnið er og með hverjum. Sömuleiðis ef barnið er vanrækt að einhverju leyti þá leitar það frekar í athygli og umbun frá öðrum fullorðnum aðilum eða öðrum sem þeir þekkja ekki mikið.“

„Þessir bakgrunnsþættir sýna að það eru vissir áhættuhópar sem mætti vinna sérstaklega með til að reyna að fyrirbyggja ofbeldi þó svo að vissulega sé það þannig að mjög stór hluti þeirra sem verða fyrir kynferðisofbeldi er ekki í þessum áhættuhóp. Það dugir ekki eitt og sér því svo eru líka mjög margir unglingar sem búa við góðar aðstæður en verða samt fyrir ofbeldi.“

### Sláandi niðurstöður




Hlutfall stúlkna sem hafa sýnt tilgreinda hegðun, eftir því hvort þær segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og alvarleika þess.




Hlutfall drengja sem hafa sýnt tilgreinda hegðun, eftir því hvort þeir segjast hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og alvarleika þess.

### Afleiðingarnar misjafnar

„Almennt má segja að afleiðingar kynferðisofbeldis geti verið mjög víðtækar, fjölbreyttar og mismunandi eftir einstaklingum. Þær eru líka mismiklar og geta birst á mjög mismunandi hátt.“ Bryndís segir sum ungmenni upplifa mikið þunglyndi og kvíða og geti þá verið líklegri til að skaða sig og hugsa um sjálfsvíg á meðan önnur séu líklegri til að verða mjög reið og verði þá árásargjörn og fari hugsanlega út í afbrotahegðun og vímuefnaneyslu. „Stelpur eru líklegri til að beina vanlíðaninni inn á við á meðan strákar eru líklegri til að fara út í hegðun sem beinist að öðrum – afbrotahegðun. Þar kemur kynjamunurinn skýrastur fram.“

Bryndís segir að munurinn milli einstaklinga sé mjög mikill. Sumir komi mjög illa út úr ofbeldi en aðrir virðist geta unnið sig út úr því svo afleiðingarnar verði sem minnstar. „Rannsóknir hafa sýnt að það eru nokkrar tegundir þátta í lífi okkar og fari okkar sjálfra sem geta hjálpað við að glíma við erfiðar aðstæður og erfiða streituvaldandi atburði eins og kynferðisofbeldi.“ Þarna spili inn í persónuleiki og að einhverju leyti líffræðilegt upplag. Þá sé fjölskylduumhverfi, góðar uppeldisaðstæður og stuðningur mikilvægir þættir sem og félagslegt umhverfi. Þá sé sjálfsmynd ungmenna að stærra leyti verndandi þáttur í lífi þeirra sem hafa orðið fyrir ofbeldi en hjá öðrum börnum. Stuðningur foreldra, gott viðhorf til skóla og íþrótta- og tómstundaiðkun geti allir leitt til betri sjálfsmyndar sem getur verndað fyrir slæmum afleiðingum kynferðisofbeldis.

### Félagslegt net gegnir lykilhlutverki

„Tölurnar sýna að það skiptir miklu máli að börn segi frá. Hins vegar getur það skaðað eins og það getur hjálpað. Viðbrögð þess sem heyrir frásögn skiptir mjög miklu máli, og að börn fái ekki neikvæð viðbrögð.“ Annars geti það sett barnið í baklás og aukið vanlíðan. Börn sem hlustað er á og fá stuðning við frásögn koma betur út en önnur.

„Fólk sem vinnur í skólum og tómstundastarfi er í lykilhlutverki í þessum málum. Mikilvægt er því að þar sé til staðar viðbragðsáætlun og þekking svo fólk geti beint málum í réttan farveg, það má ekki gerast að börn segi frá og svo gerist ekkert.“

Bryndís segir mikilvægt að sjónum sé beint að því hvernig hægt sé að fyrirbyggja afleiðingarnar. Mikilvægt sé að byggja upp stuðningsríkt samfélag. „Það er mikilvægt að við horfumst í augu við þetta allt saman og horfum á þetta heildstætt. Það þarf að nýta þá þekkingu sem við höfum til að vinna markvisst gegn ofbeldi.“

Aðalfundur Exista ehf.
30. maí 2011

EXISTA

Aðalfundur Exista ehf. verður haldinn mánudaginn 30. maí 2011 í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 5. hæð, Reykjavík, og hefst fundurinn kl. 10:00.

Dagskrá:
1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins árið 2010.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2010 ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar. Ákvörðun um greiðslu arðs og jöfnun taps fyrir síðastliðið reikningsár.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Tillaga stjórnar um að samþykkja starfskjarastefnu Exista ehf.
7. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnar félagsins skal berast skriflega til stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi frá kl. 9:30 á fundarstað.

Reykjavík, 20. maí 2011.
Stjórn Exista ehf.

EXISTA ehf. ı Ármúla 3 ı 108 Reykjavík ı Sími 550 8600

# ÍSLANDSPERLUR 2011

## FERÐASÝNING Í PERLUNNI HELGINA 21.-22. MAÍ KL. 10-18







- Í Perlunni geturðu gengið hringinn í kringum landið, kynnt þér fjölbreytta ferðamöguleika á Íslandi, bragðað á íslenskum krásum og skoðað, spjallað og spurt.
- Að sýningunni standa markaðsstofur landshlutanna í ferðaþjónustu, Ferðaþjónusta bænda, Opinn landbúnaður og Beint frá býli.
- Forvitnileg ferðagetraun. Svörin við spurningunum leynast á sýningunni. Vinnur þú veglegan ferðavinning?
- Skemmtilegar uppákomur alla helgina!









- Hvort sem þú hefur áhuga á fugla-, sela-, eða hvalaskoðun, gönguferðum á fjöllum eða í fjöru, skella þér á söfn eða í sundlaugar, njóta menningar og lista, stunda stangveiði eða sjóböð, slappa af í heilsulindum eða dvelja í blómlegum bæjum landsins þá finnurðu örugglega eitthvað sem heillar á Íslandsperlum.






AÐGANGUR ÓKEYPIS

ÍSLANDSPERLUR

FERÐUMST UM LANDIÐ OKKAR Í SUMAR!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Virðisaukinn má ekki gleymast í samanburðinum.

## Hverjir eru bestir?

Amerískur spéfugl sneri eitt sinn út úr þekktu máltæki og sagði að þótt hægt væri að leiða mann að háskóla væri ekki hægt að láta hann hugsa. Í byrjun vikunnar vakti nokkra athygli könnun sem stærðfræðingurinn Pawel Bartoszek vann fyrir tímaritið Frjálsa verslun, en í henni var mælistika lögð á framhaldsskóla í landinu. Í framhaldinu mátti víða sjá því slegið upp að Menntaskólinn í Reykjavík væri „bestur", enda fékk hann hæstu einkunn í samanburðinum.

Tímaritið segir könnunina þá fyrstu sinnar tegundar hér á landi, en slíkur samanburður sé algengur í öðrum löndum. Við lesturinn vaknar hins vegar spurningin um gagnsemi samanburðarins. Þótt ákveðin tegund menntaskóla í Reykjavík fái hæsta einkunn þegar bornir eru saman þættir á borð við menntun kennara, aðsókn í skólana, frammistöðu í raungreina- og tungumálakeppnum og þátttöku nemenda í ræðu- og spurningakeppnum er vandséð að með því sé skorið úr um gæði skólastarfsins. Hvað þá að samanburðurinn fái staðið undir fullyrðingum um að einhver skóli teljist bestur.

SKOÐUN



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Í umfjöllun tímaritsins benda skólastjórnendur raunar á hversu vafasamt sé að draga ályktanir af könnuninni. Lárus H. Bjarnason, rektor Menntaskólans í Hamrahlíð, tiltekur til dæmis að ekki sé horft til þátta á borð við viðmið námsskrár eða hvernig nemendum vegni í námi eða starfi að framhaldsskóla loknum. Eftir því sem næst verður komist sýnir nýjasta könnun sem gerð hefur verið á slíkum þáttum að hæst hlutfall útskriftarnemenda einstakra framhaldsskóla sem lokið hafi háskólanámi, eða séu langt komnir, komi frá Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi, eða um 85 prósent. Í öðru sæti í þeim samanburði er Verslunarskólinn og svo Menntaskólinn við Hamrahlíð í þriðja sæti.

Besti skólinn hlýtur nefnilega að vera sá sem stendur sig best í því að koma sem flestum til manns. Virðisaukinn er fólginn í mismuninum á þeim hópi sem er innritaður í upphafi náms og þeim sem svo aftur útskrifast. Virðisaukinn er mestur þar sem tekist hefur að hjálpa þeim sem í upphafi stóðu höllum fæti í náminu þannig að þeir fái staðið sig vel og útskrifist með sóma. Virðisaukinn er lítill þar sem nýnemar eru upp til hópa afburðanemendur og halda áfram að vera það fram að útskrift.

Þá má spyrja sig hvort ekki felist verðmæti í því samspili og blöndun þar sem ólíkir nemendur koma saman. Líka mætti halda því fram að stefna aðgreiningar og elítisma þar sem „afburðanemendum" er safnað í „bestu skólana" stuðli að þjóðfélagi stéttaskiptingar. Einsleitir hópar nemenda ala á skilningsleysi á aðstæðum annarra. Nær væri að auka gæði „elítuskólanna" með því að hjálpa þeim að breikka nemendahópinn og styðja þá til fjölbreyttara námsframboðs, eins og þekkist í mörgum þeirra skóla sem ekki komust hátt á lista Frjálsrar verslunar.

Þá má kannski líta á þessa umræðu sem áminningu um þörfina á að yfirvöld menntamála í landinu láti gera heildstæða úttekt á námi í landinu þar sem dregnir verði fram kostir hvers skóla og nemendum sem komi úr grunnskóla gert auðveldara að velja nám við hæfi. Í öllu falli þarf að passa að hugsunina skorti ekki í samanburði á ólíkum skólum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

motus

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

– leysum málin

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Alhæfingar um ESB

Óvíða finnast jafn margar alhæfingar og í ESB-umræðunni. Þeir sem eru fylgjandi aðild eiga það oft til að oflofa aðstæður í Evrópu í tengslum við ákveðinn málaflokk á meðan þeir sem eru á móti mála skrattann á vegginn. Vandamálið er að í ESB eru 27 ríki og aðstæður þeirra eru í mörgum málaflokkum verulega ólíkar. Gott dæmi er atvinnuleysi, en því er oft haldið fram að það sé mikið í ESB og því sé líklegt að það aukist hér á landi eftir aðild. Sannleikurinn er hins vegar aðeins flóknari, eins og sést á því að í Hollandi er atvinnuleysi 4,2 prósent en á Spáni 20,7 prósent.



### Einn fyrir alla, alla fyrir einn

Annað hvimleitt og raunar skylt vandamál í ESB-umræðunni er þegar aðstæður í einu aðildarríkjanna eru heimfærðar upp á Ísland eftir aðild án þess að huga sérstaklega vel að samanburðinum. Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, fellur í þessa gryfju í pistli sem birtist á Evrópuvaktinni í gær. Þar snuprar hann Árna Pál Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, fyrir ummæli um kosti evruupptöku. Björn segir Grikkland, Írland og Portúgal vera lítil ríki á evrusvæðinu sem ekki síður hafi þurft að glíma við hrun en Ísland og því sé ljóst að engu betra sé að vera með evru en krónu.



### Samanburðurinn skiptir öllu

Það er út af fyrir sig alveg rétt hjá Birni að þessi ríki hafa orðið illa úti í kreppunni, en alveg eins hefði verið hægt að benda á Holland, Finnland og Austurríki, sem öll hafa staðið hana nokkuð vel af sér. Það verður nefnilega að huga að samanburðinum. Menn komast ekki langt á keppni í upptalningu á ríkjum.

magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Clinton, Ísland og norðurslóðir

Samvinna á norðurslóðum



Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Sameiginlegir hagsmunir Íslands og Bandaríkjanna um norðurslóðir eru miklir. Þeir varða jafnt siglingar yfir heimskautið í kjölfar bráðnunar sem og aðgerðir til að tryggja öryggi sæfarenda og þeirra sem munu vinna við nýtingu auðlinda undir hafsbotni á norðurslóðum. Báðum þjóðum er mikilvægt að nýta friðsamlegar leiðir til að greiða úr deilum sem kunna að spretta upp um landamörk á hafsbotni og þar með eignarhald á auðlindum. Íslandi og Bandaríkjunum er svo vitaskuld báðum annt um að efla rannsóknir og eftirlit með viðkvæmu vistkerfi norðursins.

Á öllum þessum sviðum náðust mikilvægir áfangar á afar jákvæðum og vinsamlegum fundi mínum og utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Washington á miðvikudag. Í fyrsta lagi sammæltumst við um að hefja þegar í stað vinnu við viljayfirlýsingu um samstarf á vettvangi norðurslóða, ekki síst akademískra rannsókna. Í öðru lagi lýsti Clinton utanríkisráðherra fullum vilja til að vinna að alþjóðlegum samningum um varnir gegn olíuslysum á norðurhöfum. Í þriðja lagi var mikilvægt að utanríkisráðherra Bandaríkjanna undirstrikaði eindreginn vilja Bandaríkjanna til að nota hafréttarsáttmálann til að setja niður deilur sem upp kunna að koma um landamæri á norðurslóðum. Það eyðir öllu lagalegu tómarúmi ef deilur spretta og dregur þar með úr líkum á spennu í norðurhöfum.

> Þó að engar skuldbindingar hafi verið gefnar af hálfu Hillary Clinton á frumstigi viðræðna er ljóst að við eigum í henni hauk í horni.

Í fjórða lagi var mjög mikilvægt að stefna Íslands um að koma upp alþjóðlegri miðstöð björgunar og leitar á Íslandi, til að tryggja öryggi á því víðfeðma svæði sem Ísland mun bera ábyrgð á þegar nýting norðurslóða eykst, á hljómgrunn hjá Bandaríkjamönnum. Þó að engar skuldbindingar hafi verið gefnar af hálfu Hillary Clinton á frumstigi viðræðna er ljóst að við eigum í henni hauk í horni.

Samvinna á norðurslóðum er því að verða nýr burðarás í samstarfi Bandaríkjanna og Íslands í kjölfar fundar utanríkisráðherra þjóðanna tveggja nú í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Bölvaðir ósiðir

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Árið 2009 var David Nutt, aðalráðgjafi bresku ríkisstjórnarinnar í fíkniefnamálum, látinn fara fyrir að halda því fram í vísindagrein að áfengi og tóbak væru skaðlegri en mörg ólögleg efni, til dæmis kannabis, LSD eða alsæla. Það hljómar auðvitað undarlegt að reka mann fyrir að halda því fram að áfengi sé skaðlegt. En sá sem heldur því fram að áfengi sé skaðlegra en LSD er um leið að halda því fram að LSD sé minna skaðlegt en áfengi. Og þrátt fyrir að báðar staðhæfingarnar séu jafngildar þykir önnur ásættanleg en hin ekki. David Nutt þurfti að taka pokann sinn.

Þáverandi innanríkisráðherra Bretlands lýsti vonbrigðum yfir ummælum vísindamannsins „sem sköðuðu þá stefnu að færa almenningi skýr skilaboð um skaðsemi fíkniefna“. Þannig er það nú. Það þarf enginn að segja almenningi að sólin sé miðjan þegar allir sjá hvað snýst og hvað situr kjurt. Skilaboðin eiga að vera skýr.

Hér er því ekki haldið fram að ef einhver vísindamaður hafi sagt eitthvað hljóti það að vera satt. Rannsóknum ber að taka með varúð.

Það tekur langan tíma fyrir vísindasamfélagið að komast að niðurstöðu.

Sumt af því sem fullyrt er, eins og það að reykingar valdi miklum líkamlegum skaða, er nokkuð vel sannað. En margt annað af því sem greint er frá í fjölmiðlum ber að skoða með miklum vafa.

Engu að síður verðum við að hafa augum opin fyrir þeim möguleika að við höfum hugsanlega farið ranga leið í núverandi fíkniefnastefnu okkar. Vísindin verða að fá að eiga sinn gang, og ef tilgangur rannsókna er einungis að festa í sessi núgildandi viðhorf fólks getum við einfaldlega sleppt því að stunda rannsóknir og reka háskóla. Pólitíkin verður að láta vísindin í friði.

Það hljómar ekki órökrétt að meta afstöðu okkar til ólíkra eiturlyfja út frá þeirri skaðsemi sem þau valda einstaklingnum og samfélaginu.

Áðurnefndur David Nutt stýrði á seinasta ári rannsókn þar sem reynt var að leggja mat á umrædda þætti og raða fíkniefnum í skaðsemisröð, þar sem þau skaðlegustu koma fremst. Listinn var:

1. áfengi, 2. heróín, 3. meþamfetamín, 4. krakk, 5. kókaín, 6. tóbak 7. amfetamín 8. kannabisefni. E-töflur og LSD enduðu í sætum 17 og 18.

> Sumt af því sem fullyrt er, eins og það að reykingar valdi miklum líkamlegum skaða, er nokkuð vel sannað. En margt annað af því sem greint er frá í fjölmiðlum ber að skoða með miklum vafa.

Fyrstu viðbrögð við könnun sem þessari eru auðvitað að tengja hátt skor áfengis við að það sé löglegt. Aðgengi eykur neyslu, neysla eykur vanda. Ef áfengisneysla yrði skipt út fyrir krakkneyslu fengjum við varla betra samfélag. Það eru rétt viðbrögð, enda hefur David Nutt viðurkennt að rannsóknin taki ekki til aðgengis. En þótt einungis sé tekið tillit til líkamlegrar skaðsemi og þess hve ávanabindandi ólík efni eru, miðað við aðrar rannsóknir, virðast hin vísindalegu rök fyrir því að banna kannabisefni en leyfa áfengi ekki endilega óyggjandi.

Vísbendingar um að ríkjandi viðhorf kunni að byggja á hæpnum forsendum falla oft í grýttan jarðveg. Flestir styðja skoðanir sínar í þessum málum í samræmi við viðtekna goggunarröð fíkniefna. Það er til dæmis kannski ekki auðvelt að styðja vínsölu í sjoppum ef rannsóknir benda til að vín sé hættulegra en hass. Að sama skapi styrkir það ekki baráttu gegn lögleiðingu kannabisefna ef einhverjar rannsóknir benda til að sum slíkra efna séu hættuminni en vörur sem þegar eru löglegar.

Það er auðvitað mikilvægt að átta sig á því að fíkniefnastefna er byggð á pólitískum og menningarlegum forsendum, ekki síður en vísindalegum. Spurning er hvort það sé gott.

Eitt dæmi að lokum: Að undanförnu hafa menn þannig hert lagalega baráttu gegn hvers kyns reyklausu tóbaki. Helsta ástæða þess er einfaldlega sú að það hefur verið hægt. Munn- og neftóbaksneysla hefur ekki skotið mjög sterkum rótum í samfélaginu, ólíkt til dæmis reyktóbaki. Vísindalega hníga auðvitað fá rök að því að banna með öllu neyslu þessara efna umfram annað sem þegar er í löglegri umferð.

Munntóbak hvorki gerir fólk stjórnlaust né ofbeldisfullt né heldur veldur það neinum líkamlegum skaða á öðrum en þeim sem þess neytir. En munn- og neftóbaksneysla eru auðvitað bölvaðir ósiðir. Og hver ætlar að berjast gegn banni á bölvuðum ósiðum?




OPIÐ UPP Á GÁTT
HJÁ RÍKI OG SVEITARFÉLÖGUM

RÁÐSTEFNA UT-DAGSINS
miðvikudaginn 25. maí 2011 á Hótel Hilton Nordica

Ráðstefnan er haldin í tilefni af degi upplýsingatækninnar og verður athyglinni beint að vefgáttum opinberra aðila í dagskrá dagsins. Yfirmaður Borger.dk, sem er þjónustuvefur danskra ríkisstofnana og sveitarfélaga, mun segja frá þróun hans og framtíðaráformum Dana um netþjónustu. Einnig verður sagt frá nýjungum og breytingum á Ísland.is, en verkefnið fluttist til Þjóðskrár Íslands um síðustu áramót. Opnuð verður ný Menntagátt, sagt frá framsæknum verkefnum hjá Hafnarfjarðarbæ og Reykjavíkurborg, fjallað um tæknina bak við tjöldin og kynnt áform um aukna samvinnu ríkis og sveitarfélaga um opinberar vefgáttir.

**Að ráðstefnunni standa forsætisráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skýrslutæknifélag Íslands.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á www.sky.is

DAGSKRÁ KL. 13:00 - 16:15

12:45 **Afhending ráðstefnugagna**

13:00 **Ávarp:** *Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra*

13:15 **Borger.dk - The Citizens Portal - Lessons learned and future plans** *Jimmy Kevin Pedersen, Head of Division, Ministry of Science, Technology and Innovation*

13:45 **Kvartett – þjónusta í boði Ísland.is**
*Margrét Hauksdóttir, aðstoðarforstjóri Þjóðskrár Íslands*

14:05 **Tæknin bak við tjöldin:**
- „Er það eitthvað o'ná brauð?" - Samvirkni í rafrænni þjónustu
  *Arnaldur F. Axfjörð, sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu*
- Rafræn framkvæmd almannatrygginga innan EES – milli stofnana og yfir landamæri
  *Hermann Ólason, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs Tryggingastofnunar*
- Sjálfvirkni og hagræðing í upplýsingatæknikerfum Reykjavíkurborgar
  *Hjörtur Grétarsson, upplýsingatæknistjóri Reykjavíkurborgar*

14:35 **Kaffi**

14:55 **Opnun nýrrar Menntagáttar**
*Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra*

**Kynning á nýrri Menntagátt**
- *Sigurbjörg Jóhannesdóttir, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu*
- *Tryggvi Björgvinsson, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu*

15:20 **Betri Reykjavík – Sjálfbært gegnsæi**
- *Dilljá Ámundadóttir, varaborgarfulltrúi fyrir Besta flokkinn*
- *Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi fyrir Besta flokkinn*

15:40 **Frá vorskipum að tölvuskjánum**
*Steinunn Þorsteinsdóttir, upplýsingafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar*

16:00 **Ísland.is - tækifæri til samstarfs og framþróunar**
*Guðríður Arnardóttir, varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga*

**Ráðstefnustjóri:**
**Arnar Þór Másson,** *skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu*

**Undirbúningsnefnd:** *Guðbjörg Sigurðardóttir – forsætisráðuneytinu, Anna G. Björnsdóttir – Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Arnheiður Guðmundsdóttir – Skýrslutæknifélaginu, Guðfinna B. Kristjánsdóttir – Garðabæ, Halla Björg Baldursdóttir – Þjóðskrá Íslands, Hermann Ólason – Tryggingastofnun, Hjörtur Grétarsson – Reykjavíkurborg*

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ
ský Skýrslutæknifélag Íslands

PORT hönnun


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
33 cl. dósir
69 kr.
Coke kippa
659 kr. 4 x 1,5 ltr.
ENERGY DRINK
500 ml e
129 KR.
CANDYFLOSS 20g dós
MILT
FYRIR ALLAN ÞVOTT
998 KR.
Mjöll-Frigg
MILT þvottaefni fyrir allan þvott
40 þvottar 25 kr. þvotturinn.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VATN.
NESTLÉ LIONBAR EXTRA BITE 80g
98 KR.STK
498 KR. POKINN
FROSIN JARÐARBER 1,2 KG. /FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG.
EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR
HÁLFUR LÍTRI
98KR.
25000
DÓSIR Í BOÐI Á
ÞESSU VERÐI
OS GOTTI OSTUR
25%
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSA
198 KR. 200G
BÓNUS SALAT Á BRAUÐIÐ 200g
TÚNFISK - RÆKJU & LAXA -HANGIKJÖTSSALAT
1017 KR.KG
MERKT VERÐ 1356 KR.KG.
259 KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐ 4 STK.
KJALLARABOLLUR M/OSTI
198 KR. 4 STK
BÓNUS NÝBAKAÐ
LANGLOKUR 4 STK.
HEIMILISBRAUÐ
259 KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g
BÓNUS SPELT RÚGBRAUÐ
159 KR.PK
BÓNUS SPELTBRAUÐ 7 SNEIÐAR
U.Þ.B. 280g
TOY STORY 2 PACK
FURRY VENGEANCE
CLASH OF THE TITANS
FANTASIA
DVD-MARKAÐURINN Í BÓNUS
898 KR.STK
SÍÐUSTU DAGAR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
527 9000
UPPLÝSINGA OG ÞJÓNUSTUSÍMI
Þarftu að ná
sambandi
við Bónus?
Við erum við símann 527 9000 alla virka daga frá kl 09-16
Hægt er að senda okkur fyrirspurnir á bonus@bonus.is
VISTVÆN FRAMLEIÐSLA
Lambhagi
SALAT Í POTTI
275 kr. stk
Lambhagi
SPÍNAT
298 kr.100g
Ali
25% AFSLÁTTUR
1498 KR.KG
Grill úrbeinaðar hunangskryddaðar grísakótilettur Merkt verð 1998 kr.kg -
Ali
25% AFSLÁTTUR
1498 KR.KG
Ali grillúrbeinaðar BBQ kryddaðar grísakótilettur Merkt verð 1998 kr.kg -
995 KR.KG
ÍSLANDSLAMB:
Ferskir grill lambaskankar
1298 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
Frosið lambalæri í sneiðum
ÍSLANDS NAUT
2298 KR.KG
ÍSLANDSNAUT FERSK
UNGNAUTA PIPARSTEIK
BÓNUS
995 KR.KG
BÓNUS
GRILL GRÍSAKÓTILETTUR
ÍSLANDS NAUT
2298 KR.KG
ÍSLANDSNAUT úrbeinuð
UNGNAUTA GRILLSTEIK
BÓNUS
995 KR.KG
BÓNUS Grill úrbeinaðar
GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
GOTT Á GRILLIÐ GOTT Á GRILLIÐ
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
BEINLAUS BITI
1659 KR.KG
ÍSLENSKT HREFNUKJÖT Á GRILLIÐ
Caj-P.
GRILLOLÍA 500ml
398 KR.
Hunt's
GRILLSÓSUR 612ml
225 KR.
Norðanfiskur:Íslensk bleikja beinhreinsuð með roði
1598 KR.KG
BLEIKJA BEINHREINSUÐ M/ROÐI
ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!
Ali
FRÁBÆR Á GRILLIÐ EÐA Í OFNINN ÞARF AÐEINS AÐ HITA!
Spareribs
BABYBACK GRÍSARIF 1498 KR.KG.
ALI SPARERIBS 1198 KR.KG.
AÐEINS AÐ HITA SPARAR BÆÐI TÍMA OG GAS
BBQ Vængir
Buffalo Vængir
459 KR.960G
HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR 960g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## AF NETINU

### Franskir kratar afhjúpaðir

Dominique Strauss-Kahn er Frakklandi til hneisu. Einkum frönskum fjölmiðlum og frönskum krötum. Hefur lengi hagað sér eins og naut í flagi í skjóli þagnarsamsæris franskra fjölmiðla. Þeir þurfa nú að skoða sinn gang. Eftir uppákomuna í New York ruku franskir kratar í vörnina. Þeir eru afhjúpaðir sem yfirstéttarflokkur, er fyrirlítur pupulinn. Til mestrar skammar varð annar yfirstéttarkrati, heimspekingurinn Bernard-Henri Lévy. Hann skellir skuldinni á konur, sem hafa kvartað undan lénsherranum. Of lengi hefur gömul stéttaskipting loðað við Frakkland, fjölmiðla landsins og stjórnmálaflokka.

www.jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Ljúga áfram?

Auk þess eru rannsóknir Orkuveitu Reykjavíkur gagnrýndar harðlega sem villandi og lélegar en það er svo sem ekkert nýtt, því að í mati á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar var talið að loftmengun myndi hafa sáralítil ef nokkur áhrif á gróður við virkjunina. Annað kom þó í ljós.

Við segjum hverjum sem er, líka Kaliforníubúum sem hingað koma, að í Reykjavík sé hreinasta loft í nokkurri höfuðborg í heimi. Hve lengi ætlum við að halda áfram að ljúga þessu að öðrum þjóðum.

omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**

# Frelsi fylgir ábyrgð – II

Fjölmiðlalög

Katrín Jakobsdóttir

höfundur er mennta- og menningarmálaráðherra

Seinni grein af tveimur um ný fjölmiðlalög



Í nýjum lögum um fjölmiðla er kveðið á um að ávallt sé upplýst með gegnsæjum og aðgengilegum hætti fyrir almenning hvernig eignarhaldi fjölmiðla sé háttað. Þá var kveðið á um skipan þverpólitískrar nefndar með fulltrúum allra þingflokka, sem hefur það hlutverk að kanna samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði hér á landi og gera eftir atvikum tillögur um einhverjar skorður í þeim efnum. Er hún nú að störfum og á að skila tillögum í sumar.

**Skráningarskylda fjölmiðla**

Sá misskilningur hefur komið upp að nýju fjölmiðlalögin geri bloggsíður og almennar vefsíður skráningarskyldar. Hið rétta er að aðeins þær vefsíður teljast til fjölmiðla sem hafa sérstaka ritstjórn skv. skilgreiningu laganna og afar umfangsmiklum skýringum í greinargerð. Þær byggjast að nokkru leyti á skilgreiningum og túlkunum á tilskipun ESB sem innleidd er í fjölmiðlalögunum.

Skilgreiningar á ritstjórn ná einnig til prentmiðla og fjölmiðla á netinu. Gert er ráð fyrir að hugtakið ritstjórn sé túlkað þröngt því starfsemi einstaklings sem rekur vefsíðu getur aðeins í undantekningartilvikum talist fjölmiðill miðað við þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi, t.d. hvort viðkomandi hafi það að atvinnu að miðla og bera ábyrgð á ritstjórnarlegri skipan efnis og hvort megintilgangur viðkomandi fyrirtækis eða einstaklings sé að miðla fjölmiðlaefni. Af þessu leiðir að mikill meirihluti alls þess efnis sem miðlað er á vefnum fellur ekki undir hugtakið fjölmiðil. Þó verður að líta svo á að með breyttri fjölmiðlanotkun almennings verði að fella vefsíður, sem sannarlega geta talist fjölmiðlar, undir hugtakið þannig að þeir hljóti sömu réttindi og hafi sömu skyldur og prent- og ljósvakamiðlar.

> Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er því ekki hægt að kæra ákvarðanir hennar til ráðherra.

**Fjölmiðlanefnd og hlutverk hennar**

Fyrir bankahrunið var sú skoðun almenn að fjármálafyrirtæki væru ekki frábrugðin öðrum fyrirtækjum og því væri sérstakt eftirlit með starfsemi þeirra ónauðsynlegt, jafnvel óæskilegt. Þessi afstaða er nú á undanhaldi enda flestum ljóst að fjármálafyrirtæki gegna lykilhlutverki í gangverki efnahagslífs hvers samfélags. Með sama hætti gegna fjölmiðlar lykilhlutverki í lýðræðisríkjum eins og hér hefur verið lýst. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er m.a. vikið að stöðu fjölmiðla og umfjöllun þeirra um fjármálamarkaðinn árin fyrir hrunið. Þar er mælt með að komið verði á „faglegu eftirliti með fjölmiðlum sem hafi það að markmiði að tryggja að þeir ræki af ábyrgð hlutverk sitt í lýðræðisríki og verndi almannahagsmuni“.

Samkvæmt fjölmiðlalögum er fjölmiðlanefnd ætlað að sjá um þetta eftirlit auk þess að framfylgja markmiðum laganna, þ.á m. um gagnsæi eignarhalds og að fjölmiðlar fari að lögum, t.d. um efni sem getur verið skaðlegt börnum eða um aðgreiningu auglýsinga og ritstjórnarefnis.

Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd og er því ekki hægt að kæra ákvarðanir hennar til ráðherra. Þetta fyrirkomulag er haft til að tryggja sjálfstæði hennar gagnvart framkvæmdavaldinu. Hér er því engin breyting frá því fyrirkomulagi sem verið hefur með útvarpsréttarnefnd, sem hefur eftirlitshlutverki að gegna gagnvart ljósvakamiðlum. Ákvörðunum hennar hefur ekki verið hægt að áfrýja til annars stjórnvalds. Breytingin felst hins vegar í því að fjölmiðlanefndin er fjölmennari auk þess sem hún mun hafa starfsfólk og er því fyrirkomulagi m.a. ætlað að auka sjálfstæði nefndarinnar. Útvarpsréttarnefndin heyrði beint undir ráðherra og öll stjórnsýsla hennar hefur farið fram í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þó að ekki sé hægt að skjóta úrskurðum fjölmiðlanefndar til annars stjórnvalds er ávallt hægt að fara með þá fyrir dómstóla. Nefndin verður skipuð fimm fulltrúum, tveimur tilnefndum af Hæstarétti, einum tilnefndum af Blaðamannafélagi Íslands, einum tilnefndum af samstarfsnefnd háskólastigsins og einum tilnefndum af mennta- og menningarmálaráðherra. Er þetta fyrirkomulag viðhaft til að tryggja sjálfstæði fjölmiðlanefndar með sem bestum hætti gagnvart pólitískum áhrifum.

Ég vek sérstaka athygli á því að mörg ákvæði í frumvarpinu eru beinlínis sett í þeim tilgangi að tryggja virkt tjáningarfrelsi og þar með opna umræðu og skoðanaskipti. Hafa verður í huga að flest þessara ákvæða hafa verið í lögum um árabil, án þess að þeim hafi verið framfylgt á virkan hátt. Er það æskilegt? Andstætt því sem margir virðast halda sýnir reynsla annarra ríkja að virkt eftirlit með starfsemi fjölmiðla tryggir betur tjáningarfrelsi og er til þess fallið að auka traust almennings á fjölmiðlum.




FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

# Hljómleikarnir í London 1985

Menning

Einar Benediktsson

fyrrverandi sendiherra



Fyrir einum þremur áratugum spurðist það til okkar sem vorum erlendis, að langþráður skriður væri kominn á að reisa tónleikahöll í Reykjavík. Það var til vansa að víðfrægir erlendir hljómlistamenn urðu að sæta þeirri allsendis ófullnægjandi aðstöðu, sem Íslendingar máttu láta sér nægja. Svissneskir aðstandendur evrópsku tónlistarhátíðanna sögðu mér að með góðri tónlistarhöll ættu Íslendingar að komast inn í þá röð. Slík fjárfesting myndi fljótt skila sér.

Það mun hafa verið á Listahátíð 1984 að breska sinfóníuhljómsveitin Philharmonia heimsótti Ísland. Eftir þá ferð sneri framkvæmdastjóri hennar, Archie Newman, sér til mín, þá sendiherra í London. Sagði hann að hljómsveitin hefði samþykkt að færa sem gjöf sinn hlut af flutningi á stórtónleikum í Royal Festival Hall til byggingar tónlistarhallar í Reykjavík. Stefnt skyldi hátt og yrði að fá Vladimir Ashkenazy til að stjórna. Vænlegast væri að sendiherrann bæri það upp. Vegna bókana kæmi aðeins til greina einn dagur þennan vetur. Þetta var tilefni þess að ég átti símtal við Ashkenazy á heimili hans í Sviss og féllst hann á að stjórna Philharmonia 26. febrúar 1985. Síðar í London sagði hann, að þetta væri brúðkaupsdagur þeirra Þórunnar og hefði hann brugðið af fastri venju að vinna ekki þann dag. But I will do anything for Iceland, sagði snillingurinn sá.

> Viðstödd voru forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir og Charles prins af Wales og Lady Diana.

Eftir þetta var framundan mikil vinna til undirbúnings þessum „gala“ eða hátíðatónleikunum. Viðstödd voru forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir og Charles prins af Wales og Lady Diana. Íslensku fyrirtækin í Bretlandi studdu tónleikana dyggilega með miðakaupum á hækkuðu verði fyrir fjölmarga boðsgesti þeirra. Þá var gefið út afar glæsilegt kynningarrit fyrir tónleikana með útskýringum á verkunum sem flutt voru eftir Sibelius, Grieg og Dvorak. Þar var mjög vinsamleg úttekt á tónlistarlífi og kennslu á Íslandi. Auglýsingar keyptar dýru verði voru frá íslenskum og breskum fyrirtækjum og bönkum. Var tónleikunum tekið af miklum fögnuði og ekki hvað síst frábærum flutningi söngkonunnar Elisabeth Söderström.

Eftir tónleikana héldum við Elsa fjölsótta móttöku í sendiherrabústaðnum að 101 Park Street til heiðurs forseta Íslands. Daginn eftir var kvöldverður á vegum íslensku nefndarinnar og er mér minnistæður vegna ræðu sem Söderström hélt og minntist þá Guðmundar Jónssonar, skólabróður síns úr söngnámi í Stokkhólmi. Hann hafði til að bera hina fegurstu söngrödd og hefði orðið stjarna við hvaða óperu sem var í Evrópu en kaus að halda heim til Íslands.

Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að drýgstan þátt í þessu tónleikaævintýri hafi átt heiðursmaðurinn Archie Newman. Hann hafði áður stuðlað að samvinnu við sendiráðið vegna tónleika til kynningar á verkum Áskels Mássonar í Wigmore Hall 19. mars 1984.

GJAFABÆKURNAR FÁST Í EYMUNDSSON

# 501 hugmynd að eigulegri gjöf




Við bjóðum uppá mikið úrval af erlendum gjafabókum í öllum verðflokkum og pökkum inn fyrir þig þér að kostnaðarlausu.

Athugið að úrval er mismunandi eftir verslunum.



Mundu eftir gjafakortunum | Eymundsson.is

Skiptimiðinn

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

ÚR ERLENDUM FJÖLMIÐLUM

## Sömu lög gildi um alla kvennamenn

Ef framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Dominique Strauss-Kahn, er sekur um nauðgunartilraunina sem hann er grunaður um, þýðir það ekki bara að ferli hans sé lokið og að hann geti gleymt draumum sínum um að verða forseti.

Það er einnig þungt högg gegn franska sósíalistaflokknum sem hann átti að bjarga og varpar óneitanlega löngum skugga á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Engan á að dæma fyrirfram en það er einnig merkilegt að svo margir skuli vera reiðubúnir að fyrirgefa áður en skorið hefur verið úr málinu. Það er vegna þess að Strauss-Kahn er alræmdur kvennamaður – eins og það séu mildandi aðstæður. Nú er það bara spurningin hvort eitt af meintum fórnarlömbum, hótelþernan, hafi verið óviðurkvæmilega klædd.

www.hbl.fi

**Úr leiðara Hufvudstadsbladet**

RE/MAX Lind

Vegna aukningar á sölu fasteigna vantar okkur eignir í sölu.

Hringdu núna og ég veiti þér góða þjónustu

Hafðu samband
773 6262



Árni Þór
Sölufulltrúi
arni@remax.is
Sími: 773 6262



Þórarinn Jónsson hdl.
lögg. Fasteignasali

Helgarblað
alla laugardaga



Á leiðinni til Kína
Sextán ára tvíburasysturnar í Pascal Pinon fengu hæsta framlag Kraums tónlistarsjóðs í ár.

Meðal annars efnis:

Metsöluhöfundur í Frakklandi
Auður Ava Ólafsdóttir vinnur að nýrri bók og leikriti.

Feilnóturnar sem heimurinn heyrði
Vandræðaleg augnablik tónlistarmanna á sviði í gegnum tíðina.




Allt sem þú þarft

# Öll hverfi skipta máli í Garðabæ

Skipulagsmál



**Stefán Konráðsson**
bæjarfulltrúi og formaður skipulagsnefndar

Á vettvangi Skipulagsnefndar Garðabæjar hefur á undanförnum mánuðum verið unnið að mörgum og mikilvægum verkefnum. Hæst ber deiliskipulagsvinnu á Arnarnesi, Túnum og í Garðahverfi. Með þessari deiliskipulagsvinnu leggja bæjaryfirvöld áherslu á að styrkja og styðja við núverandi byggðamynstur. Haldnir hafa verið fjölmennir og áhugaverðir íbúafundir þar sem ýmis sjónarmið og skoðanir íbúa hafa verið viðraðar.

Á undanförnum vikum hefur varamaður M-listans í skipulagsnefnd farið mikinn í fjölmiðlum og tjáð skoðanir sínar á deiliskipulagi Arnarness og Túna. Ég geri ekki lítið úr þeim viðhorfum sem þar hafa komið fram en legg áherslu á að við sem erum kjörin til starfa á þessum vettvangi kynnum okkur allar hliðar mála til að fá fram meiri dýpt í umræðuna.

Varðandi deiliskipulag Túna hafa aðallega komið fram athugasemdir varðandi svæði þar sem Kiwanismenn hafa sína aðstöðu í gömlum skúr við róluvöll. Þá hefur verið kvartað yfir hávaða í tengslum við útleigu samkomusalar Skátaheimilisins, aðstöðu Garðyrkjudeildar við hliðina á Skátaheimilinu og fyrirhugaðan reit fyrir færanlega skólastofu við Bæjarból.

Í núverandi vinnu okkar er gert ráð fyrir að svæði þar sem aðstaða Kiwanis er í dag verði útbúinn Bragalundur til minningar um sr. Braga Friðriksson, sóknarprest og heiðursborgara Garðabæjar. Þar með verði aðstaða Kiwanis víkjandi á næstu árum og ekki gert ráð fyrir byggingarreit fyrir umrætt hús. Kiwanismenn hafa unnið gríðarlega mikilvægt samfélagsstarf í Garðabæ. Til framtíðar verður að leysa þeirra húsnæðismál. Gert er ráð fyrir að aðstaða Garðyrkjudeildar verði færð og svæðið við hliðina á Skátaheimilinu verði gert að opnu svæði. Þá eru skoðaðar hugmyndir um byggingareiti við Skátaheimilið, m.a. annars til að mæta kröfum um ferlimál fatlaðra en einnig til að skerma af starfsemi í Skátaheimilinu til að minnka ónæði fyrir nágranna. Skátastarfsemin er mikilvæg fyrir samfélag okkar í Garðabæ og þar er unnið gott starf. Skipulagsnefnd fjallar ekki um útleigumál félagasamtaka. Í aðalskipulagi fellur þetta svæði undir blandaðan landnotkunarflokk sem grænt svæði til sérstakra nota og sem athafnasvæði.

Á síðasta ári felldi úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála deiliskipulag Arnarness úr gildi vegna formgalla við upphaflega samþykkt skipulagsins á sjöunda áratug síðustu aldar. Skipulagsyfirvöldum var því nauðugur einn kostur að vinna nýtt deiliskipulag fyrir svæðið. Varðandi þetta deiliskipulag hefur varamaðurinn fjallað mest um göngustíg í kringum Arnarnes. Auðvitað yrði pólitískt vinsælt fyrir sveitarstjórnarmann gagnvart fjöldanum að beita sér fyrir göngustíg um Arnarnes og tengja þannig strandstígakerfið á höfuðborgarsvæðinu.

En málið er ekki svo einfalt. Þetta mál snýst m.a. um eignarhald á landi, legu lóða við fjörubakkann, friðlýsingu Skerjafjarðar og síðast en ekki síst um það að eigendur sjávarlóða keyptu þær á sínum tíma í þeirri trú að ekki væri gert ráð fyrir stíg milli lóðanna og fjörunnar, enda var um vel skipulagða einbýlishúsabyggð að ræða.

Í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 er skilgreind svokölluð „útivistarleið“ umhverfis Arnarnesið. Sú leið var farin til þess að árétta að samkvæmt lögum og venju í landinu er almenningi heimil för meðfram ströndum. Það er ekki hægt að bera saman stígagerð á þessu svæði og í Skerjafirði og Kópavogi. Landlega, lóðir og fyrirkomulag er með öðrum hætti þar. Umrædd útivistarleið er skilgreind í aðalskipulagi en nú er unnið að deiliskipulagi svæðisins og lögum samkvæmt skal vera samræmi á milli skipulagsstiga. Ef gera ætti breytingu á skilgreiningum stíga þyrfti að koma til langur aðdragandi á aðalskipulagsstigi. Sem mótvægisaðgerð er rætt um að hafa þrjá útsýnispunkta við fjörubakkann á Arnarnesi fyrir gesti og gangandi og unnið er með spennandi hugmyndir varðandi stígagerð á svæðinu sem meðal annars koma vel til móts við síaukna hjólanotkun og ferð hjólreiðamanna til og frá vinnu. Auk þessa er unnið með hugmyndir um opið svæði á háholti Arnarness, nýtingarhlutfall lóða og gróður á svæðinu. Og að sjálfsögðu unnið með ýmis önnur atriði í öllu deiliskipulagi.

> Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa ætíð lagt metnað sinn í að vinna af heilindum með íbúum sínum að framgangi mála og svo verður áfram.

Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa ætíð lagt metnað sinn í að vinna af heilindum með íbúum sínum að framgangi mála og svo verður áfram. Auðvitað koma upp einstaka álitamál en okkar markmið er nú eins og ævinlega að vinna fyrir íbúana og með þeim. Eins og áður sagði verða ofangreindar deiliskipulagstillögur settar í auglýsingaferli til athugasemda á næstu vikum. Íbúum gefst þá tækifæri að koma formlega á framfæri athugasemdum sínum og hvet ég íbúa Garðabæjar eindregið til þess að kynna sér tillögurnar.

# Takk!

Menntun



**Erla Skúladóttir**
mamma

Í vetur syntum við fjölskyldan á móti straumnum og fluttum til Íslands eftir fjögurra ára búsetu í Svíþjóð. Við höfðum auðvitað, eins og aðrir Íslendingar, fylgst með hinni neikvæðu umræðu á landinu bláa í kjölfar efnahagshrunsins en mátum þó kostina við að flytja heim ríkari en gallana. Eitt átti þó eftir að koma okkur verulega á óvart. Í fyrirheitna landinu Svíþjóð gengu synir okkar í leik- og grunnskóla í útjaðri Stokkhólms, sem þykir býsna góður á sænskan mælikvarða. Strákarnir voru ánægðir og við foreldrarnir nokkuð sátt við faglegt starf og aðbúnað. Við reiknuðum að sjálfsögðu með viðbrigðum þegar við flyttum til Íslands, enda höfðu synirnir náð að festa rætur í hinu sænska umhverfi.

### Ótrúleg viðbrigði – einstakt grunnskólastarf

Viðbrigðin reyndust hins vegar önnur og meiri en við höfðum átt von á og – ótrúlegt en satt – hinu íslenska leik- og grunnskólakerfi í hag. Eldri sonur okkar, sex ára, datt inn í fyrsta bekk í Foldaskóla þegar liðnir voru tæpir tveir mánuðir af skólaárinu. Ekki leið á löngu áður en hann lýsti því yfir að það væri skemmtilegra á Íslandi en í Gröna Lund, tívolíinu í Stokkhólmi! Skólastarfið í Foldaskóla einkennir mikil fagmennska og metnaður. Strax í sex ára bekk er á stundaskránni einn sundtími í viku, tveir íþróttatímar, einn danstími og tími í upplýsingatækni – fyrir utan hinar hefðbundnu námsgreinar. Sonurinn bókstaflega blómstrar! Í Svíþjóð höfðum við upplifað sex ára bekkinn sem beint framhald af leikskólanum þar sem fjölbreytni var lítil og metnaður fremur takmarkaður. Það er ótrúlegt til þess að hugsa hve mikið skólastarf á Íslandi hefur breyst frá því að við foreldrarnir hófum skólagöngu. Framfarirnar eru með ólíkindum! Mig langar til þess að nota tækifærið og hrósa því frábæra starfi sem unnið er í Foldaskóla.

> Það er ótrúlegt til þess að hugsa hve mikið skólastarf á Íslandi hefur breyst frá því að við foreldrarnir hófum skólagöngu. Framfarirnar eru með ólíkindum!

### Leikskólinn ekki síðri

Ekki er starfið síðra sem unnið er á leikskólanum Regnboganum í Ártúnsholti, en þar er þriggja ára sonur okkar lungann úr vikunni. Aðbúnaður er allur til fyrirmyndar og starfsfólkið ekkert annað en stórkostlegt. Þroskastökkið sem sá litli hefur tekið á þeim sjö mánuðum frá því við fluttum til landsins er ótrúlegt og upplifun okkar er sú að metnaðarfullt leikskólastarfið eigi þar stóran þátt. Sonurinn syngur út í eitt og er alsæll á leikskólanum – og í lífinu yfirleitt – og við foreldrarnir erum þakklát eftir því.

### Frístundastarf til fyrirmyndar

Þá er ótalið það frístundastarf sem íslenskum börnum stendur til boða. Það er umtalsvert aðgengilegra en við eigum að venjast frá Svíþjóð og aðbúnaður barnanna algjörlega frábær. Við erum svo heppin að hafa bæði fengið að kynnast því framúrskarandi starfi sem unnið er í Tónlistarskóla Grafarvogs og hjá íþróttafélaginu Fjölni. Það er ekki sjálfgefið að hafa aðgang að svo fjölbreyttum og þroskandi frístundum. Takk!

### Þökkum það sem vel er gert

Ég geri mér grein fyrir því að upplifun fólks er sjálfsagt mismunandi af leik- og skólastarfi á Íslandi og geri alls ekki lítið úr niðurskurði sem orðið hefur og boðaður hefur verið á þessu sviði en mig langar til þess að hvetja foreldra til þess að staldra aðeins við og þakka fyrir það sem vel er gert í umhverfi barnanna okkar. Grasið er ekki alltaf grænna hinum megin.



**Bíla- og tækjasýning** verður í Fífunni í Kópavogi á laugardag og sunnudag. Þar verður að finna nýjustu bílana á markaðnum en einnig verða frumsýndar nýjar gerðir bíla. Ofursportbíllinn Porsche 911 Speedster verður á sýningunni en hann var fluttur sérstaklega til landsins vegna hennar. Opið er frá 11 til 18 báða dagana.








**Andrea Guðmundsdóttir og Margrét Þóra Þorláksdóttir úr mötuneyti LHÍ hafa gefið út matreiðslubók.**

# 105 réttir úr stofu 105



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það besta við starfið er að finna þakklæti nemendanna auk þess sem eintóm gleði umlykur fólkið hér í Listaháskólanum," segir Margrét Þóra Þorláksdóttir sem ásamt Andreu Guðmundsdóttur rekur mötuneyti í Listaháskóla Íslands. Nýlega var gefin út matreiðslubókin Hundrað og fimm með 105 uppskriftum úr þeirra fórum en mötuneytið reka þær einmitt í stofu 105.

„Nemendur og starfsfólk skólans var oft að koma að máli við okkur og biðja um uppskriftir að hinu og þessu og hvetja okkur til að gefa út bók. Svo fannst okkur að slík bók gæti verið upplagt lokaverkefni nemanda í grafískri hönnun með áhuga á ljósmyndun," upplýsir Margrét en ritstjóri, hönnuður, umbrotsmaður og ljósmyndari bókarinnar er Rut Ingólfsdóttir.

Bókinni er skipt eftir virkum vikudögum. Í mánudagskaflanum eru súpur, síðan koma koll af kolli grænmetisréttir, kjötréttir, sjávarréttir og síðan ýmislegt gott í föstudagskaflanum. „Við ákváðum strax í upphafi að bjóða upp á hollan og heimilislegan mat sem eldaður væri frá grunni," segir Margrét en þegar þær Andrea tóku við mötuneytinu fyrir um fjórum árum hafði ekki verið slíkt í skólanum í nokkur ár. Þeim vinkonum var afskaplega vel tekið og hefur hróður þeirra borist víða. „Það er alltaf að fjölga hjá okkur en í hádeginu á degi hverjum koma til okkar í kringum 50 til 70 manns," segir Margrét og tekur fram að bókin fáist í Eymundsson og víðar.

*solveig@frettabladid.is*

## BARBECUE-KJÚKLINGASALAT

Réttur 102 í bókinni

4 kjúklingabringur, skornar í litla bita
salt og pipar
1 dl barbecuesósa

*Steikið kjúklingabitana og kryddið. Hellið sósunni út á pönnuna og látið malla í smástund eða þar til gegnumsteikt. Kælið.*

**Salat**
blandað salat
rauðlaukur
tómatar
papríka
vínber, skorin í tvennt
fetaostur

*Blandið öllu í skál eða fat og setjið kjúklinginn saman við. Berið fram með tortillaflögum.*








**Vorsýning Iðnskólans í Hafnarfirði** verður opnuð formlega af forseta Íslands á morgun. Margt athyglisvert gefur að líta. Þar má nefna sérsmíðaða hágæða magnara og hamfaraútvarp, líkan af Krýsuvíkurkirkju og fjölda smíðisgripa. Sýningin er í húsnæði skólans að Flatahrauni 12 og verður opin frá kl. 13 til 16 til 29. maí.


nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500



ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál

GÆÐAFISKUR
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.




Margt verður á boðstólum á morgun.

## Kompumarkaður listakvenna

LISTAKONURNAR Í VERSLUNINNI KIRSUBERJATRÉNU HALDA MARKAÐ Á LAUGARDAGINN.

Kompumarkaður listakvennanna sem reka Kirsuberjatréð verður haldinn í porti á bak við verslunina að Vesturgötu 4 á morgun milli klukkan 12 og 17. Þar verður ýmislegt á boðstólum sem listakonurnar og hönnuðirnir þrettán sem standa að versluninni hafa fundið í geymslum sínum. Þar má finna allt frá leikföngum og barnafötum til einstakra listmuna. Kirsuberjatréð hefur verið á Vesturgötunni í tvo áratugi og kannast því margir við hina smáu en sjarmerandi búð. Hún er í húsi frá 1882 sem byggt var sem verslunarhúsnæði og skartar enn upprunalegri innréttingu.





Útivist með átökum og nesti er flestum að skapi. Farið saman í fjallgöngu, busl í sveitalaug eða upplifið eitthvað nýtt sem þjappar fjölskyldunni saman og skapar ógleymanlegar minningar. Útreiðartúr í fallegu umhverfi er spennandi ævintýri öllum sem aldrei hafa setið hest, en líka þeim sem eiga hesta og þekkja ánægjuna af útreiðum.

# Unglingaveik saman

**Unglingar eru yndislegt fólk sem fullorðnir fara gjarnan á mis við þegar vinir verða mikilvægari en gæðastundir með foreldrum. Missum ekki af samvistum við þá heldur gerum eitthvað skemmtilegt saman.**

Helgarplön barnafjölskyldna snúast oftar en ekki um að gera litlum börnum til hæfis en unglingar hafa alveg jafn mikla þörf fyrir tíma og ævintýri í faðmi sinna nánustu. Gleymum ekki að knúsa táninga á sömu lund og við krúttumst í smáfólkinu og skipuleggjum helgarfrí með þeirra áhugamál og upplifanir í huga. Þannig styrkjast fjölskyldutengslin á sama tíma og samvera fjölskyldunnar verður eftirsóknarverðari í huga unglingsins. - *þlg*



Flestir krakkar komast á hryllingsskeiðið þegar þeir komast á táningsaldurinn og skotheld skemmtun fyrir fjölskylduna er að reyna á þanþol tauganna í þreföldum draugagangi á Draugasetrinu á Stokkseyri.



Rokktónleikar hitta beint í mark hjá unglingum og leyndur draumur margra er að sjá átrúnaðargoð sín með pabba og mömmu.


LAGERSALA
40-80% afsláttur
Laugardag & sunnudag
opið 10-16 báða dagana
Ath LAGERSALAN er flutt á Laugaveg 178, næsta hús við verslun Lín Design
Rúmfatnaður handklæði dúkar rúmteppi löberar
Lín DESIGN
LAGERSALA Lín Design Laugavegi 178 www.lindesign.is




Á kósíkvöldi fjölskyldunnar er gaman að maula popp yfir uppáhalds unglingamynd hvers og eins í fjölskyldunni og upplifa hlátrasköll og undrunaróp yfir því sem er hallærislegt nú en var heitasta heitt á ungdómsárum foreldranna.



Unglingar vilja gera gagn, svo deilið út verkefnum í garðinum og vinnið saman að því að fegra ásýnd heimilisins með því að gróðursetja sumarblóm, snyrta runna, reyta arfa og slá blettinn.



Keila er fullkomið fjölskyldusport þar sem unglingar skora foreldra sína á hólm eða keppa með þeim í liði í stórskemmtilegum leik og fjörugu andrúmslofti. Gaman er að keppa til hóflegra verðlauna sem vekja kátínu um leið.



Unglingar elska að borða skyndibita í samfélagi við mömmu, pabba og systkini sín, enda er matmálstími tilvalinn tími til ljúfra samverustunda þar sem farið er yfir málin og sagðar sögur úr hvunndagslífinu.



Einkaflugmannsnám
Hefst 30. maí 2011
Hefur þú hug á að starfa sem atvinnuflugmaður?
Þá er einkaflugmannsnám fyrsta skrefið í átt að draumnum.
Skráning á **www.flugskoli.is**
www.facebook.com/flugskoli
Flugskóli Íslands
Tækniskólinn
www.flugskoli.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 20. maí 2011



## Guðmundur Jörundsson

### Fatahönnuður og fótboltabulla

- Verslunin Lóla opnar
- Á rúmstokknum
- Vorlitir í snyrtivörum

FRÁBÆRT TÖLVUTILBOÐ

AMD turnvél 3

- CoolerMaster Elite 430 leikjaturn
- Athlon II X3 455 3,3 GHz TripleCore
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 750GB SATA 3 WD diskur
- Geforce N450GTS 1GB DDR5 skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort - 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita

COOLER MASTER

TILBOÐ

Kr. 109.950

AMD Athlon 64

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

*Litagleðin ræður*



## RAUÐAR NEGLUR

Það lyftir svolítið upp á daginn að lakka neglurnar í fallegum litum. Rauðar neglur í stíl við túlipana og rósir eru skemmtilegar yfir sumartímann.

## blogg vikunnar

### Í anda indíánanna

Ástralska bloggsíðan www.buffalogirlbyronbay.blogspot.com er stútfull af sumarlegum ljósmyndum og hippalegum klæðnaði. Þeir sem eru að leita sér að innblæstri fyrir sumarið ættu að leggja leið sína á síðuna og skoða fallegan klæðnað ástralskra kvenna, en þær virðast margar hverjar sækja sinn innblástur til indíána.



### Við fyrstu sýn

Bloggsíðan www.look-i-like.blogspot.com er íslensk og haldið úti af ungri stúlku sem elskar tísku. Síðan samanstendur af alls kyns skemmtilegum myndum og stuttum texta við hverja og eina. Þessari síðu má endilega bæta við hinn daglega bloggrúnt sinn.



Plötuútgefandinn Haraldur Leví Gunnarsson opnar verslun ásamt kærustu sinni:

# ÚR TÓNLIST Í TÍSKUNA

Plötuútgefandinn Haraldur Leví Gunnarsson opnaði tískuverslunina Lólu við Laugaveg 55 ásamt kærustu sinni, Eddu Ýr Aspelund, í gær. Verslunin selur notaðan fatnað og er hver flík sérvalin af Haraldi og Eddu.

„Við ætluðum okkur að opna verslun síðasta sumar en það varð ekkert úr því þá. Við ákváðum því að kýla á þetta í sumar og höfum nú unnið hörðum höndum að því að koma öllu í stand. Við höfum staðið hér undanfarna daga með pensil í hönd og unnið að því að koma húsnæðinu í almennilegt stand," segir Haraldur Leví sem einnig er eigandi hljómplötuútgáfunnar Record Records og fyrrum trymbill hljómsveitanna Lödu Sport og Lifun.

Að hans sögn sér Edda Ýr að mestu um innkaupin fyrir verslunina en Haraldur Leví segist hafa aðstoðað við valið á karlmannafatnaðinum. „Við fórum í ferð til Bretlands til að kaupa fyrstu pöntunina. Við versluðum allan daginn, bæði fyrir búðina og svo auðvitað eitthvað aðeins á okkur sjálf líka. Þetta var hörkupúl, get ég sagt þér," útskýrir Haraldur Leví.

Opnun Lólu var í gær og segjast þau spennt að sjá hvernig viðtökur viðskiptavina verði í nánustu framtíð. „Við erum rosalega spennt fyrir þessu öllu og getum ekki beðið eftir því að fá fólk í heimsókn til okkar," segir Haraldur Leví að lokum.

- sm



**Opna saman verslun** Plötuútgefandinn Haraldur Leví Gunnarsson og kærasta hans, Edda Ýr Aspelund, opnuðu í gær verslunina Lólu. Í versluninni verður hægt að kaupa flottan notaðan fatnað. FRÉTTABLAÐIÐ/






List í miðborg Reykjavíkur:

# List í háloftunum



Ekki missa af katalónska hópnum La Fura dels Baus á Austurvelli á morgun. Hópurinn verður með fjölmörg lífleg atriði víða um Austurvöll bæði á jörðu niðri og í háloftunum og fara sum atriðin fram í allt að fimmtíu metra hæð. Hópurinn varð til fyrir þrjátíu árum í Barcelona, þá sem götuleikhús, og vakti strax heimsathygli fyrir einstök atriði sín.

Þetta er skemmtun sem borgarbúar eiga ekki að láta fram hjá sér fara.

Plötusnúðurinn DJ Equal spilar á Vegamótum:

# Tryllir dansglaða Íslendinga í kvöld

Plötusnúðurinn DJ Equal mun þeyta skífum á skemmtistaðnum Vegamótum í kvöld. Plötusnúðurinn er þekktur í heimaborg sinni, New York, og spilar reglulega á vinsælustu skemmtistöðum borgarinnar.

DJ Equal hefur spilað með nokkrum þekktum tónlistarmönnum og hljómsveitum og má þar helst nefna N.E.R.D, A-Trak, Bag Raiders, Jay-Z, Beyoncé og The Raptures. Hann hefur að auki ferðast um heiminn undanfarið ár og leikið fyrir dansi á nokkrum af vinsælustu skemmtistöðum heims og í kvöld fá Íslendingar að njóta hæfileika hans. Honum til halds og traust eru reynsluboltarnir Benni B-Ruff og Jay-O.

Gamanið hefst klukkan 23 og er aðgangur ókeypis.



**ÞEYTIR SKÍFUM** DJ Equal þeytir skífum á skemmtistaðnum Vegamótum í kvöld. Hann er vinsæll plötusnúður í New York og hefur meðal annars spilað með Jay-Z. NORDICPHOTOS/GETTY

## augnablikið



**GLÆSILEG** Elizabeth Olsen, yngri systir tvíburanna Ashley og Mary-Kate Olsen, hefur erft tískuvit systra sinna. Hún klæddist þessum síðkjól við frumsýningu myndarinnar Martha Marcy May Marlene í Cannes. NORDICPHOTOS/GETTY


Justin Bieber notar Proactiv® Solution

Burt með bólurnar!

Í **Proactiv® Solution** eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
**REYKJAVÍKURAPÓTEK**, Seljavegi 2 // **LYFJABORG APÓTEK**, Borgartúni 28 // **GARÐSAPÓTEK**, Sogavegi 108
**URÐARAPÓTEK**, Grafarholti // **RIMA APÓTEK**, Grafarvogi
**APÓTEK HAFNARFJARÐAR**, Tjarnarvöllum 11
**ÁRBÆJARAPÓTEK**, Hraunbæ 115 // **LYFJAVER** Suðurlandsbr. 22



60 DAGA SKILARÉTTUR

Heilsubudin.is - bætt útlit, betri líðan



föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@365.is og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

**FRITZ HANSEN, ROSENDAHL,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
ARTIFORT, KNOLL, STELTON
OG ALLIR HINIR**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

**Í DAG FÖSTUDAG
OG Á MORGUN
LAUGARDAG**




**1.** Yves Saint Laurent.
**2.** Yves Saint Laurent.
**3.** MAC **4.** Make Up Store.

Litagleðin verður allsráðandi í sumarförðuninni:

# Gulur, rauður, grænn og blár

Dökkir litir hafa verið ríkjandi í snyrtivörum í vetur en nú taka bjartari tímar við. Pastellitir, appelsínugulir tónar og fallegir fjólubláir litir munu leysa af dökka varaliti og svört naglökk.

Fjólubláu litina mátti sjá víða á tískuvikunni í New York síðasta haust, Jason Wu og Rag & Bone voru á meðal þeirra hönnuða sem féllu fyrir þessum fallega lit. Látlaus og náttúruleg förðun verður einnig vinsæl í sumar og þar koma appelsínugulu tónarnir sterkir inn, enda sérstaklega frískandi og fallegir. Litaglaðar dömur þurfa þó ekki að örvænta því skærlitar varir og neglur og sterkir augnskuggar verða líka áberandi í sumartískunni líkt og hjá hönnuðinum Derek Lam.



**Christian Dior** Förðunin á sýningu Dior í haust þótti litrík og lífleg. Fjólubláir tónar verða áberandi í sumarblíðunni. NORDICPHOTOS/GETTY



**Andy & Debb** Fyrirsæta með létta og náttúrulega förðun á Tískuvikunni í New York. Appelsínuguli varaliturinn verður sérstaklega vinsæll í vor og sumar.



**1.** Make Up Store. **2.** Yves Saint Laurent. **3.** Yves Saint Laurent. **4.** MAC.




**1.** Bobbi Brown frá Lyfjum og heilsu. **2.** Make Up Store. **3.** MAC. **4.** Helena Rubinstein. **5.** Yves Saint Laurent.



**1.** Make Up Store. **2.** Make Up Store. **3.** Bobbi Brown frá Lyfjum og heilsu.

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Draumastarf í draumalandi?



Langar þig að segja sögur af landi og þjóð? Þá er leiðsögunám eitthvað fyrir þig.

Nám í Leiðsöguskólanum er fjölbreytt og skemmtilegt og opnar dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi.

INNRITUN STENDUR TIL 30. MAÍ

WWW.MK.IS
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025


the PIER
FOR YOUR HOME
NÝTT KORTATÍMABIL
BASTKOLLUR 9990.-
3990.-
9990.-
KERTAGLÖS 790.-
ÍLÖNG ÚTIKERTI 890.-
ÚRVAL AF LJÓSASERÍUM 2990.-
POLIRATTANSÓFI 29.900.-
LUKTIR FRÁ 890.- MIKIÐ ÚRVAL
KANNA OG GLÖS 1990.-
FUGLAHÚS 790.-
3 FYRIR 2!
PÚÐAR FRÁ 990.-
POLIRATTANSTÓLL 19.900.-
POLIRATTANBORÐ 17.900.-
VINDHARPA 1990.-
1290.-
890.-
SKILRÚM 29.900.-
KISTUR 3 SAMAN 3990.-
TEKETILL 3990.-
SPRENGI-TILBOÐ
TILBOÐSVERÐ 199.000.-
RÉTT VERÐ 259.000.-
FULLT AF NÝJUM SÓFUM
3 FYRIR 2
AF SNYRTIVÖRUM KERTUM OG PÚÐUM
MATARSTELL FRÁ 540.-
BAKKI 2590.-
KÖKUDISKUR 690.-
the PIER
KÍKTU Á OKKUR Á FACEBOOK
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

* myndaalbúmið



Ég í fangi ömmu minnar, Dóru heitinnar. Drottinn blessi minningu hennar, við vorum bestu vinir.



Þórður bróðir og ég í veiðileik eins og flest kvöld. Við vorum og erum bestu vinir.



Tilvonandi eiginkona mín og ég á fyrstu ljósmyndasýningu hennar hérlendis. Við vorum og erum bestu vinir.



Brot úr línu sem ég hannaði fyrir Kormák & Skjöld árið 2010.



**Efnilegur** Guðmundur Jörundsson er eini strákurinn sem útskrifaðist úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands. Hann er einnig einlægur aðd

# BRJÁLUÐ FÓTBOLT

**Guðmundur Jörundsson var eini strákurinn sem útskrifaðist úr fatahönnunardeild Listaháskóla Íslands í vor. Hann hefur þegar hannað heila fatalínu fyrir Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og dreymir um að stunda framhaldsnám við Central Saint Martins.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Anton Brink

Áhugi Guðmundar á tísku kviknaði á unglingsárunum og sautján ára gamall ákvað hann að hætta í menntaskóla og snúa sér að öðru. Hann hóf störf í Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og vann þar í nokkurn tíma þar til hann ákvað að sækja um í fatahönnunardeild Listaháskólans. „Það ýtti mikið undir tískuáhugann að vinna í Herrafataversluninni og vera í kringum öll þessi klæðskerasaumuðu föt. Ég ákvað svo að sækja um í LHÍ, bjó til möppu og fékk inni."

Þrátt fyrir að hafa verið eini strákurinn í bekknum segist Guðmundur aldrei hafa verið skilinn út undan. „Þetta var mjög góður bekkur og öll okkar samskipti voru mjög eðlileg. Mér leið alltaf vel í hópi með þessum stelpum."

Guðmundur stefnir á frekara nám í hönnun og dreymir um að stunda framhaldsnám við hinn virta skóla Central Saint Martins í London. Fyrst ætlar hann þó að verða sér úti um meiri starfsreynslu. „Það er mjög erfitt að komast inn í þann skóla enda er hann einn sá besti í heiminum. Það er líka frábær stökkpallur út í atvinnulífið að útskrifast úr þessum skóla. Mig langar reyndar ekkert sérstaklega mikið að búa í London, en það eru bara fordómar í mér," segir hann. Inntur eftir því hvar í heiminum hann mundi helst vilja búa segist hann sérstaklega heillaður af Mongólíu. „Ég rannsakaði fatahefð í Mongólíu fyrir BA-ritgerðina mína og fannst landið mjög heillandi og engu líkt. Draumurinn væri að flytjast þangað einhvern tímann í framtíðinni."

Aðspurður segir hann breska hönnuðinn Alexander McQueen alltaf hafa verið í miklu uppáhaldi hjá sér, en sá lést hinn 11. febrúar í fyrra. „Hann var alltaf í miklu uppáhaldi hjá mér. Sagan segir að hann hafi fjórum sinnum sótt um í Central Saint Martins áður en hann fékk inngöngu, þannig að maður á kannski séns," segir hann brosandi.

### EKKI BARA RETRÓ FÖT

Áður en Guðmundur útskrifaðist úr náminu var hann þegar farinn að hanna sérstaka herralínu fyrir Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar. Línuna mætti kalla klassíska og minntu flíkurnar nokkuð á fatnað breskra herramanna frá því um miðja síðustu öld. Hann segist hafa verið mjög heppinn með það hvað eigendur verslunarinnar voru opnir fyrir hugmyndum hans. Línan seldist vel og viðurkennir Guðmundur að honum hafi í fyrstu þótt skrýtið að afgreiða sína eigin hönnun. „Mér fannst þetta mjög

> * *„Ég er brjáluð fótboltabulla, sem er líklega ágætt mótvægi við fatahönnunina."*

skrýtið fyrst og svolítið óþægilegt að vera í búðinni þegar verið var að selja fötin. Þótt það hafi vanist reyndi ég oftast að koma mér hjá því að selja fötin sjálfur," segir hann.

Aðspurður segist hann oftast sækja innblástur sinn til klassísks herrafatnaðar en viðurkennir þó að hann sé svolítið klofinn þegar komi að hönnun. „Línan sem ég hannaði fyrir Herrafataverslunina er allt öðruvísi en útskriftarlínan mín. Margir halda að ég hanni bara retró föt og þess vegna kom útskriftarlínan mörgum á óvart. Sú lína fer líklega ekki í framleiðslu eða í sölu, enda voru flíkurnar sérsaumaðar á fyrirsæturnar og ég geri ráð fyrir að þeir fái bara að eiga eitthvað af þessu."

Guðmundur hefur verið duglegur við að fá þjóðþekkta karl-


NINGS
Suðurlandsbraut 6
NINGS
Stórhöfða 17 við Gullinbrú
NINGS
Hlíðasmára 12 Kópavogi
Sími 588 9899
www.nings.is







ÍSLENSK HÖNNUN FRÁ JON&YAN®
kello
KRINGLUNNI



áandi íþróttafélagsins Vals.

# TABULLA

menn til að sýna hönnun sína og hafa þeir nú stofnað með sér samtök sem nefnast Módelsamtökin. „Hugmyndin var að fá einhverjar tignarlegar skepnur til að sýna hönnunina og þeir hafa flestir mjög gaman af þessu. Nú hafa verið stofnuð Módelsamtök í kringum þetta og meðlimirnir hittast reglulega til að fara út að borða og svona,“ segir hann og brosir.

## BRJÁLUÐ FÓTBOLTABULLA

Guðmundur er uppalinn í miðbæ Reykjavíkur og á tvö systkini. Hann er miðjubarn en segist þó ekki hafa verið þetta dæmigerða miðjubarn sem hafi þurft að berjast fyrir athyglinni. „Ég var mjög athyglisvert og fjörmikið barn,“ segir hann brosandi.

Auk tískunnar á fótboltaíþróttin allan hug Guðmundar, sem kveðst vera einlægur aðdáandi íþróttafélagsins Vals. „Ég er brjáluð fótboltabulla, sem er líklega ágætt mótvægi við fatahönnunina. Ég spila fótbolta með utandeildarliðinu FC Mjöðm og er líka mikill Valsari. Ég sótti meðal annars um að hanna 100 ára afmælisbúning liðsins, sem var nokkuð snúið verkefni því ég vildi nota bómull í treyjurnar en þessir fótboltamenn vilja ekki spila í neinu nema gerviefnum. Það fór svo að lokum að ég gerði þetta bara eftir mínu höfði og notaði bómull í búningana,“ segir hann hlæjandi. Liðsmenn Vals klæddust búningunum í sérstökum afmælisleik liðsins og voru búningarnir því næst seldir stuðningsmönnum.

Ég fylgist líka með enska boltanum og er United-maður þar, það svalar titlaþörf manns.“ Inntur eftir því hvort hann mundi heldur vilja vera atvinnumaður í fótbolta hjá Manchester United eða hönnuður hjá Alexander McQueen segist Guðmundur mundu kjósa fótboltann fram yfir hönnunina. „Bara af því ég veit að það er ekki séns að það yrði að raunveruleika. Helst mundi ég samt vilja vera atvinnumaður í Val.“

## FRUMBURÐURINN Á LEIÐINNI

Guðmundur trúlofaðist nýverið Kolbrúnu Vöku Helgadóttur og eiga þau von á sínu fyrsta barni í byrjun hausts. Hann viðurkennir að spennandi tímar séu fram undan í einkalífinu og hlakkar mikið til komu frumburðarins. „Ég er orðinn mjög spenntur og eins undirbúinn fyrir þetta hlutverk og maður getur orðið. Ég mun ekki klúðra þessu, það vona ég í það minnsta,“ segir hann glaðlega.

Spurður út í framtíðaráform sín segir Guðmundur margt á döfinni og nefnir í því samhengi verkefni sem hann hyggst vinna með fyrrverandi bekkjarsystur sinni, Siggu Mæju, nýja og stærri herralínu fyrir Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar og mögulega kvenfatalínu. „Það er hellingur í gangi og nóg af alls konar aukaverkefnum í bígerð. Ég kem oftast meiru í gang ef ég hef nóg að gera,“ segir hann að lokum.







# Full búð af nýjum sumarvörum



MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073

FJÖRÐUR
www.fjordur.is




**Ofurfyrirsætur** Prins Albert af Mónakó ásamt ofurfyrirsætunum Schiffer, Naomi Campbell og Karen Mulder árið 1996.



**Eins og kvikmyndastjarna** Schiffer árið 1990 að kynna ilmvatnið New Guess. Hún hefur ávallt þótt sláandi lík Brigitte Bardot.

Fimm atriði sem þú vissir ekki um:

# CLAUDIU SCHIFFER

Claudia Schiffer var ein vinsælasta fyrirsæta tíunda áratugarins og var lengi andlit tískuhússins Chanel. Hún þykir sláandi lík kvikmyndastjörnunni Brigitte Bardot og hefur á ferli sínum prýtt forsíður meira en 500 tímarita.

* Faðir Schiffer er þekktur lögfræðingur í Þýskalandi og á sínum yngri árum var hún staðráðin í að feta í fótspor hans. Hún hætti þó við þau áform eftir að hún var uppgötvuð á skemmtistað aðeins sautján ára gömul.

* Árið 1995 opnaði Schiffer keðju veitingahúsa ásamt ofurfyrirsætunum Christy Turlington, Naomi Campbell og Elle Macpherson. Veitingastaðirnir hétu því frumlega nafni Fashion Café.

* Schiffer er gift breska framleiðandanum Matthew Vaughn. Þegar hann bað Schiffer gaf hann henni skjaldböku í stað trúlofunarhrings. Hjónin eiga saman þrjú börn, Caspar Matthew, Clementine og Cosima Violet.

* Schiffer hefur tvisvar þurft að eiga við eltihrelli. Árið 2002 var ítalskur maður handtekinn eftir að hafa heimsótt heimili hennar níu sinnum í von um að hitta fyrirsætuna. Hann var sannfærður um að páfinn hefði sagt honum að giftast Schiffer. Árið 2004 var kanadískur maður handtekinn við heimili Schiffer; sá hafði einnig sent henni fjölda bréfa þar sem hann tjáði henni ást sína.

* Schiffer hefur komið fram í nokkrum kvikmyndum á ferli sínum og ber þar helst að nefna myndirnar Richie Rich, The Blackout, Love Actually og Zoolander.



**Ungleg** Schiffer á tíunda áratugnum. Tíska þess tíma er hægt og rólega að koma aftur. NORDICPHOTOS/GETTY



**Vinsæl** Schiffer var uppgötvuð sautján ára gömul og hefur ferill hennar verið nokkuð langur.



**Hundelt** Schiffer er enn hundelt af ljósmyndurum.


## Sólgleraugu fylgja með öllum keyptum gallabuxum.



Vorum að taka upp nýja sendingu af kvartbuxum

Herra H

OPNUNARTÍMI
MÁN-FÖS 10-18
LAU 11-17
S. 572 3400

Firði, Hafnarfirði • Sími 572 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is



MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

SKRIFSTOFU- OG FJÁRMÁLAGREINANÁM
NÁM FYRIR FULLORÐIÐ FÓLK

# Nám sem nýtist þér!

**Skrifstofubraut I**

Staðbundið nám, tvær annir – höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar. Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

**Fjarnám,** þrjár annir. Kennt í lotum.

**50+**

Hagnýtt nám fyrir þá sem eru komnir yfir fimmtugt, vilja styrkja sig í lífi og starfi eða taka að sér ný verkefni.

**Office Skills Programme for foreigners**

Nám á skrifstofubraut fyrir þá sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.

**Skrifstofubraut II**

Staðbundið nám, kennslutími frá kl. 8:20 – 13:00.

**Hagnýtt viðskipta- og fjármálagreinanám**

Spennandi námsleið sérsniðin að vinnutíma fólks í fjármálafyrirtækjum. Áhersla lögð á hagnýtar viðskiptatengdar námsgreinar. **Fjarnám.**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



Upplýsingar veitir fagstjóri viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114.
Netfang inga.karlsdottir@mk.is


Trésor in love
GJAFAÖSKJUR MEÐ 30 ML ILMI
OG 50 ML BODY LOTION
Á VERÐI ILMSINS
Á NÆSTA ÚTSÖLUSTAÐ
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
Trésor
IN LOVE
LANCÔME
PARIS
LANCÔME
PARIS








**Lakkalakk-systur** Ása og Jóna Ottesen opna vefverslun í dag. Þar er að finna fjölbreytt og skemmtilegt úrval af fatnaði og fylgihlutum.

Fjölbreytt fataúrval á Lakkalakk:

# Ekki nóg að brjóta saman

Íslenskir tískuunnendur geta brosað breitt í dag því að í dag klukkan 17 verður nýja vefverslunin Lakkalakk opnuð fyrir pantanir. Systurnar Ása og Jóna Ottesen standa á bak við búðina en þær hafa verið á fullu síðustu daga við að koma búðinni í stand. „Þetta er öðruvísi vinna en þegar maður opnar búð því við þurfum að taka myndir af hverri einustu flík, skrifa lýsingu og efni. Það er ekki nóg að brjóta bara saman,“ segir Ása spennt en þær systur ætla sér einnig að frumsýna nýtt myndband og tískuþátt á síðunni.

Búðin býður upp á allt frá skóm og fylgihlutum til fatnaðar og er verðbilið breitt, frá 2.000 krónum til 25.000 króna. Á vefsíðunni lakkalakk.com verða einnig blogg systranna, myndbönd og tískuþættir úr smiðju þeirra. **- áp**






## Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

# Leikur að Viagra

*Ég er með smá öfugsnúið vandamál. Ég og kærastan mín erum frekar dugleg í rúminu og prófum eitthvað nýtt reglulega. Þannig hefur það verið alveg frá því að við kynntumst og við lærum eitthvað nýtt um hvort annað reglulega. Undanfarið hefur hún samt farið fram á ýmislegt óvenjulegt og um daginn stakk hún upp á að við myndum fara í threesome. Mér fannst það frekar spennandi hugmynd og hlakkaði til að fá tvær í einu. Nema hvað! Hún vill að þriðji aðilinn sé gaur og er alveg æst í að sofa hjá tveimur í einu. Ég tek það ekki í mál og þetta er að gera sambandið okkar frekar stirt. Hvernig næ ég að sannfæra hana um að þetta sé hræðileg hugmynd?*

**Svar:** Mig langar að þú veltir fyrir þér af hverju það var mjög spennandi og „góð“ hugmynd þegar þriðji aðilinn átti að vera stelpa en „hræðileg“ þegar það átti að vera strákur? Það finnst mér vera tvískinnungur og ansi ósanngjarnt. Ég sé engan mun á hvort kynið er með því það að bjóða þriðja aðila með hefur alltaf ákveðnar afleiðingar í för með sér, óháð kyni. Ef þú hefur áhyggjur af því að stunda kynlíf með öðrum karlmanni þá gæti verið nóg fyrir þig að vera óbeinn þátttakandi og vera aðeins áhorfandi. Eða þú og kærasta þín setjið strangar reglur um hvað má og hver gerir hvað við hvern. Ef ástæðan fyrir því að þú sért mótfallinn þessu er hins vegar sú að þú óttist afbrýðisemi þá þarf að finna lausn á þessu máli svo þið getið bæði verið sátt. Hér er gott að losa um málbeinið og prufa að bæta ósýnilegum þriðja aðila í kynlífið með hlutverkaleik og þá jafnvel skapa þriðja aðila og tala um hann þegar þið stundið kynlíf. Þetta breytir því þó ekki að þú segist vera tilbúinn að leyfa stelpu en ekki strák. Mér finnst þetta vera atriði sem þið þurfið að ræða nánar um.

**Ein möguleg aukaverkun af Viagra er til dæmis of mikil stinning í lim í of langan tíma.“**

*Sæl Sigga Dögg, mig langar að vita hvort það sé í lagi að strákar og ungir menn leiki sér að því að taka Viagra til að framlengja fjörið?*

**Svar:** Nú er ég ekki læknir en ég veit að Viagra er lyfseðilsskylt lyf sem verkar á æðakerfið og hefur því áhrif á líkamann á margvíslegan hátt, og getur haft samverkandi áhrif með öðrum lyfjum. Þetta er ekki blátt vítamín sem bætir, hressir og kætir heldur lyf, og því ber að meðhöndla það sem slíkt. Ein möguleg aukaverkun af Viagra er of mikil stinning í lim í of langan tíma. Ekki aðeins getur þetta verið óþægilegt heldur einnig hættulegt og það getur leitt til sköddunar í vef typpisins. Það er eðlilegt að limurinn og líkaminn þurfi að jafna sig eftir hver kynmök. Stinnur limur tryggir ekki fullnægingu og kynlíf snýst um meira en lim sem skýst inn og út. Á meðan þú ert að jafna þig og safna kröftum í meira „fjör“ gefst þér kjörið tækifæri til að dekra aðeins við kynlífsfélagann með munngælum og fingrafimi.

*Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni.*
***Netfangið er kynlif@frettabladid.is***




## Miss Dior Cherie
Miss Dior er ástfangin kona, ástfangin af lífinu, þar sem kvenleikinn hefur náð að blómstra til fulls. Natalie Portman er nýtt andlit Miss Dior ilmsins, sem endurvakinn hefur verið af aðal ilmhönnuði Dior, Francios Demachy.




## MAX FACTOR – Lipfintity LIP TINT
Varalitapensill sem þú litar varirnar með líkt og túss. Þú teiknar með pennanum varaumgjörðina líkt og með varalitablýanti og litar síðan inn í. Settur á hreinar varirnar, gefur fallega matta áferð og helst á allan daginn! Kemur í 8 flottum litum. Flott er að setja smá varagloss yfir þegar varalitatússpenninn hefur fengið að þorna til að fá smá glansáferð.




## WILD PEARL
er sætur og duftkenndur blóma- og ávaxtailmur sem opnast með ferskum og ljúfum ávaxtatónum, sem renna yfir í glæsilega og afar kvenlega blómatóna og lýkur á blöndu munúðarfullra viðartóna.




## Aromatic Sculpting Gel
Létt kælandi vatnslosandi gel sem vinnur á selluliti og appelsínuhúð .
Gelið endurmótar útlínur líkamans, húðin verður renni slétt, stinn og rakanærð. Aromatic Sculpting Gel brýtur niður og brennir burt umfram fitu um leið og ilmurinn eykur á virkni vörunnar.




## MOSCHINO TOUJOURS GLAMOUR
Einstaklega hlýr og kvenlegur ilmur sem undirstrikar fágaðan glæsileika. Dregur fram hlýlegan kvenleikan.
Útsölustaðir: Hagkaup, Lyf & heilsa Kringlunni, Hygea, Jara Akureyri, Snyrtivöruverslun Glæsibæ, Reykjavíkur Apótek, Vesturlands Apótek




## Gloomaway Grapefruit body suffle
Þú einfaldlega fyllist bjartsýni og ánægju þegar þú berð það á þig. Húðin verður mjúk og endurnærð með Grape Seed Oil, Olive Oil og Apricot Kernel Oil. Einstaklega nærandi fyrir þurra húð. Án paraben efna. Fæst aðeins í Hagkaupum Kringlunni og Smáralind

# **Frábærar** snyrtivörur sem koma okkur í sumargírinn …




## Burberry Sport.
Ferskur, kraftmikill og seiðandi herrailmur þar sem milt sjávarloftið sameinast orku engifersins.
Stílhrein og sportleg hönnun þar sem flöskurnar eru pakkaðar inn í gúmmíhylki sem gefa til kynna frumleika, nýsköpun og sportlegt útlit.
Útsölustaðir: Hagkaup, Lyf & heilsa Kringlunni, Hygea, Lyfja, Jara Akureyri, Snyrtivöruverslun Glæsibæ Reykjavíkur Apótek, Vesturlands Apótek




## NIVEA SUN PURE & SENSITIVE
NIVEA SUN PURE & SENSITIVE sólarvörnin er án parabena, ilm- og litarefna.
Þolanleiki sólarvarnarinnar á húð er prófaður í samvinnu við húðsjúkdóma- og barnalækna. Háþróuð sólarvörn sem gefur hámarks vörn og minnkar hættu á ofnæmi.




## Lac Sensation er nýtt frá Alessandro
Lökk sem að þorna undir UV-ljósi. Lakkið endist í allt að 3 vikur, styrkir náttúrulegu neglurnar og gefur hágæða glans, alltaf eins og þú sért ný lökkuð! Lac Sensation er boðið upp á Alessandro snyrtistofum um land allt




## Nýja Dove sjampóið er ólíkt flestum öðrum vörum á markaðnum sem ætlaðar eru fyrir meðhöndlað hár.
Sjampóið byrjar að vinna á hárþræðinum innan frá og út. Það hjálpar til við endurnýjun á próteinum í hárþræðinum, próteinum sem hafa skaðast eða tapast við meðhöndlun á hárinu. Nýja vörulínan frá Dove inniheldur sjampó, hárnæringu, djúpnæringu og næturmeðferð (Overnight Treatment) sem er próteinbomba fyrir hárið.




## NIVEA EXPRESS BODY LOTION
Hydra IQ virkjar náttúrulegt net rakaflæðis í húðinni sem veitir henni jafnara flæði raka allan sólarhringinn.
NIVEA húðkremin gefa þér langvarandi og mikinn raka þökk sé hinni byltingarkenndu Hydra IQ formúlu. NIVEA býður upp á mikið úrval húðkrema sem henta mismunandi húðgerðum.




## NIVEA AQUA SENSATION
Hið nýja Aqua Sensation markar tímamót hvað varðar raka. Öflugur rakinn sem nær til neðri laga húðarinnar veldur því að húð þín verður stinnari og frísklegri.
Í þessari Aqua Sensation línu eru Refreshing Day Care dagkrem fyrir venjulega húð, Nourishing Moisturizer Day Care dagkrem fyrir þurra og viðkvæma húð, Nourishing Night Care næturkrem fyrir þurra og viðkvæma húð og Anti Shadow Eye Care augnkrem.

## OLAY 30 sec. Wrinkle filler.
Dregur úr fínum línum og hrukkum á skömmum tíma. Vinnur sérstaklega vel á djúpum hrukkum í kringum nef- og munnsvæði, augnsvæði og enni. Inniheldur silikon sem gefur húðinni lyftingu og fyllingu. Sjáanlegur munur, unglegri og frísklegri húð.





# YFIRHEYRSLAN

**Jóna Kristín Hauksdóttir, fótboltakona í Breiðabliki**



**Háir hælar eða flatbotna skór:** Hælar, þó ekki of háir, og takkaskór.

**Ómissandi í snyrtibudduna:** Yfir sumartímann er það maskari, Sensai Bronzing Gel frá Kanebo og Matte Bronze sólarpúður frá MAC.

**Uppáhaldsliturinn:** Ferskjulitaður og svartur. Annars er allt vænt sem vel er grænt.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Svört prjónapeysa úr Spúútnik.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Í augnablikinu langar mig mjög mikið í iPhone 4.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Lögin með Backstreet Boys koma mér alltaf í gott skap.






**Uppáhaldshönnuðurinn:** Jeffrey Campbell kann að hanna ágæta skó en annars er ég ánægðust með hönnuðinn sem hannar Breiðabliksbúninginn.

**Uppáhaldsdrykkurinn:** Íslenska vatnið og svo er Appelsín alltaf klassískt.





Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur
Fylgstu með

# BÍLAR & FARATÆKI

STÓRA BÍLASALAN



Volvo S40 1.6 DIESEL Árgerð 11/2005, ekinn 109þ.km, bsk. Eyðir aðeins 5,2L innanbæjar! Sparibaukur sem er á staðnum til sýnis! Verð 2.190.000kr. Raðnúmer 131300. Sjá nánar á www.stora.is



Subaru Legacy Árgerð '05/2010, ekinn 6þ.km, sjálfskiptur. Nánast nýr bíll sem er á staðnum hjá okkur! Verð 4.280.000kr. Raðnúmer 151624. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

bíll.is
bestir í bílum...



RENAULT Trafic langur 9 manna. Árgerð 2006, ekinn 86 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.640.000. Rnr.133369.



FORD E150 econoline. Árgerð 1993, ekin aðeins 79 Þ.MÍLUR Mjög snyrtilegur Bíll með 3 Captin Stólum og U bekk aftur í sem er hægt að breyta í Rúm Með v6 vélina og eiðir þar af leiðandi Litlu Lækkað verð - ásett verð 1.390 Tilboðsverð 990.000. Rnr.133485.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

TOPPBÍLAR
bílasala



HYUNDAI Sonata gls. Árgerð 1994, ekinn 164 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 290.000. Rnr.333445.

**Toppbílar**
**Klettháls 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

100bilar.is bílasala




HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Mikið af vögnum á staðnum, Sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Golf GTI 1.8T bensín, árg 00' 790 þús. ek. 122 þús. MÖGULEGUR AFSLÁTTUR ! MIKIÐ ENDURNÝJAÐUR. S. 6613768



Mitsubishi space wagon árg. 1999. Ekinn 156.000, sjáfskipting, 7 manna v/s dekk. Verð 350 þús. Uppl. í síma 863 6847.

GRÆN TILBOÐ
Nýjir bílar frá verksmiðju



Raunverð frá kr: 790.000,-
Fáðu bækling á islandus.com
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar frá Ford, Jeep, Dodge, Toyota, Chevrolet og flestum öðrum bílaframleiðendum. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Lægri bifreiðagjöld. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í eldsneyti. Fáðu kynningarbækling á islandus.com og reiknaðu dæmið til enda. Grænir leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Hundruð ánægðra viðskiptavina.www.islandus.com - Sími 5522000



Chrysler Town Country Stown go árg.'06, áhvílandi 1.4 millj. Skipti á ódýrari. Uppl. í s. 895 6818.



Can Am Outlander 800cc ltd, árg'08. Vel búið aukahlutum t.d. styrkt grind, big horn dekk, auka bensíntankar m.festingum, xenon kastarar o.fl. Keyrt aðeins 2700 km og 97 tíma. Búið að fara í 100tíma skoðun. Verðhugmynd 2.100.000 kr. Uppl. í s. 892 1679

Isuzu Trooper árgerð 99. Disel. Verð 490 þúsund staðgreitt. Sími 895 9286.

## 250-499 þús.

Subaru Legacy '95 í mjög góðu standi. V.299þ. og BMW 320 '95 E36 Touring. V.550þ S.847 2003 í rvk.

## 1-2 milljónir



Til sölu Mazda 6 Station, árg. 2004, ek. 118 þús. km. Vel með farinn. Verð 1.280 þús. S. 869 8467.

## 2 milljónir +

FORD EXPEDITION árg. 2005/6, umboðsbíll, 8 manna, vel búinn fjölsk. bíll, gott eintak. Ásett verð 2.950 þús. TILBOÐ 2.400 þús. Skipti ód. möguleg. 849 4960.

## Bílar óskast

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar



M.Benz 2553 Megaspace árg.'00, ek. 426 þús. Wingliner kassi árg.'07, innanmál 8,2 lengd. 3 tonna lyfta, myndavél, fjarstýring, öxulvigt á hverjum. Olíufyring og fleira. Uppl. í s. 894 4560.

## Mótorhjól



Honda CRF 150cc 2008 model til sölu. Mjög lítið notað og vel með farið. Uppl. í síma 8929796 og 7745290

## Vespur




Af hverju að láta veðurblíðuna fara framhjá þér? Njóttu lífsins á vespu frá VDO. Verð aðeins 239 þús VDO Verkstæðið, Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Reiðhjól



RAFMAGNS REIÐHJÓL
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn
sími 864 9265
ICEFIN.IS
póstverslun sími 820 7746

## Hjólhýsi



Til sölu Aliner expedition (A-hús). Skráð okt. 2008. Töluvert breytt. Sólarsella fylgir. Uppl. í síma 892 9011.

Til sölu Adria 513 PU hjólhýsi, eitt með öllu. Uppl. í síma 899 9907/555 1877.

## Fellihýsi



Til sölu vel með farið Fleetwood Yuma '06, 9 ½ fet. Heitt og kalt vatn, markísa, 2 gaskútar og margt fleira. Kr.1.300þ. Til sýnis um helgina. Uppl. í s. 825 8423.

## Tjaldvagnar

Lítið notaður Combi Camp Vanzia árg. 2003 með fortjaldi, yfirbreiðslu og geymslukassa. Verð 580þús. Uppl. s. 892 8593.

Combi Camp Venezia 2005 án fortjalds til sölu (svefnpláss fyrir 4). Mjög vel með farinn. Blár/hvítur. Uppl. í síma 665 9806.

## Flug



Til Sölu 1/7 hlutur í flugvélinni TF-GJA, C-172 ásamt jafnstórum hlut í flugskýli á Selfossi Uppl. í s. 860 6884.

## Hjólbarðar

**!!!TIL SÖLU!!!**
Ný næstum ónotuð Firestone Dekk til sölu P 215/75 R15 Gerð winterforce. Verð 45 þús. Uppl: 772-6238 /Einar b.

## Varahlutir

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98 Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

NET-PARTAR
PARTASALA NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA



486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir.**
**Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11.

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti**
**S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




**Garðaþjónusta Reykjavíkur**
**20% afsláttur fyrir eldri borgara.**
Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir, sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 669 0011. Þórhallur S. 772 0864.

**Garðaumsjón**
**Trjáfellingar, Garðsláttur, Mosatæting, Garðúðun, Trjáklippingar og fleira.**
**Hagstæð kjör.**

**Halldór Garðyrkjumaður**
**S. 698 1215**

MOLD
Grjóthreinsuð og sandblönduð garðamold til sölu. Seld í rúmmetrum á kerrur og palla, keyrð heim sé þess óskað.
VERKTAKAR MAGNI EHF.
Sími: 660 6101 og 660 6111

Nú er rétti tíminn til framkvæmda
Hellulagnir • Drenlagnir
Grunnagröftur
Jarðvegsskipti
og öll önnur jarðvinna
Fagleg vinnubrögð
Áratuga reynsla
Tilboð þér að kostnaðarlausu
S.S. Verktak ehf
S. 893 3915

landRymi
• Garðyrkja, nýframkvæmdir og viðhald
• Garðskipulag
• Ráðgjöf
www.landrymi.is
landrymi@landrymi.is
899-7773 & 571-7773

2K VERKTAKAR
• HELLULAGNIR
• DRENLAGNIR
• JARÐVEGSSKIPTI
• LÓÐALÖGUN
• RÁÐGJÖF
TILBOÐ ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU !
Pétur 699 3090
tvok@internet.is

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Trjáklippingar
Garðsláttur
Beðahreinsun
Stubbatæting
Garðaúðun
Þökulagnir
Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

WWW.GOTTVERK.IS
GOTTVERK EHF
ALHLIÐA GARÐAÞJÓNUSTA OG LÓÐAFRÁGANGUR.
GERUM FÖST VERÐTILBOÐ
Hellulagnir • hleðsluveggir
þökulagnir • sláttur • klipping
hreinsun • jarðvegsskipti.
Frekari upplýsingar í s. 897 3057 og á www.gottverk.is




Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.







MOSATÆTING OG GARÐSLÁTTUR Góð þjónusta-Gott verð-sendum gíró s. 896 19 33

**Garðsláttur**
Fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög. Vönduð vinna, gott verð! Sími 618 3469.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 695 1918.

**Er mosinn að eyðileggja grasflötinn!**
Erum með góðar lausnir við því. Garðaþjónusta Reykjavíkur S. 669 0011. G

Garðsláttur á GÓÐU verði. FAGMENNSKA og persónuleg þjónusta. ENGI ehf. Sími 615-1605.

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Fjármál

**Evrur til sölu**
**3% yfir seðlagengi**
**uppl. í síma. 857 6711.**

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Húseigendur og húsfélög takið eftir !**
Núna er rétti tímin til að fegra eignina ykkar. Gerum föst tilboð í málun inni sem og úti, stórt eða smátt. Jón málari S. 772 9966.

**ER BÚIÐ AÐ KROTA EÐA SPREYJA Á ÞÍNA EIGN**
Við höfum einfalda lausn á því. S. 777 3374.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar**
Múrarar, málarar, smiðir - gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is




Getum bætt við okkur verkefnum. Gluggar/glerjun, þök og klæðningar. Menn með öll réttindi og öllu vanir. Tilboð, tímavinna. S. 694 1385.

Óskað er eftir tilboðum í að skipta um þakrennur á fjölbýlishúsi. Uppl. í síma 695-3295 eftir kl. 15

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:6618272 eða 6930348

THE BEST!!LUXURY;WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!!!S:8698602.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage. S. 849 5247.

## Spádómar

**Spásími 908 7000**
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári. Opið frá 12-23 S. 894 1987 visa/euro.

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727. Stella.

Tek að mér að spá í spil og bolla, get komið í heimhús td. saumaklúbba. Góð reynsla. Kristín 777 8494

## Rafvirkjun

Lögg. Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl. S: 698 1524.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

## Trésmíði

Smiðir geta bætt við sig stórum sem smáum verkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 856 5555.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ),**
**Verið velkomin**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun










Þjóðlagagítarpakki: kr:19.900,- Gítar,poki,ól,auka strengjasett,stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27,S:552 2125 www.gitarinn.is, gitarinn@gitarinn.is

## Heilsuvörur

LR Bæjarlind 1 Kóp. LR megrunar og heilsukúrinn og ein besta Aloe Vera línan á markaðinum. Uppl. Ólafur 6974153 http://lrisland.is/olafur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Heilsuvörur Herbalife, frí ráðgjöf. 8918902 asta@dagamunur.is www.dagamunur.is




Lyfjalaus verkjastilling, 50%-100% árangur á nokkrum mínútum. Sími: 564 5959

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## Þjónusta



**Frelsi frá streitu og kvíða s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Dýrahald





**Hvolpur - Íslenskur fjárhundur**
Lína og Laxi eru með ættbók frá HRFÍ. Undan frábærum heimilishundum. Margrét s: 661-8842 margret.s.bjornsdottir@reykjavik.is http://www.simplesite.com/hektor/42442190

**Hundagalleríið auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is**
**Hundaræktun með starfsleyfi.**
**S. 566 8417 Tökum visa/euro**

## Ýmislegt




## Húsnæði í boði



120 m² ferðþjónustuhús til sölu , áður Kaffi Grindavík, gæti einnig hentað sem sumarh.,verslun, aðstöðuh. eða m.fl. 300 m² sólp. Hús sem er auðvelt að flytja. Gott verð. Uppl. í s. 897 6302.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

150 fm parhús í Grafarvogi til leigu í 3 mánuði frá og með 1.júní. 3 svefnherbergi, 6-7 herb alls, Heitur pottur á verönd og stór suðurgarður. Uppl. í síma 665 9806.

Gott kjallaraherbergi til leigu. Eldunaraðstaða, sér klósett. Reykingar ekki leyfðar. Er í 101. Uppl. í s. 896 5601.

## Húsnæði óskast

Óskum eftir íbúðum í skammtímaleigu á skrá fyrir erlenda ferðamenn. Uppl. í síma 773 3182.

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712

## Atvinnuhúsnæði



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvílandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Atvinna í boði

FISK KAUP HF.

Vanur vélavörður með 750kW réttindi óskast á línuveiðaskipið Kristrúnu RE-477 sem gerir út frá Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Ásbjörn Jónsson í síma: 520-7300 eða asbjorn@fiskkaup.is

**Þjónn óskast!**
**Óskum eftir vönum þjón í framtíðarvinnu. Vaktarvinna 2-2-3 ca. frá klukkan 11 - 20. Íslensku kunnátta skilyrði.**
**Umsóknir sendist á ccb@visir.is**

MÁLIÐ

**Málið, veitingaþjónusta Háskólans í Reykjavík, óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöður fyrir haustið:**

**- Matreiðslumaður**

**-Starfsmann í afgreiðslu og ýmis önnur verkefni.**

**Umsækjandi þarf að vera reyklaus, stundvís, heiðarlegur, matnaðarfullur og jákvæður. Umsókn og ferilskrá sendist á gudridur@nautholl.is fyrir 27.maí nk. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær trúnaðarmál.**

**Heildverslun**
**Öflugt heildsölufyrirtæki óskar eftir að ráða sumarstarfsmann í fullt starf við afgreiðslu, pökkun og nótútskrift. Lágmarksaldur 18 ár Áhugasamir sendi umsóknir / fyrirspurnir á netfangið: vinnukraftar@gmail.com**

Okkur vantar duglegt fólk í kvöldstarf. góð laun. uppl gefur Atli í 553-6688 eða atli@tmi.is

Gistiheimili í 101 RVK óskar eftir starfsmanni í ræstingar, hlutastarf. Uppl. job@reykjavikbackpackers.com

Vanur vélamaður á 14t hjólavél óskast í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Svör sendist á thjonusta@365.is merkt „vanur vélamaður"

Starfskraftur óskast til starfa í veiðihúsi á Norðausturlandi í sumar. Í starfinu felst almenn þjónusta við gesti, aðstoð í eldhúsi og almenn þrif í húsi og herbergjum. Yngri en 20 ára koma ekki til greina. Uppl. í s. 899 2341.

## Tapað - Fundið

Rauðri kerru með svörtum Polan Pro Slátturtraktor og Partner sláttuvél var stolið frá Dekkverk Garðabæ í nótt. Fundarlaun. S 7779848

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5050**
Við erum við á dömuvaktini frá 22 til 24, engin bið, opið allan sólarhringinn.


AÐ EILÍFU
FM
FM957
NÝTT
Villta Vestrið
Kl. 7:00
NÝTT
FjögurSEX
Kl. 16:00
Heiðar
Kl. 13:00
Svali
Kl. 9:00
FjögurSEX
Brynjar Már og Margrét Björns
gera heimferðina skemmtilegri
Villta Vestrið
Nýr drepfyndinn morgunþáttur frá mönnunum
á bak við lögin Sjomleh, Keyrum þetta í gang,
Djamm í kvöld og mörg fleiri
HLUSTENDA
VERÐLAUN
FM957
MÆTTU
Í HÖRPU
MEÐ FM957
FRAM KOMA
STEINDI JR. • FRIÐRIK DÓR
PÁLL ÓSKAR • BLAZROCA
HAFFI HAFF • JÓN JÓNSSON
Kredia
STIMOROL
FM957
21. MAÍ 2011

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÁSMUNDUR SVEINSSON** myndhöggvari (1893-1982) fæddist þennan dag.

*„Listasöfn eiga að vera í almenningsgörðum, þar sem öll fjölskyldan getur komið.“*

# Ísafjarðarmessa í Neskirkju

Árleg messa Ísfirðingafélagsins í Reykjavík verður haldin sunnudaginn 22. maí klukkan 14 í Neskirkju. Þá koma Ísfirðingar saman til að fagna sumri og gleðjast í messu og kirkjukaffi Ísfirðingafélagsins.

Sr. Örn Bárður Jónsson og sr. Sveinbjörn Bjarnason sjá um guðsþjónustuna, Steingrímur Þórhallsson sér um orgelleik og Þórarinn J. Ólafsson mun syngja einsöng. Þá mun kór Ísfirðingafélagsins sjá um söng við messuna. Að lokinni messu verður selt kaffi í safnaðarheimili Neskirkju. Ísfirðingar nær og fjær eru velkomnir í messu og hvattir til að taka með vini og vandamenn.



**NESKIRKJA** Árleg messa Ísfirðingafélagsins í Reykjavík verður á sunnudaginn.

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Huldu Einarsdóttur**
Hjallabraut 33, Hafnarfirði.

**Jónatan Kristjánsson**
**Ingibjörg Jónatansdóttir** **Sigurbjörn Jónsson**
**Einar Þór Jónatansson** **Brynhildur Birgisdóttir**
**Björg Jónatansdóttir** **Jón S. Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valborg Jónsdóttir**
frá Eyrarlandi, Akureyri,
Þangbakka 8, R.vík,

lést þann 14. maí á Landspítalanum í Fossvogi. Útför fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 23. maí kl. 13.00.

**Anna Jóna Lárusdóttir** **Jón B. Georgsson**
**Guðmundur Logi Lárusson** **Helga Theodórsdóttir**
**Jón Haraldur Lárusson** **Oddný Jónsdóttir**
**Þórunn Marsilía Lárusdóttir** **Sigurður Ingvarsson**
**Lárus Valur Lárusson** **Louice Wallin Lárusson**
**Halldór Kristinn Lárusson** **Fanný Þórsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**

---

†



*Innilegar þakkir til ykkar allra, sem sýnduð okkur samúð og vinarhug við fráfall og útför okkar elskulegu*

**Sigríðar Jónsdóttur**
Lækjarbakka 9, Steinsstaðabyggð,

og heiðruðuð minningu hennar. Læknar og annað starfsfólk 11G Landspítala við Hringbraut og A6 Landspítala Fossvogi fá alúðarþakkir fyrir frábært starf og ástúð okkur öllum til handa á síðustu misserum. Sérstakar þakkir fær Brynjar Viðarsson krabbameinslæknir sem alltaf var boðinn og búinn hvenær sem eftir var leitað.

**Kristján Kristjánsson**
**Rósa Eiríksdóttir** **Guðmundur Pálsson**
**Valdimar Eiríksson** **Selma Guðjónsdóttir**
**Helga Eiríksdóttir** **Einar Erlingsson**
**Jón Eiríksson** **Jóhanna Valgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

HALLDÓR SVEINSSON: KYNNIR VESTFIRSKA TÓNLISTARSÖGU Í ÚTSKRIFTARVERKI

# Vestfirskir tónar í aldanna rás

Í kvöld lýkur röð útskriftartónleika tónlistardeildar Listaháskóla Íslands sem hefur staðið frá því í mars. Alls útskrifast 22 nemendur frá tónlistardeild skólans, flestir með bakkalárgráðu en einnig með meistaragráðu og diplómapróf.

Halldór Sveinsson er annar tveggja nemenda sem útskrifast með BA-gráðu í Mennt og miðlun í vor, en þetta er í fyrsta sinn sem skólinn útskrifar nemendur með þá gráðu. Í kvöld klukkan 20 flytur hann lokaverkefnið sitt, Tónlist úr Héraði, í Sölvhóli, tónlistarsal Listaháskóla Íslands að Sölvhólsgötu 13.

„Verkefnið mitt er sambland af tónlistarflutningi og kynningu, en ég ætla að kynna sögu tónlistar á Vestfjörðum,“ segir Halldór. Tónlistin sem flutt verður í kvöld er því eftir vestfirsk tónskáld og nýtur Halldór aðstoðar nemenda úr tónlistardeildinni við flutninginn. „Þetta verður létt og skemmtilegt,“ segir Halldór, sem var á kafi í undirbúningi fyrir kvöldið þegar Fréttablaðið náði af honum tali, enda teygir tónlistarsaga Vestfjarða sig aftur í aldir.

„Ég fjalla um ýmis tónskáld, byrja á séra Ólafi Jónssyni á Söndum og fjalla um Jónas Tómasson, yngri og eldri. Eins fjalla ég um Tónlistarskóla Ísafjarðar og hvaða þýðingu hann hefur haft fyrir tónlistarlíf fyrir vestan. Jónas Tómasson eldri stofnaði fyrsta formlega tónlistarskólann á Íslandi fyrir 100 árum og stofnaði síðar, ásamt fleirum, Tónlistarfélag Ísafjarðar, sem hafði það að markmiði að stofna tónlistarskóla á Ísafirði. Ragnar H. Ragnars gerði einnig ómetanlega hluti fyrir Ísafjörð eftir að hann kom þangað. Hann var skólastjóri tónlistarskólans og gerði hann að því sem hann er í dag.“

Sjálfur er Halldór frá Ísafirði og voru því hæg heimatökin. „Ég hafði alltaf mikinn áhuga á því að kynna mér tónlistina að heiman. Tónlistarlífið þar var líflegt, þrátt fyrir staðsetninguna.“

Eftir útskrift segir Halldór framtíðina óráðna. Hugurinn leiti til útlanda í framhaldsnám en engin ákvörðun hefur verið tekin hvert. Hann segir tímann í skólanum hafa liðið hratt.

„Þetta hefur verið skemmtilegur tími og ég hef kynnst fullt af yndislegu fólki sem er að fást við það sama og ég. Þessi ár hafa í rauninni liðið allt of hratt.“ heida@frettabladid.is



**LÉTT OG SKEMMTILEGT** Halldór Sveinsson útskrifast í vor með BA í Mennt og miðlun frá tónlistardeild LHÍ. Hann fjallar um vestfirska tónlistarsögu á útskriftartónleikum sínum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, stjúpmóðir og amma*

**Þóranna Tómasdóttir Gröndal**
menntaskólakennari

lést á Landspítalanum þann 16. maí s.l. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju, föstudaginn 27. maí kl. 15. Sérstakar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar, heimahlynningar, skilunardeildar og gjörgæsludeildar Landspítala fyrir frábæra umönnun.

**Gerður Gröndal** **Þórður Þórðarson**
**Sigríður Gröndal** **Ingólfur Bender**
**Gylfi Freyr Gröndal** **Íris Arnardóttir**
**Jóhann Gröndal**
**og barnabörn**

---

†



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegrar eiginkonu, móður, ömmu og langömmu okkar,*

**Hólmfríðar Ásbjargar Friðbjarnardóttur**
Stangarholti 9, Reykjavík,

sem lést 2. maí sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild A3 á Hrafnistu Rvk.

**Guðmundur Valdimarsson**
**Rut Guðmundsdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

---



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, ömmu og langömmu*

**Sunnu Karlsdóttur**
frá Vestmannaeyjum, Æsufelli 4
í Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við hjúkrunarþjónustu Karítas, Líknardeildinni í Kópavogi, sem og þeim sem heiðruðu minningu Sunnu með ýmsum hætti.

**Andri Valur Hrólfsson**
**Ívar Andrason** **Sigrún Guðnadóttir**
**Ólafur Darri Andrason** **Kristjana Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn**

---

†



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og tengdadóttir*

**Lilja Júlíusdóttir**
Ásavegi 32, Vestmannaeyjum,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 10. maí s.l., verður jarðsungin frá Landakirkju Vestmannaeyjum laugardaginn 21. maí kl. 14.

**Ólafur Guðmundsson**
**Júlía Ólafsdóttir**
**Guðmundur Ólafsson**
**Helgi Ólafsson**
**Birgir Rúnar Óskarsson**
**Guðrún Sigurjónsdóttir**


SÁÁ
Álfasala
19.-22. Maí
Bjarta framtíð
Unglinga sími SÁÁ
530 7674
er opinn dag og nótt.
Þar færðu allar upplýsingar
og leiðbeiningar um
þjónustu SÁÁ fyrir börn
og unglinga og foreldra þeirra.
EINAR PÁLMI / DESIGN
Álfurinn
boðar bjarta framtíð... fyrir unga fólkið
Gefum unga fólkinu tækifæri til að fóta sig á ný,
eignast betra líf og bjarta framtíð.
Álfasalan er til stuðnings unglingadeildinni
á sjúkrahúsinu Vogi.
HVER OG EINN SKIPTIR MÁLI
SÁÁ
SAMTÖK ÁHUGAFÓLKS
UM ÁFENGIS- OG
VÍMUEFNAVANDANN

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** snap, **6.** tímabil, **8.** hversu, **9.** farfa, **11.** klaki, **12.** umstang, **14.** tárfelldu, **16.** tveir eins, **17.** dýrahljóð, **18.** húsfreyja, **20.** bardagi, **21.** sjá eftir.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkamshluti, **3.** skammstöfun, **4.** sundra, **5.** prjónavarningur, **7.** ritsmíð, **10.** ferð, **13.** eru, **15.** kvk. spendýr, **16.** vafi, **19.** klukka.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** belt, **6.** ár, **8.** hve, **9.** lít, **11.** ís, **12.** stúss, **14.** grétu, **16.** ee, **17.** urr, **18.** frú, **20.** at, **21.** iðra.
**LÓÐRÉTT: 1.** háls, **3.** eh, **4.** tvístra, **5.** les, **7.** ritgerð, **10.** túr, **13.** séu, **15.** urta, **16.** efi, **19.** úr.


FERSKAR KJÖTVÖRUR

**Starfsmaður í framleiðslu**

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða starfsmann í framleiðslu á helstu framleiðsluvörum fyritækisins.

Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til 24. maí.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588 580 eða 660 6320 frá kl. 10:00 til 15:00 virka daga og á netfangið ingibjorn@ferskar.is

FERSKAR KJÖTVÖRUR



**Byggðastofnun**

**Ársfundur Byggðastofnunar 2011 verður haldinn miðvikudaginn 25. maí nk. í Höllinni, Vestmannaeyjum. Fundurinn hefst kl. 12:00 með léttum veitingum, og fundarlok eru kl. 16:00.**

**Dagskráin verður sem hér segir:**

**Kl. 13:00** Setning fundarins, Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður stjórnar Byggðastofnunar.

**Kl. 13:05** Ávarp iðnaðarráðherra, Katrínar Júlíusdóttur.

**Kl. 13:20** Anna Kristín Gunnarsdóttir, ræða formanns stjórnar Byggðastofnunar.

**Kl. 13:35** Aðalsteinn Þorsteinsson, skýrsla forstjóra Byggðastofnunar.

**Kl. 13:50** Afhending „Landstólpans" samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar

**Sóknaráætlanir landshluta og stoðkerfi atvinnulífsins**

**Kl. 14:00** Sóknaráætlanir landshluta - Ísland 2020, Héðinn Unnsteinsson forsætisráðuneyti

**Kl. 14:15** Stoðkerfi atvinnulífsins – viðhorf atvinnuþróunar félaga Sædís Íva Elíasdóttir, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunar félags Suðurlands

**Kl. 14:30** Viðhorf stofnana í stoðkerfi atvinnulífsins Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Nýsköpunarmiðstöð Íslands Þórarinn Sólmundarson, þróunarsviði Byggðastofnunar

**Kl. 15:00** Sjónarmið sveitarfélaga og atvinnulífs Páley Borgþórsdóttir, formaður bæjarráðs Vestmannaeyjabæjar Friðrik Pálsson, Hótel Rangá

**Kl. 15:30** Umræður og fyrirspurnir

**Kl. 16:00** Fundarlok

Vinsamlega tilkynnið þátttöku með tölvupósti til lovisa@byggdastofnun.is eða í síma 455 5400 eigi síðar en 23. maí n.k.

Fundurinn er öllum opinn.


# Orðin tóm

**BAKÞANKAR** Brynhildar Björnsdóttur



Orð eru til alls fyrst og orð eru til alls vís. Hvert einasta orð er galdraþula, merkimiði, skýring, sönnun. Og hvert einasta orð er hlaðið merkingu annarra orða. Það skiptir máli hvernig orð eru notuð því með þeim er hægt að breyta heiminum.

**ÞETTA** vita hagyrðingar og slagorðasmiðir manna best. Auglýsingar gera út á myndmál og slagorð. Sumar setningar greypast í minni okkar og fara þaðan aldrei, samanber Ég vil þín njóta, Toyota og Það er Daloon dagur í dag. Sum eru svo einföld og með svo breiða skírskotun að þau ættu jafnvel ekki að virka en gera það samt, samanber Coke is it og Just do it! Ekki hefur mér vitanlega verið reynt að snara þessum slagorðum á íslensku, en hér er gjöf til málhreinsunarsinna: Kók var það, heillin. Láttu vaða!

**ORÐ** skipta máli. Sum orð eru á sífelldum flótta í tungumálinu vegna þess að þau eru gengisfelld um leið og þau verða til. Þannig eru orð sem einu sinni áttu að sýna virðingu við þá sem eiga við fötlun að stríða, eins og vangefinn eða þroskaheftur, orðin að háðs- og skammaryrðum. Svo er alltaf verið að búa til ný orð sem hrekjast út í horn, samanber nýlega orðið greindarskertur. Orðið hommi var á tíunda áratugnum almennt skammaryrði en hommarnir tóku orðið sitt og sneru því við með því að nota það sjálfir og með stolti. Nú þýðir orðið hommi samkynhneigður karlmaður, hvort sem samhengið gerir það jákvætt eða neikvætt.

**LÝSINGARORÐ** yfir sterkar upplifanir verða sífellt hástemmdari. Ógeðslega flott, ýkt best. Geðveikt lýsir sérlega jákvæðri upplifun og ánægju með ástand, hluti og fatnað, þótt ekki kannist allir geðsjúklingar við þá upplifun. Æði þýddi einu sinni atferli og síðan geðveiki en er núna hluti af jákvæðu lýsingarorði. Æðislegt!

**ORÐ** hafa áhrif. Orð móta skoðanir, meðvitað og ómeðvitað. Þess vegna skiptir svo miklu hvernig þau eru notuð. Fyrirsögnin „Eldri menn kaupa kynlífsþjónustu af grunnskólabörnum" hefur aðra merkingu en „Eldri menn misnota grunnskólabörn og láta þau hafa fé". „Nauðganir eru glæpir sem við reynum að koma í veg fyrir" hljómar öðruvísi en „Stígamótakonur magna upp vandamál". Og „Áætlanir um forsetaframboð í hættu" leggur allt aðrar áherslur en „Reyndi að nauðga hótelstarfsmanni".

**ÞEIR** sem fara með orð fara jafnframt með ábyrgð. Ábyrgð á mótun samfélagsins, á því hvað verða viðteknar venjur, hvað er rétt og hvað er rangt. Orð eru aldrei tóm.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



# GRILL
# Á GÓÐU VERÐI



Grand
Gasgrill
ER8102H-2
**14.999kr**

TILBOÐ



2 BRENNARAR

Grand
Gasgrill
ER7802A
**39.999kr**



4 BRENNARAR
MEÐ HLIÐARHELLU

grandhall living style
Gasgrill
Xenon 223
**99.999kr**



T GRILL

grandhall living style
Gasgrill
T-Grill
**149.999kr**

crossray inside

- -Massífar eldunargrindur úr pottjárni með tvöfaldri postulínshúð
- -SmoothStart© eletrónísk kveikja
- -Mót fyrir gaskút í skáp
- -Matt enamel húðað eldbox
- -Pólýhúðaðar stálhillur og vagn
- -Tvöfalt pólýhúðað stállok
- -43cm x 44cm eldunarsvæði
- -Tveir 3,9kWh Crossray© infrarauðir brennarar

VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI Á HJÓLUM



cross www.crosscycle.com
## 26" CROSSBOW
// **Stell:** Stell: 6061 T6 hardtail álstell // Gaffall: "Rigid" álgaffal // **Gírar:** Skiptir að aftan: Shimano RD-2200 // Skiptir að framan: Shimano FD-M191M3 // Shimano SM-PM40 Power Modulator // Kassetta: // Shimano CS-HG50-8 // Sveifarsett: Shimano FC-2203 // **Bremsur:** Shimano BR-M422 Melt-Forged Alloy-V // **Dekk:** Schwalbe Delta Cruiser 700C Reflex // Gjarðir: Crosser X-POSE X4, Double Wall 6063-T6 ál //
**79.999kr**

# HJÓLAÐU
# Í SUMAR



cross www.crosscycle.com
## 26" TONUS
Dömu & herra
**39.999kr**



cross www.crosscycle.com
## 28" ARRINA
Til í hvítu og svörtu
**59.999kr**

RALEIGH
## 26" PARADOX
**59.999kr**



VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI Á HJÓLUM

RALEIGH
## 26" BOSTON
**39.999kr**



Frábær viðgerða- og varahlutaþjónusta hjá viðurkenndum fagaðila, VDO verkstæði Borgartúni 36. Einnig fylgir frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum.

## 20" BARNAHJÓL
Verð frá
**29.999kr**



CROSS ALISSA
CROSS ROCKY
PACIFIC IGNITER

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Allt úrvalið fæst í Hagkaup Holtagörðum, Garðabæ og Smáralind minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VORTÓNLEIKAR FLENSBORGARKÓRA** Kór Flensborgarskólans, sem skipaður er nemendum sem nú stunda nám við skólann, og Flensborgarkórinn. sem skipaður er eldri félögum, halda vortónleika í Hamarssal Flensborgarskólans við Suðurgötu í Hafnarfirði, þriðjudaginn 24. og miðvikudaginn 25. maí. Þeir hefjast klukkan 20 bæði kvöldin. Hrafnhildur Blomsterberg stjórnar báðum kórunum. Efnisskráin samanstenfur af fjölbreyttu íslensku og erlendu efni.

# ÍD fær lof í Austurríki

Íslenski dansflokkurinn hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir frammistöðu sína á danshátíð í Linz í Austurríki í síðastliðnum mánuði. ÍD sýndi tvö ólík verk á hátíðinni; Grossstadtsafari eftir Norðmanninn Jo Strömgren og Endastöð eftir Svíann Alexander Ekman.

Blaðamaður Tips Total Regional sagði dansara flokksins búa yfir mikilli tæknilegri kunnáttu, þokka og sterkum persónuleika. Blaðið OÖNachrichten gaf sýningunni fimm stjörnur af sex og og gagnrýnandi Kronen Zeitung hrósaði Endastöð fyrir að vera bráðfyndið.

ÍD verður á faraldsfæti í júní og sýnir Svaninn eftir Láru Stefánsdóttur í Dornbirn í Austurríki og nýjan dúett eftir Katrínu Hall á Aids Gala Dinner í München í Þýskalandi.

Í hjartastað!



NÝ KILJA




2. Sæti
Skáldverk, ljóð 11.–17.05.11
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

★★★

„Sagan um Eddu hitti mig beint í hjartastað.“
SUNNA ÓSK LOGADÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



**KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR** Fór yfir allt höfundarverk sitt fyrir útgáfuna og rakst þar á ýmis atriði sem henni hafði yfirsést áður og fann kosti í því sem hún áður leit á sem galla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Forréttindi fyrir listamann

**Út er komin bókin Undir rós, yfirlitsrit yfir feril Kristínar Gunnlaugsdóttur myndlistarkonu. Kristín segir það hafa verið endurnýjandi að vinna bókina og segist sjá höfundarverk sitt í öðru ljósi.**

Yfirlitsritið Undir rós geymir verk eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur myndlistarkonu frá árunum 1987 til 2011. Þar er að finna íkona, olíumálverk, eggtemperur og veggteppi, svo fátt eitt sé nefnt.

Frumkvæði að bókinni áttu Gunnlaugur Stefánsson hjá útgáfufélaginu Eyju, og Páll Valsson, ritstjóri bókarinnar.

„Þeir komu að máli við mig og spurðu hvort það væri ekki kominn tími til að gefa út yfirlitsrit yfir verk mín og ég sló til.“

**Að sjá það sem manni yfirsást**

Um 400 verk liggja eftir Kristínu og í hönd fór mikil vinna við að fara yfir verkin og flokka þau sem áttu erindi í bókina og þau sem áttu það ekki. Kristín segir það ferli hafa tekið mikið á en um leið verið mjög gefandi og endurnýjandi.

„Þegar maður fer svona yfir allt sem maður hefur gert greinir maður mjög skýrt ákveðin tímabil hjá sjálfum sér. Ég rakst á ýmsa kosti og galla, en einna merkilegast var að rekast á kosti sem maður hélt eitt sinn að væru gallar og öfugt. Ég gat með þessu móti endurmetið allan ferilinn, sem er mjög dýrmætt fyrir listamenn. Ég er mjög sátt við margt í bókinni, ekki síst fyrir að koma auga á ýmislegt sem mér yfirsást á sínum tíma. Það var til dæmis merkilegt að uppgötva að myndir sem úr útheimtu mikil átök, orku og vinnu eru ekki endilega manns bestu verk meðan aðrar myndir voru sterkari en mig minnti.“

Kristín segir fínlegan blæ ganga eins og rauðan þráð í gegnum verk sín. Hún hafi hins vegar ekki áttað sig á kraftinum á bak við hann fyrr en hún fór yfir verkin aftur.

„Bæði frásögn og framsetning einkenndust af þessum fínlega blæ, sem er bæði birtingarmynd ákveðinnar tíðni í mannsálinni, þarfar mannsins fyrir eitthvað æðra en hann sjálfan, en á bak við lúrir aftur myrkur og spenna sem má rekja til þess að maðurinn er alltaf einn. Ég tók eftir að lengi vel beislaði ég þennan kraft sem ég sé að býr í myndunum, oft með ágætum árangri, en eftir því sem tíminn leið sé ég að það hefur byrjað að bitna á sköpunargleðinni.“

**Skerpir sjálfstraustið**

Vatnaskil urðu á ferli Kristínar fyrir rúmu ári þegar hún lagði olíumálverkið, sem hún hafði einbeitt sér að, á hilluna en sneri sér þess í stað að útsaumi á striga. Þá losnaði sköpunarkrafturinn úr læðingi.

„Ég byrjaði að teikna með sporum og ullargarni sem gaf mér færi á að fara alveg inn í teikninguna. Þetta gaf mér algjört frelsi, bæði í vinnubrögðum og myndheimi. Teikningin gaf mér þannig aftur lykilinn að sköpunargleðinni.“

Í bókinni er einnig grein Ásdísar Ólafsdóttur listfræðings sem og ítarlegt viðtal Páls Valssonar við Kristínu, sem hún segir hafa opnað enn eina víddina.

„Við Páll fórum í gegnum ævisöguna og og sýna vel sterkustu hliðar á hvernig lífið leiddi mann áfram; hvernig ég fór úr einum myndheiminum í annan í tengslum við það sem var að gerast í mínu persónulega lífi. Maður fer líka að leiða hugann að tækifærunum sem maður missti kannski af en öðlaðist önnur sem reyndust til góðs“

Spurð hvort útgáfa yfirlitsritsins marki önnur vatnaskil á ferli hennar, segir Kristín að sem betur fer viti maður ekki alltaf hvað bíður manns.

„Mér finnst bókin afbragðsvel unnin og sýna vel sterkustu hliðar verka minna. Og þótt ég segi sjálf frá er margt skárra en ég hélt.

Það hljómar kannski oflætislega en það er mjög nauðsynlegt fyrir listamenn að fá tækifæri til að sjá hvar hæfileikar þeirra og rödd þeirra liggur og að gera sér í leiðinni grein fyrir hvar manni hættir til að lokast inni í myndheimi og tækni.

Það eru mikil forréttindi fyrir listamann að fá að vinna svona bók, því það skerpir traustið á því besta sem í honum býr, sem hefur eflaust sitt að segja um hvernig vinnst með framhaldið í sköpuninni.“

bergsteinn@frettabladid.is

**Kristín Gunnlaugsdóttir** er fædd á Akureyri árið 1963. Hún lærði í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Akademíu hinna fögru lista í Flórens, auk þess sem hún lærði að mála íkona í Róm og hina fornu blaðgullsaðferð miðalda. Hún hefur haldið fjölda sýninga hér heima og erlendis. Nú stendur yfir í Listasafni Akureyrar yfirlitssýning á verkum hennar.

## • FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# KÍKIÐ Í HEIMSÓKN OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP



**SUNDBUXUR - HERRA**
STÆRÐIR: S - XL
**VERÐ: 3.990 kr.**



**STUTTERMABOLUR - DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
**VERÐ: 3.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 5.990 kr.



**GAME POINT SKÓR**
BARNASTÆRÐIR
**VERÐ: 5.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 9.990 kr.



**ARGON LEÐURSKÓR - HERRA**
STÆRÐIR: 40-47
**VERÐ: 9.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 14.990 kr.



**RENND PEYSA - DÖMU**
STÆRÐIR: XS-L
**VERÐ: 9.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 15.990 kr.



**RENNDIR JAKKAR - HERRA**
STÆRÐIR: S-XL
**VERÐ FRÁ: 3.990 kr.**



**IKAZ GÖTUSKÓR - DÖMU**
STÆRÐIR: 36-41
**VERÐ: 9.990 kr.**
VERÐ ÁÐUR: 14.990 kr.

**Gott úrval af sokkum frá PUMA**

**SPORT OUTLET**

**Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík**

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16

**OPIÐ SUNNUDAG KL. 13-17**






# Háloftasýning við Austurvöll

**Tugir sjálfboðaliða héngu í 50 metra hæð yfir Austurvelli í gær á æfingu spænska fjöllistahópsins La Fura dels Baus fyrir opnunaratriði Listahátíðar í Reykjavík. Breyta þarf flugumferð yfir miðborginni á meðan á sýningu stendur.**

Listahátíð í Reykjavík hefst nú um helgina. Formlegt opnunaratriði hátíðarinnar verður mikið sjónarspil, þar sem katalónski fjöllistahópurinn La Fura dels Baus sýnir á Austurvelli.

Um sextíu íslenskir sjálfboðaliðar taka þátt í sýningunni, en í einu atriðinu eru 42 sjálfboðaliðar hífðir upp í 50 metra hæð. Það er langtum hærra en nærliggjandi byggingar og hafa flugmálayfirvöld látið breyta venjulegum flugleiðum yfir miðborginni á meðan á sýningunni stendur.

Að sögn Steinunnar Þórhallsdóttur, kynningarstjóra Listahátíðar, var enginn hörgull á fólki sem vildi láta kippa sér af jörðinni.

„Við fengum mjög fljótlega þann fjölda sem okkur vantaði og lokuðum þá fyrir umsóknir,“ segir hún. „Við auglýstum ekki víða heldur létum við þetta meira spyrjast út og það gekk mjög vel.“

Flestir sjálfboðaliðanna eru að sögn Steinunnar dansarar, dansnemar, félagar úr í íslenska fjöllistahópnum Sirkus Sóley og leikarar. Æfingar hafa gengið vel, en tveir sjálfboðaliðar hættu að vísu við þátttöku eftir fyrstu æfinguna í Tjarnarbíói.

„Á miðvikudag var fyrsta æfingin með sjálfboðaliðunum. Þá sýndu spænsku listamennirnir hvað atriðið fæli í sér og einn eða tveir skiptu um skoðun í kjölfarið. En það kom ekki að sök; það er mikil áhersla lögð á öryggi sjálfboðaliðanna og þess gætt að öllum líði vel.“

Sviðslistahópurinn La Fura dels Baus á sér um þrjátíu ára sögu; hann spratt upphaflega upp sem götuleikhús í Barcelona en hefur síðan þá sýnt fyrir milljónum áhorfenda um víða veröld. Hópurinn flutti opnunaratriði á Ólympíuleikunum í Barcelona árið 1992 og hefur síðan sett upp leiksýningar, óperur og útiatriði með sínum hætti þar sem allir miðlar koma saman: leikhús, rokktónlist, loftfimleikar, kvikmyndir og dans. Sýning hópsins á Listahátíð verður aðeins flutt einu sinni, laugardaginn 21. maí klukkan 15 á Austurvelli. Atriðið tekur um 40 mínútur.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**FRÁ ÆFINGU Í GÆR** Færri sjálfboðaliðar komust að en vildu í sýningu katalónska sviðslistahópsins. Alls taka um 60 íslenskir sjálfboðaliðar þátt í sýningunni, þar verða 42 látnir hanga í um 50 metra hæð.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Föstudagur 20. maí 2011

#### → Tónleikar

**14.00** Tríóið **Guitar Islancio** kemur fram á **Jazzhátíð Garðabæjar** í dag kl. 14. Tónleikarnir fara fram í félags- og þjónustumiðstöðinni Jónshúsi. Aðgangur er ókeypis.

**17.30** **Skálholtskórinn** heldur tónleika í **Sólheimakirkju** í dag kl. 17.30. Fjölbreytt efnisskrá. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**18.00** **Halldór Sveinsson** heldur útskriftartónleika sína frá tónlistardeild **Listaháskóla Íslands** í kvöld kl. 18. Tónleikarnir fara fram í **tónlistarsal LHÍ**.

**20.00** Söng- og leikkonan **Bryndís Ásmundsdóttir** mun túlka hina einstöku **Janis Joplin** í **Tjarnarbíó** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 20. Miðasala fer fram á www.tjarnarbio.is og www.midi.is Miðaverð er kr. 2.900.

**20.30** **Yngsta kynslóð jazztónlistarmanna** í Garðabæ opnar **Jazzhátíð Garðabæjar** í kvöld. **Tríóið ASA** tekur svo við. Tónleikarnir fara fram í Safnaðarheimilinu **Kirkjuhvoli** kl. 20.30. Aðgangur ókeypis.

**21.00** **Tríó Reynis Sigurðssonar** kemur fram á tónleikaröð **Jazzklúbbsins Múlans** í **Norræna húsinu** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21. Aðgangseyrir er kr. 1.000 en kr. 500 fyrir nemendur.

**22.00** **X-977** fagnar próflokum á **Sódómu** í kvöld með tónleikum í boði Tuborg. Fram koma hljómsveitirnar **Swive**, **Morning After Youth**, **Postartica**, **Who Knew?** og **Cliff Clavin**. Húsið opnar kl. 22. Miðasala við innganginn. Aðgangseyrir kr. 1.000.

**22.00** Feðginin **Lára Rúnars** og **Rúnar Þórisson** halda tónleika í **Kántrýbæ** á Skagaströnd í kvöld. Húsið opnar kl. 21 en tónleikarnir hefjast kl. 22. Aðgangseyrir kr. 1.500.

**23.00** Í tilefni dómsdags ætla hljómsveitirnar **FM Belfast** og **Prinspóló** að halda tónleika á **Nasa** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 23. Miðaverð er kr. 1.000 í forsölu á miði.is. Aldurstakmark er 20 ár.

#### → Opnanir

**16.00** Sýning myndlistarmannanna **Lindar Völundardóttur** og **Marijolijn van der Mej** opnar í **Listasal Mosfellsbæjar** í dag kl. 16. Sýningin stendur til 10. júní. Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.

#### → Umræður

**12.00** **Guðmundur Ingólfsson** ræðir við gesti um ljósmyndun í dag. Ljósmyndararnir **Leifur Þorsteinsson**, **Sissa** og **Bára** spjalla við **Guðmund**. Spjallið hefst kl. 12 í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

#### → Uppákomur

**21.00** **Hinsegin kvöld** verður haldið á skemmtistaðnum **Barböru** í kvöld. Fjölbreytt dagskrá frá kl. 21. Aðgangur ókeypis.

#### → Ljósmyndasýningar

**10.00** Nú stendur yfir ljósmyndasýning **Finns P. Fróðasonar** í **Ráðhúsi Reykjavíkur**. Sýningin nefnist **Ljóslag - Ísland án þema**. Sýningunni lýkur sunnudaginn 22. maí. Opið frá 10-18 alla daga.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**










# HELGAR-SPRENGJA

TILBOÐIN GILDA 20.05-22.05



SPARIÐ 13.000

BORÐ+4 STÓLAR
FULLT VERÐ: 29.950,-
16.950,-

**JONAS borð + 4 stólar**
Stílhreint og fallegt borð og stólar í brúnum lit á frábæru verði!
Stærð á borði: 75 x 118 sm.



BÓKAHILLA
3.995,-

**SECTION bókahilla**
Flott kirsuberjalituð bókahilla.
Stærð: B60 x H175 sm.



**MAGNUS skrifborðsstóll**
Skrifborðsstóll á krómfæti með stillanlegu baki og setu. Þverband í baki. Hægt að rugga. Litur: Svartur.

VENJULEGT
VERÐ: 12.950,-
9.995,-

SPARIÐ 2.955



VENJULEGT
VERÐ: 44.950,-
29.950,-
VERÐ ÁN FÓTA

SPARIÐ 15.000

**PLUS B15**
**JUBILÆUM dýna**
**stærð: 90 x 200 sm.**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagorma pr. m² í efra lagi. Og í neðra lagi eru 150 BONELL gormar pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Verð án fóta.



SPARIÐ 13.000

VENJULEGT
VERÐ: 29.950,-
16.950,-

**HAMPTON sjónvarpsskápur**
Fallegur sjónvarpsskápur með 3 skúffum.
Stærð: B120 x H46 x D45 sm.

**ARTON fjölskyldukoja**
Frábær koja fyrir fjölskylduna og góð lausn þar sem plássið er takmarkað.
Dýnustærð í efri koju: B90 x L200 sm.
Dýnustærð í neðri koju: B140 x L200 sm.
Verð án dýnu. Rúmbotn fylgir. Fæst einnig í stærð: B90 x L200 x H160 sm.
(Bæði efri og neðri koja)



VENJULEGT
VERÐ: 39.950,-
29.950,-
MEÐ BOTNUM

SPARIÐ 10.000

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**5** dagar liðu milli þess að Arnold Schwarzenegger eignaðist son með hjákonu sinni Mildred Patriciu Baena og son með eiginkonu sinni Mariu Shriver. Sonur Shriver og Schwarzenegger er eldri, svo því sé haldið til haga.



**NÝTA SÉR SKYPE** Meðlimir Mezzoforte bjóða aðdáendum sínum upp á tónlistarkennslu í gegnum Skype.

# Prófa kennslu á netinu með Skype

„Þetta er bara tilraun til að sjá hvaða viðbrögð við fáum," segir Jóhann Ásmundsson, bassaleikari Mezzoforte. Hljómsveitin býður nú aðdáendum sínum upp á tónlistarkennslu í gegnum samskiptaforritið Skype á netinu.

Nokkrir nemendur hafa þegar fengið kennslu hjá hljómborðsleikaranum Eyþóri Gunnarssyni, gegn gjaldi, og einn Þjóðverji er í sigtinu hjá Jóhanni. „Það þarf að undirbúa tímann vel og fara í þau atriði sem nemandinn vill fara í gegnum," segir Jóhann og bætir við að kennsla sem þessi sé orðin nokkuð algeng í tónlistarheiminum.

Hver nemandi fær um klukkutíma í kennslu hjá þeim meðlimi Mezzoforte sem hann kýs og er tilgangurinn að læra lög með hljómsveitinni. „Menn vilja fara ofan í viss lög eða vissa tækni sem þeir hafa áhuga á. Við erum ekki að kenna neinum að spila á hljóðfærið sitt. Við erum bara að segja hvernig við förum að hlutunum," segir Jóhann.

Mezzoforte spilar í Finnlandi, Litháen, Þýskalandi og Sviss í sumar, auk þess sem tónleikar hér á landi eru fyrirhugaðir í byrjun september. Upptökur á nýrri plötu hefjast einnig í sumar. Síðustu tónleikar Mezzoforte á Íslandi voru í Borgarleikhúsinu þegar tónleikaplatan Live In Reykjavík var tekin upp fyrir fjórum árum. - fb

Skipulags stofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmdar**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Eldi á senegalflúru við Reykjanesvirkjun HS Orku, Reykjanesbæ**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **21. júní 2011.**

**Skipulagsstofnun**



**SÖGUSTUND** Páll Óskar les upp úr Ferð höfundarins fyrir leikhópinn í Galdrakarlinum í Oz. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sýndi Galdrakarlinn í Oz

**Páll Óskar Hjálmtýsson sýndi kvikmyndina Galdrakarlinn í Oz af gamalli filmu fyrir leikarana sem frumsýna samnefnt verk í Borgarleikhúsinu um miðjan september.**

Popparinn Páll Óskar Hjálmtýsson var fenginn til að sýna kvikmyndina Galdrakarlinn í Oz fyrir leikarana í samnefndu verki í Borgarleikhúsinu sem verður frumsýnt um miðjan september. Páll Óskar hélt einnig fyrirlestur um myndina og las upp úr bókinni Ferð höfundarins eftir Christopher Vogler.

„Þau vildu fá að sjá bíómyndina og það vill svo til að ég á eintak af þessari klassísku mynd á filmu," segir Páll Óskar, sem hefur safnað gömlum sígildum myndum á filmum í mörg ár. „Upplifunin er allt öðruvísi að rúlla þessu þannig í gegn heldur en að horfa á þetta DVD-dót. Ég rúllaði filmunni í gegn fyrir þau og stiklaði á stóru í því sem ég veit um söguna, tilurð hennar og bíómyndina sjálfa."

Palla líst vel á íslenska leikarahópinn í Galdrakarlinum í Oz en þar fer Laddi með hlutverk galdrakarlsins. „Þetta var virkilega hressandi og skemmtilegt að fá að gera þetta með leikhópnum. Ég fann strax að það er ofsalega góð orka í þessum hópi. Ég held að þau séu að fara að gera mjög safaríka sýningu úr þessum efnivið."

Palli sá kvikmyndina þegar hann var lítill drengur en síðan þá hefur skilningur hans á henni dýpkað mikið. „Í því felst stuðið, þegar maður getur farið að kíkja undir teppið. Þema myndarinnar er svo gjörsamlega mannlegt. Hún snýst um þessa miklu áskorun til okkar allra, hvort við séum sátt í eigin skinni," segir hann og bætir við að aðalleikkonan Judy Garland hafi átt stórleik í myndinni.

Í bókinni Ferð höfundarins, sem Palli las upp úr, kemur Christopher Vogler með þá kenningu að flestar þær sögur sem við þekkjum í mannkynssögunni og úr kvikmyndum séu byggðar á sama grunni þar sem sömu persónurnar koma við sögu hvað eftir annað.

freyr@frettabladid.is

# Blanda af því besta

Tónlistarmaðurinn Barði Jóhannsson hefur gefið út plötuna Selected Film & Theater Works of Barði Jóhannsson, sem verður eingöngu fáanleg á síðunni Tonlist.is.

Þar er að finna blöndu af því besta sem Barði hefur unnið fyrir leikhús og myndmiðla. Barði hefur samið tónlist fyrir Þjóðleikhúsið ásamt því að semja fyrir leikverk í Frakklandi og hinar ýmsu stuttmyndir, heimildarmyndir og auglýsingar. Hann samdi tónlist fyrir kvikmyndina Reykjavík Rotterdam og fyrir það vann hann Edduna. Einnig samdi hann tónlist fyrir Häxan (Nornir), sænska hrollvekju frá þriðja áratug síðustu aldar. Barði hefur samið tónlist við auglýsingar fyrir Citroën C5, Emperio Armani, Volkswagen Passat, Sterling Air og Føroya Banka.

Barði vinnur nú að fjórðu plötu Bang Gang ásamt því að framleiða eigin fatalínu. Einnig verður ópera samin af Lady & Bird (Barða og Keren Ann) frumsýnd í Frakklandi í nóvember.



**NÝ PLATA** Barði Jóhannsson hefur gefið út plötu með tónlist fyrir leikhús og myndmiðla. MYND/LISA ROZE





**15%** afsláttur
af **Sister's Point**
á Kringlukasti.

**15%** afsláttur
af öllum töskum
á Kringlukasti.

galleri sautján

**Smáralind | Kringlunni**

Kíkið á okkur á **ntc.is** eða á facebook



**20%** afsláttur
af **Gstar** vörum
á Kringlukasti.

Mikið úrval af
sólgleraugum á
**1.990 kr.**

# Vísar á bug kynlífssögu

Michael Stipe, söngvari bandarísku hljómsveitarinnar R.E.M., vísar því á bug að hann hafi átt ástarfund með Kurt Cobain, látnum söngvara Nirvana. Þeir félagar áttu í nánu vinasambandi í kringum tíunda áratug síðustu aldar og sá orðrómur gekk fjöllum hærra að þeir ættu í ástarsambandi. „Cobain var virkilega indæll maður en við vorum aldrei elskhugar," segir Stipe við New York Post. Stipe reyndi árangurslaust að fá Cobain til að syngja með sér inn á smáskífu dagana áður en Cobain svipti sig lífi.



MICHAEL STIPE

# Varð ástfanginn af apa

Bradley Cooper viðurkennir að hann hafi orðið ástfanginn af apanum Chrystal sem lék með honum í The Hangover II. Chrystal leikur dópsöluapa sem þremenningarnir komast í kynni við í Bangkok og Cooper segist hafa hrifist af apanum við fyrstu sýn. „Hún var samt mjög frek og átti svæðið þegar tökur fóru fram og stríddi öllum sem hún komst í tæri við," útskýrir Cooper. „Hún leikur karl sem selur eiturlyf. Hún á mögulega eftir að stela senunni."





**Á BAÐFÖTUM** Keppendur koma meðal annars fram í baðfötum í kvöld.



**SKRAUTLEGT HÚÐFLÚR** Einn keppandinn skartar þessu skrautlega húðflúri á bakinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# UNGFRÚ ÍSLAND KRÝND Í KVÖLD

**Generalprufa fyrir Fegurðarsamkeppni Íslands var haldin á Broadway á miðvikudagskvöld. Þar undirbjuggu stúlkurnar sig fyrir keppnina, sem verður haldin með pompi og prakt í kvöld. Ljósmyndari Fréttablaðsins leit á undirbúninginn bak við tjöldin.**

Það var mikið um að vera á Broadway í fyrrakvöld þegar generalprufan fyrir Fegurðarsamkeppni Íslands fór fram. Stúlkurnar fóru í förðun og hárgreiðslu snemma um daginn, með aðstoð starfsmanna förðunarskólans Beautyworld og hárgreiðslustofunnar Team, og um kvöldið tók síðan sviðsframkoman við. Allt gekk þetta eins og í sögu.

Í kvöld koma stúlkurnar meðal annars fram í kvöldkjólum, baðfötum og á nærfötum, auk þess sem þær munu klæðast fötum frá Ellingsen. Ungfrú Ísland var fyrst kosin árið 1939, þá á vegum Vikunnar. Frá árinu 1954 hefur keppnin verið kölluð Fegurðarsamkeppni Íslands eða Ungfrú Ísland.



**GÓÐ RÁÐ** Núverandi Ungfrú Ísland, Fanney Ingvarsdóttir, veitir einum keppandanum góð ráð.






**EKKERT FYNDIÐ** Tilraun Lars Von Trier til að gantast með nasisma, Adolf Hitler og Albert Speer misheppnaðist algjörlega og hefur honum verið vísað heim frá Cannes. Hann hefði betur haldið fyrir munninn á sér. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Trier málar sig út í horn í Cannes

Danski leikstjórinn Lars von Trier hefur komið sér í rækileg vandræði með yfirlýsingum sínum um gyðinga, helförina og Adolf Hitler á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Hann var rekinn af hátíðinni í hádeginu í gær.

Sænski leikarinn Stellan Skarsgaard kom leikstjóranum til varnar, sagði að þetta væri bara Trier. „Ég iða alltaf í skinninu yfir því að fara á blaðamannafund með Trier því þá gerist alltaf eitthvað spennandi, ólíkt öðrum blaðamannafundum sem yfirleitt eru hundleiðinlegir." Peter Aalbæk, framkvæmdastjóri Zentropa, var hins vegar ekki á sama máli og Skarsgaard, sagði ummæli leikstjórans hafa verið barnaleg og vitlaus. Undir það tók Henrik Bo Nielsen, framkvæmdastjóri danska kvikmyndasjóðsins. „Þetta var algjörlega út í hött af Trier að segja þetta."

Trier reyndi að biðjast afsökunar á orðum sínum og dró þau til baka. Á blaðamannafundi með dönskum blaðamönnum sagðist hann vera meiri klámhundur en nasisti. „Ef ég hef sært einhvern með orðum mínum þá biðst ég innilegrar afsökunar. Ég hef ekkert á móti gyðingum, hef enga kynþáttafordóma og ég er ekki nasisti," sagði í sameiginlegri yfirlýsingu Triers og framleiðslufyrirtækisins Zentropa.

En allt kom fyrir ekki. Orðin voru komin á kreik í heimspressunni og eftir krísufund hjá skipuleggjendum Cannes-hátíðarinnar var ákveðið að vísa Trier heim þótt mynd hans mætti enn vera í keppninni. Sölufyrirtæki voru þá þegar farin að rifta samningum við leikstjórann og eigandi veitingastaðarins Mouton Cadet neitaði að hýsa frumsýningarhófið hans. Ástæðan var mjög einföld: eigandinn var gyðingur.

freyrgigja@frettabladid.is



20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI, SKARTGRIPUM OG SNYRTIVÖRUM!
Mikið úrval af fatnaði fyrir alla fjölskylduna
Little Miss bolir, ýmsar gerðir
Outlet verð kr. 1.995
Verð með 20% afslætti kr. 1.596
T-bolir, ýmsar gerðir
Outlet verð kr. 1.995
Verð með 20% afslætti kr. 1.596
Fótboltabúningar, f/börn
Outlet verð kr. 3.500
Verð með 20% afslætti kr. 2.800
Simpsons náttbuxur, f/fullorðna
Outlet verð kr. 2.495
Verð með 25% afslætti kr. 1.996
North Rock buxur, f/dömur
Outlet verð kr. 4.995
Verð með 20% afslætti kr. 3.996
Lovia/Lemoni bikiní, f/dömur
Outlet verð kr. 5.995
Verð með 20% afslætti kr. 4.796
Champion hettupeysur, f/fullorðna
Outlet verð kr. 4.995
Verð með 20% afslætti kr. 3.996
Fleiri gerðir
LEVI'S gallabuxur, f/fullorðna
Outlet verð kr. 9.995
Verð með 20% afslætti kr. 7.996
Ný sending af flottum freistandi kvenfatnaði, beint frá London!
KORPU OUTLET
Girnilegasti lagermarkaður landsins!
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400
Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

# Atkvæðin hrynja inn í lagakeppni fyrir strákana

**Landslið Íslands í fótbolta skipað leikmönnum 21 árs og yngri tekur þátt í lokakeppni Evrópumótsins í sumar. Fjögur stuðningsmannalög hafa verið samin fyrir liðið og eru þau komin í keppni á Rás 2.**

„Þátttakan í kosningunni er alveg svakalega mikil,“ segir Þórður Helgi Þórðarson, útvarpsmaður í íþróttaþættinum Sportrásin á Rás 2.

Þórður leitaði á dögunum til hljómsveitanna Pollapönk, Dr. Spock, Mixed Emotions og söngvarans Friðriks Dórs um að semja stuðningslög fyrir U21 landslið karla í fótbolta, en liðið leikur á lokamóti Evrópukeppninnar í Danmörku í júní. Hægt er að hlusta á lögin fjögur á vef Sportrásarinnar og atkvæðin hrynja inn. En hvað varð til þess að Þórður blés til keppninnar?

„Það var nú eiginlega óvart,“ segir hann. „Ég fékk í hendurnar fullt af boltalögum. Þau eiga sameiginlegt að vera ekki frábær og ég fór að pæla í hvort það sé hægt að gera gott boltalag.“

Í fyrstu ætlaði Þórður að láta hlustendur senda inn frumsamin lög, en slík keppni með lögum Bob Dylan fór í gang um svipað leyti og því ekki hægt að leggja á hlustendur að taka þátt í tveimur keppnum. „Þannig að ég pikkaði í þá sem ég vildi heyra semja svona lag,“ segir Þórður.

Og kemur það ekki betur út?

„Það kemur miklu betri músík. En þeir eru með meira vesen yfir smáatriðum.“



**LAG FYRIR U21**
Friðrik Dór, Pollapönk, Dr. Spock og Mixed Emotions eiga lög í keppni Þórðar Helga um nýtt stuðningsmannalag fyrir U21 landslið karla í fótbolta.

Kosningin stendur yfir þangað til á miðvikudag í næstu viku og verður sigurvegarinn tilkynntur í Sportrásinni daginn eftir. Lögin eru afar metnaðarfull, en kom það Þórði á óvart?

„Ekki metnaðurinn, en gæðin. Venjulega finnst mér þessi lög leiðinleg, en þessi eru góð.“

Átt þú þér uppáhaldslag í keppninni?

„Já.“

Ætlarðu að gefa það upp?

„Nei.“

atlifannar@frettabladid.is


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PAUL | 5.50, 8 og 10.10 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL | 4 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 4 |
| FAST & FURIOUS 5 | 7 og 10 |
| THOR 3D | 7.30 og 10 |
| HOPP - ISL TAL | 4 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

HEIMSFRUMSÝNING!
PIRATES of the CARIBBEAN ON STRANGER TIDES
-BoxofficeMagazine
Jack Sparrow er mættur í stærstu mynd sumarsins! Stórkostleg þrívíddarævintýramynd með Johnny Depp, Penélope Cruz, Ian McShane og Geoffry Rush. Sýnd í Disney Digital 3D í völdum kvikmyndahúsum

DRIVE ANGRY 3D
NICHOLAS CAGE ER MÆTTUR Í HÖRKU HASARMYND

ANIMALS UNITED 3D
DÝRA FJÖR
SÝND MEÐ ÍSL. TALI

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl.9:20 (2D) | 10 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 Luxus VIP | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| DÝRA FJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ARTHUR | kl. 3:40 | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5 - 8 - 10:50 | 10 |
| ANIMALS UNITED ísl tal | kl. 6 | L |
| DRIVE ANGRY | kl. 8 - 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 5 - 8 - 10:50 | 10 |
| DÝRA FJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 8 | 12 |
| PRIEST | kl. 10:50 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| DÝRAFJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 5:30 | L |
| DRIVE ANGRY 3D TEXTALAUS | kl. 10.30 | 16 |
| THOR 3D | kl. 8 - 10 30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 4 - 6 - 7 - 9 - 10 | 10 |
| FAST FIVE | kl. 5:30 - 10:20 | 12 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 | 12 |
| DÝRAFJÖR (ANIMALS UTD) M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| YOGI BEAR M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

TILBOÐSSÝNINGAR
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
HEIMSFRUMSÝNING!
"BESTA 'PIRATES' MYNDIN" - M.P. FOX TV
PIRATES of the CARIBBEAN ON STRANGER TIDES
P.H. BOXOFFICE MAGAZINE
10 LÚXUS JACK SPARROW ER MÆTTUR Í STÆRSTU MYND SUMARSINS! - STÓRKOSTLEG ÞRÍVÍDDARÆVINTÝRAMYND

- KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT
midi.is
-T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT
midi.is

| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR – NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| PIRATES 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| PIRATES 3D Í LÚXUS | KL. 5 - 8 - 11 | 10 |
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 - 10.30 | 16 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 8- 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS – AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 6 - 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| PRIEST 3D | KL. 10.30 | 16 |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| PAUL | KL. 8 - 10.00 | 12 |
| FAST FIVE | KL. 5.40 - 10.00 | 12 |
| PRIEST 3D | KL. 8 | 16 |
| GNÓMEÓ & JÚLÍA 3D | KL. 5.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio

NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR
Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.
Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.
Frá: Reykjavík
Til
Brottför: 08.08.11
Til Baka: 15.08.11
Leita
dohop vísir Meiri Vísir.

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| UPPSKERUHÁTÍÐ KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS | 13:00 - 22:00 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00, 20:00, 22:00 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 18:00 |
| VOSKHOZHDENIYE | 20:00 |
| ROUTE IRISH | 22:10 |
| BRÚÐGUMINN (ENGLISH SUBTITLES) | 18:00 |
| PERLUR OG SVÍN (ENGLISH SUBTITLES) | 20:00 |
| SKRAPP ÚT (ENGLISH SUBTITLES) | 22:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# VÖRUÚTSALA

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

## HEIMABÍÓKERFI FRÁ 24.990
## ALLT AÐ 38% AFSLÁTTUR

PHILIPS JVC Panasonic

## FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM

...PANASONIC - PHILIPS - TOSHIBA - UNITED

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR

22" LCD ...
FULLT VERÐ 99.990
TILBOÐ 59.990
Panasonic AFSL. 40.000

TILBOÐ 74.990
TOSHIBA AFSL. 30.000

46" LCD / AMBILIGHT
PHILIPS

JVC HEYRNARTÓL OG TAPPAR
30-50% AFSLÁTTUR

TASCO SJÓNAUKAR MEÐ ALLT AÐ
35% AFSLÆTTI

JBL IPOD VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ
40% AFSLÆTTI

## ...HUNDRUÐ VÖRUR ...AFSLÆTTI

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

HLJÓMTÆKI...
MYNDAVÉLAR - BLU-RAY ...

## MYNDAVÉLAR - FRÁ 9.990

Nikon CASIO Panasonic OLYMPUS

OPIÐ Í DAG KL. 9-18.30 OG Á MORGUN LAUGARDAG 11-16

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Panasonic ideas for life Á ÍSLANDI

# sport

sport@frettabladid.is



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** er nú búin að skora 27 mörk í 18 landsleikjum á Laugardalsvellinum en hún skoraði sína fimmtu þrennu og aðra fernu á þjóðarleikvanginum í gær. Margrét Lára hefur skorað í þrettán af átján leikjum sínum á Laugardalsvellinum.

**Ísland 6-0 Búlgaría**

Laugardalsv., áhorf.: 1371 — F. Ionescu, Rúmeníu (6)

*1-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (6.)*
*2-0 Sara Björk Gunnarsdóttir (12.)*
*3-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (36.)*
*4-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (63.)*
*5-0 Margrét Lára Viðarsd., víti (72.)*
*6-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (90.+2)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–4 (10–2) |
| Varin skot | Þóra Björg 2 – Naydenova 4 |
| Horn | 6–0 |
| Aukaspyrnur fengnar | 7–15 |
| Rangstöður | 6–2 |

**ÍSLAND** 4–3–3

| | |
|---|---|
| Þóra Björg Helgadóttir | 7 |
| Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir | 7 |
| Sif Atladóttir | 7 |
| Katrín Jónsdóttir | 7 |
| Hallbera Guðný Gísladóttir | 7 |
| (78. Þórunn Helga Jónsdóttir | -) |
| Edda Garðarsdóttir | 6 |
| (72., Dagný Brynjarsdóttir | -) |
| Katrín Ómarsdóttir | 6 |
| (72., Dóra María Lárusdóttir | -) |
| Sara Björk Gunnarsdóttir | 8 |
| Fanndís Friðriksdóttir | 6 |
| Hólmfríður Magnúsdóttir | 7 |
| ***Margrét Lára Viðarsdóttir** | **8** |

**Maður leiksins*

**Íslenska liðið** spilar næsta leik sinn í undankeppni á móti Noregi en sá leikur fer fram á Laugardalsvellinum 17. september næstkomandi. Fjórum dögum síðar koma síðan Belgar í heimsókn. Fyrsti útileikurinn er síðan í Ungverjalandi í október.

# Vandræðalaust yfir fyrstu hindrun

**Ísland fékk í gær sín fyrstu stig í undankeppni EM 2013 er liðið vann auðveldan og þægilegan 6-0 sigur á Búlgaríu. Margrét Lára Viðarsdóttir bætti enn í markasarpinn sinn og skoraði fernu.**

**FÓTBOLTI** Ísland vann í gær auðveldan sigur á Búlgaríu, 6-0, í undankeppni EM 2013. Stelpurnar okkar ætla sér að komast á næsta stórmót og áttu þær í engum vandræðum með að stíga yfir fyrstu hindrunina.

Ísland komst í 2-0 strax í upphafi leiks en eftir mjög slaka byrjun tóku Búlgarir sig saman í andlitinu og börðu aðeins frá sér. Yfirburðirnir voru þó mjög miklir en stelpurnar máttu hafa fyrir sínu og gáfu á endanum andstæðingum sínum í riðlinum skýr skilaboð með mörkunum sex.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fjögur mörk í leiknum, þar af eitt úr víti sem hún fiskaði sjálf, og hefur hún nú skorað alls 62 mörk með landsliðinu. Hólmfríður Magnúsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir skoruðu hin mörk Íslands.

„Ég var ánægður með leikinn. Við skoruðum sex mörk, fengum fullt af færum og héldum hreinu," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari að leik loknum við Fréttablaðið. „En við erum með mun sterkara lið en Búlgaría og það kom fljótlega í ljós í leiknum."

Sigurður Ragnar sagði þó búlgarska liðið hafa spilað öðruvísi í leiknum en hann hafi átt von á. „Það var smá óvissa fyrir leik hvernig þær myndu spila enda liðið með nýjan þjálfara. Þær spiluðu framar en ég bjóst við en þeirra leikstíll hentaði okkur mjög vel. Við komumst oft á bak við varnarlínuna þeirra og náðum að koma með fyrirgjafir inn í teig. Þannig vorum við að skora flest mörkin okkar í kvöld."

Eftir góða byrjun lenti þó íslenska liðið í nokkru basli á miðjunni þar sem þær búlgörsku gáfu lítið eftir. „Þetta var samt aldrei í neinni hættu hjá okkur. Við vorum stundum full ákafar í að fara fram og þá skapaðist pláss á miðjunni. En þetta leystist allt saman vel."

Hann var ánægður með að Margrét Lára skoraði fjögur mörk fyrir Ísland í leiknum enda hafa meiðsli verið að hrjá hana undanfarin misseri. „Það eru góðar fréttir fyrir okkur að hún sé að koma svona sterk til baka. Svo var gaman að sjá Hólmfríði spila aftur," bætti hann við en Hólmfríður lék ekki með liðinu á Algarvemótinu fyrr á árinu. „Svo fannst mér flestar í liðinu eigan góðan dag."

Þetta var fyrsti leikurinn í undankeppni EM 2013 en hún fer á fullt næsta haust og fær Ísland mun erfiðari prófraun strax í næsta leik. Þá mætir sterkt lið Noregs hingað til lands og ljóst að sá leikur mun hafa mikið að segja í baráttunni um sæti í lokakeppninni í Svíþjóð.

eirikur@frettabladid.is



**NÝSTÁRLEG FAGNAÐARLÆTI** Margrét Lára Viðarsdóttir fagnar hér fyrsta marki sínu af fjórum á móti Búlgaríu í gær. Með henni eru Hólmfríður Magnúsdóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir sem skoruðu hin tvö mörk íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




BOLTASKÓLI FREYS

**Heldur knattspyrnunámskeið á Laugarvatni í júlí**

Námskeiðið er eingöngu fyrir drengi fædda 1998,1999 og 2000 í þetta sinn, þ.e.a.s. 4.fl yngri og 5. Flokk karla

**Tvö námskeið eru í boði:**
Mánudag 18. júlí til föstudag 22. júlí, 5.dagar, 4 nætur - kr. 49.000,-
Föstudag 22. júlí til mánudag 25. júlí, 4 dagar, 3 nætur - kr. 41.000,-

**Allar upplýsingar um námskeiðin eru á freyrsverris.blog.is**
**Allar nánari upplýsingar í síma 864 7020 milli kl. 10:00 - 14:00 á daginn.**


Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fernu í gær og er komin með 62 landsliðsmörk:

# Fæ enn þessa sérstöku tilfinningu

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir hefur átt erfitt uppdráttar síðustu ár vegna meiðsla en hún er farin að sýna aftur að á góðum degi er hún leikmaður í heimsklassa. Hún skoraði fjögur mörk í 6-0 sigri á Búlgaríu í gær og þó svo að andstæðingurinn hafi ekki verið sá sterkasti í gær þá stóð hún fyrir sínu og gott betur.

„Það er alltaf jafn gaman að skora fyrir landsliðið," sagði Margrét Lára en hún hefur nú skorað 62 slík mörk á ferlinum. Það er vitanlega met. „Það er alltaf sérstök tilfinning sem maður fær og það mun aldrei breytast. En ég gæti þetta ekki án hjálpar liðsfélaga minna. Þær dæla í mig boltum og ég reyni að klára mitt."

Hún segir að búlgarska liðið hafi komið sér nokkuð á óvart. „Þær mættu nokkuð borubrattar til leiks. Þær voru að pressa á okkur og reyna að halda boltanum. Mér fannst þær reyndar ekki spila góða vörn og við kláruðum þær þar. Maður kvartar ekki yfir því að vinna 6-0."

Margrét Lára segir þó erfitt að halda einbeitingu í 90 mínútur í leikjum sem þessum. „Það kemur alltaf upp ákveðið kæruleysi og við hefðum getað sýnt aðeins meiri stöðugleika í leiknum. En við unnum og þetta gefur tóninn fyrir framhaldið."

- esá



**62 MÖRK FYRIR A-LANDSLIÐIÐ** Margrét Lára Viðarsdóttir í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Sveitarfélagið Ölfus

**KYNNINGARFUNDUR/ÍBÚAFUNDUR**

**UM AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS, 2010-2022.**

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss boðar til fundar um endurskoðun Aðalskipulags Sveitarfélagsins Ölfuss, 2010-2022.

**Fundurinn verður haldinn í Versölum, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, þriðjudaginn 24. maí 2011 kl. 17.00-19.00.**

Kynntar verða forsendur aðalskipulagsvinnunnar, stefna og áherslur við endurskoðun gildandi aðalskipulags. Lýsing á skipulagsverkefninu og matslýsing. Farið verður yfir skipulagsáætlunina, yfir kynningu og samráð, helstu breytingar frá gildandi skipulagi, tengsl við aðra áætlanagerð, upplýsingar um grunnástand umhverfisins, umhverfismat, þætti aðalskipulags sem teknir eru í matsgerðar, umhverfisþætti og viðmið og ýmsa viðauka með aðalskipulaginu.

Íbúar Sveitarfélagsins Ölfuss sem og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að mæta á kynningarfundinn og taka þátt í umræðu um skipulagsáherslur í sveitarfélaginu.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Ölfuss.

Allar nánari upplýsingar á www.olfus.is, undir Aðalskipulag 2010-2022.


Nýliðar Vals í Iceland Express-deild kvenna að styrkja sig fyrir næsta vetur:

# María Ben búin að semja við Val

**KÖRFUBOLTI** María Ben Erlingsdóttir hefur gert samning við Val og mun spila með nýliðum Iceland Express-deildar kvenna næsta vetur sem verður hennar fyrsta tímabil á Íslandi síðan 2006-2007 eftir fjögurra ára háskólanám í Bandaríkjunum.

„Þetta eru meiriháttar fréttir og það verður líka gaman að sjá Mæju spila í íslensku deildinni eftir að hafa verið að spila í Bandaríkjunum í fjögur ár. Hún er gríðarlegur liðstyrkur og Mæja er og á eftlaust eftir að vera einn besti sóknarleikmaðurinn í þessari deild. Hún er klárlega ein af betri leikmönnum landsins," segir Ágúst Björgvinsson, þjálfari Vals.

„Ég er búinn að vera í sambandi við Mæju öll þessi fjögur ár sem hún hefur verið úti og við þekkjumst vel. Hún var mjög spennt að koma að spila þar sem ég væri þjálfari og var líka spennt fyrir þessu sem við erum að gera í Val. Valur er stórveldi í íþróttum á Íslandi en hefur ekki verið mjög áberandi í körfunni. Okkur langar að reyna að gera eitthvað á þeim vettvangi líka," segir Ágúst.

María Ben er 23 ára, uppalin í Keflavík og hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu frá árinu 2004 en hún á að baki 30 A-landsleiki. María spilaði síðast í íslensku deildinni veturinn 2006-2007 þegar hún var með 17,2 stig og 6,0 fráköst að meðaltali á 27,3 mínútum og hitti úr 54 prósentum skota sinna og 82 prósentum vítanna.

„Hún hefur ekki verið að spila eins vel út í háskólaboltanum og við vitum að hún getur en þá var hún líka að spila stöðu skotframherja sem hún hefur ekki verið þekkt fyrir" sagði Ágúst en María var með 5,2 stig og 2,3 fráköst að meðaltali í 99 leikjum fyrir Texas-Pan American skólann undanfarin fjögur ár.

María Ben er fimmti leikmaðurinn sem semur við Val á síðustu dögum en áður höfðu Kristrún Sigurjónsdóttir, Þórunn Bjarnadóttir og Guðbjörg Sverrisdóttir komið frá Hamar og þá kom Telma Björk Fjalarsdóttir frá Haukum.

„Það er búið að vinna að því liggur við dag og nótt að setja liðið saman. Við erum að nálgast það að klára það sem við ætluðum okkur að klára í þessum leikmannamálum," sagði Ágúst að lokum.

- óój



**MARÍA BEN ERLINGSDÓTTIR** Fastamaður í landsliðinu frá 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

FRÍTT INN!

# STÓRSÝNINGIN

## Allt á HJÓLUM



## FÍFUNNI • 21.-22. MAÍ 2011

**NÝIR BÍLAR • MÓTORHJÓL • HÚSBÍLAR • AUKAHLUTIR**
**FERÐAVAGNAR • FJÓRHJÓL • MARGT FLEIRA**

SÝNINGAR-TILBOÐ | VEITINGAR | HOPPU-KASTALAR | FRUM-SÝNINGAR | FJÁR-MÖGNUN

**SÝNINGARAÐILAR:**

IH/B&L • Bernhard • Hekla • Askja • Toyota Kópavogi • Suzuki umboðið • Bílabúð Benna • Atlantsolía
Íslenska gámafélagið • Seglagerðin • Útilegumaðurinn • Víkurverk • Sjóvá • N1 • Ásbjörn Ólafsson hf.
Car.is • Arctic Trucks • Lykilbílar • SP-Fjármögnun • Íslandsbanki • Lýsing • Iðan fræðslusetur • Poulsen

**OPIÐ:**
**LAUGARDAG: 11 - 18**
**SUNNUDAG: 11 - 17**

ENNEMM / SÍA / NM46786



**GUÐNÝ JENNÝ ÁSMUNDSDÓTTIR** Var frábær með Val í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kvennalandsliðið í handbolta:

# Jenný komin í landsliðið

**HANDBOLTI Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari kvenna í handbolta, hefur valið átján leikmenn fyrir umspilsleikina gegn Úkraínu sem fram fara í júní. Liðið mun leika fjóra vináttulandsleiki á næstu vikum, gegn Tyrkjum 23. og 25. maí og gegn silfurliðinu frá EM, Svíþjóð, 29. og 30. maí. Ágúst kallar nú inn Guðnýju Jenný Ásmundsdóttur, sem fór á kostum með Íslandsmeisturum Vals í úrslitakeppninni en komst ekki í fyrsta hóp Ágústar. - óój**

## Landsliðshópurinn

**Markverðir:** Guðný Jenny Ásmundsdóttir (Valur), Guðrún Ósk Maríasdóttir (Fylkir), Íris Björk Símonardóttir (Fram). **Aðrir leikmenn:** Anna Úrsúla Guðmundsdóttir (Valur), Arna Sif Pálsdóttir (Team Esbjerg), Ásta Birna Gunnarsdóttir (Fram), Brynja Magnúsdóttir (HK), Hanna Guðrún Stefánsdóttir (Stjarnan), Harpa Sif Eyjólfsdóttir (Spårvagen), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir (Valur), Karen Knútsdóttir (Fram), Rakel Dögg Bragadóttir (Levanger), Rebekka Rut Skúladóttir (Valur), Rut Jónsdóttir (Team Tvis Holstebro), Solveig Lára Kjærnested (Stjarnan), Stella Sigurðardóttir (Fram), Sunna Jónsdóttir (Fylkir) og Þórey Rósa Stefánsdóttir (VFL Oldenburg).

## ÚRSLIT Í GÆR

*1. deild karla*

| | |
|---|---|
| **ÍA-Þróttur R.** | **1-0** |
| 1-0 Hjörtur Hjartarson (43.) | |
| **Leiknir- HK** | **1-1** |
| 0-1 Ásgeir Aron Ásgeirsson, 1-1 Aron Fuego Daníelsson | |
| **Grótta-Selfoss** | **0-3** |
| 0-1 Viðar Kjartansson, 0-2 Arelíus Marteinsson, 0-3 Jón Daði Böðvarsson | |
| **Upplýsingar** um markaskorara af fótbolti.net. | |

*Norski fótboltinn*

| | |
|---|---|
| **Odd-Stabæk** | **2-3** |
| Pálmi Rafn Pálmason skoraði sigurmark Stabæk á 89. mínútu eftir sendingu frá Veigari Páli Gunnarssyni. Veigar skoraði úr víti á 78. mínútu. Veigar Páll og Pálmi Rafn spiluðu allan leikinn en Bjarni Ólafur Eiríksson fór útaf á 85. mínútu. | |
| **Sogndal-Lilleström** | **2-0** |
| Stefán Logi Magnússon og Björn Bergmann Sigurðarson léku allan leikinn með Lilleström | |
| **Strømsgodset-Brann** | **1-0** |
| Birkir Már Sævarsson lék allan leikinn. | |
| **Tromsö-Viking** | **3-1** |
| Birkir Bjarnason lék allan leikinn með Viking en Indriði Sigrðsson fór útaf á 58. mínútu. | |

# Ákvörðun tekin á leikdag

**KSÍ mun taka ákvörðun um hvort leikur Þórs og FH fer fram á sunnudag skömmu áður en FH-ingar fara upp í flugvél norður. Spáð er snjókomu og frosti á Akureyri. Þórsarar eru á vergangi með æfingasvæði og æfa á túnum bænda.**

**FÓTBOLTI** Veðurguðirnir halda áfram að hafa áhrif á Íslandsmótið. Þegar menn héldu að sumarið væri komið fór aftur að versna í veðri og spáin fyrir norðan um helgina er alls ekki nógu góð. Þá er hreinlega spáð frosti og snjókomu.

Þór á að taka á móti FH á heimavelli sínum á sunnudag og óvíst er hvort hægt verði að spila leikinn. Bæði er spáin slæm og svo kom völlur Þórsara alls ekki nógu vel undan vetri og var ansi kalinn.

„Við búum okkur undir að það verði leikur. Völlurinn verður líklega ekki freðinn þó svo að hann líti illa út. Hann er upphitaður. Ég trúi því ekki að menn fresti leikjum vegna veðurs. Það hefur áður verið spilaður fótbolti í vondu veðri. Mér skilst að KSÍ ætli að taka ákvörðun um hvort leikurinn fari fram áður en FH-ingar stíga upp í flugvélina,“ sagði Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs, en hann veit sem er að það mun fara illa með völlinn að spila þar í vondu veðri.

„Þetta var erfiður vetur og mikill klaki á vellinum. Þess vegna eru ljótir kalblettir á honum. Hann var mun betri á sama tíma í fyrra. Það gerir honum eflaust ekki gott að spila á honum,“ sagði Páll Viðar.

Ekki er möguleiki að færa leikinn inn í knatthúsið á Akureyri, Bogann, þar sem hann uppfyllir ekki kröfur efstu deildar um leikvelli. Spila má bikarleiki og 1. deildarleiki þar inni.



**SVOLÍTIÐ SJOPPULEGT HJÁ OKKUR** Þjálfari Þórs segir að Pepsi-deildarliðið æfi á túnum í nágrenninu þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ef þeir fresta leiknum verður það væntanlega um einn dag. Ef veðrið verður áfram vont verða menn væntanlega að finna einhverjar aðrar lausnir,“ sagði Páll Viðar.

Þjálfarinn segir það ekki auðvelt verk að æfa fótbolta fyrir norðan þessa dagana enda standi Þórsurum ekki til boða að æfa á vellinum né á æfingasvæði félagsins.

„Við höfum verið að æfa úti í sveit. Það er lítið annað að gera. Við fáum að fara á einhver tún hér sitt hvoru megin við bæinn. Það verður að viðurkennast að þetta er svolítið sjoppulegt hjá okkur, sérstaklega í ljósi þess að mótið er vel farið af stað,“ sagði Páll Viðar en KA mun spila í Boganum í 1. deildinni í kvöld og yngri flokkar eru að æfa þar líka. **henry@frettabladid.is**



**JACK WILSHERE** Verður lykilmaður hjá Englandi á EM. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Góð tíðindi fyrir England:

# Jack Wilshere spilar á EM

**FÓTBOLTI** Stuart Pearce, þjálfari enska U-21 árs landsliðsins, hefur valið miðjumann Arsenal, Jack Wilshere, í 23 manna hóp landsliðsins fyrir EM í sumar þvert á óskir Arsene Wenger, stjóra Arsenal.

Wenger óttast að álagið sé of mikið á Wilshere og hann muni ofkeyra sig með því að spila í Danmörku í sumar, en Wilshere er einnig fastamaður í enska A-landsliðinu.

„Ég var að frétta að hann hefði verið valinn í hópinn. Við verðum að virða það og sætta okkur við þetta þó svo að við teljum það vera rangt,“ sagði Wenger.

Wilshere vildi sjálfur ólmur spila í Danmörku og hann hefur nú fengið ósk sína uppfyllta. **- hbg**

Skagamenn eru með fullt hús á toppi 1. deildar karla í fótbolta eftir 1-0 sigur á Þrótti á Akranesi í gærkvöldi:

# Hjörtur tryggði Skagamönnum þrjú stig

**FÓTBOLTI** „Við leggjum upp með góðan varnarleik og okkur hefur tekist það í fyrstu tveimur leikjunum. Það er margt sem við þurfum að laga en aðstæður buðu ekki upp á nein tilþrif,“ sagði Þórður Þórðarson, þjálfari ÍA, eftir 1-0 sigur liðsins gegn Þrótti úr Reykjavík í gær í 1. deild karla í fótbolta. Hjörtur Hjartarson skoraði eina mark leiksins með skalla af stuttu færi rétt undir lok fyrri hálfleiks og eru Skagamenn með fullt hús stiga eftir fyrstu tvo leikina. Markmiðin eru skýr hjá Skagamönnum – ekkert annað kemur til greina en að fara upp í úrvalsdeild en þetta er þriðja leiktíðin hjá ÍA eftir að liðið féll úr efstu deild haustið 2008. „Við höfum ekki byrjað tímabilið vel undanfarin tvö ár. Það eru komnir reynslumiklir leikmenn í liðið og má þar nefna Reyni Leósson og Dean Martin. Þeir eru okkur mikilvægir og það er meiri stöðugleiki í okkar leik,“ bætti Þórður við.

Miklar væntingar eru gerðar til ÍA liðsins og það sást vel í gær þar sem að fjöldi áhorfenda var yfir meðallagi þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið upp á marga fiska. Ísköld og hvöss norðanátt þvert á völlinn. Liðinu er spáð sigri í deildinni og eftir tvo sigurleiki er ljóst að Skagamenn eru til alls líklegir.

Lið Þróttar sýndi ágæt tilþrif og þá sérstaklega í síðari hálfleik en liðið náði ekki að skapa sér umtalsverð færi. Páll Einarsson, þjálfari Þróttar, var rekinn úr varamannaskýlinu undir lok leiksins og Erlingur Jack Guðmundsson var stálheppinn að fá ekki rautt spjald fyrir brot rétt fyrir leikslok. **- seth**



**HIRTI FAGNAÐ** Gary Martin og Mark Doninger fagna hér Hirti Hjartarsyni eftir að hann skoraði sigurmark ÍA í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI HALLDÓRSSON

BM·VALLÁ

bmvalla.is



Sumarið er tíminn

Taktu til hendinni í garðinum!

**Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir,** landslagsarkitekt okkar, veitir viðskiptavinum ókeypis ráðgjöf og aðstoð við mótun hugmynda og útfærslu.

Ráðgjöfin ásamt tölvuteikningu er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband við sölufulltrúa okkar og pantaðu tíma.

Happdrætti

Allir sem nýta sér landslagsráðgjöf og kaupa í kjölfarið efni til framkvæmda hjá BM Vallá fara í pott og geta unnið ferð til London fyrir tvo. Gildir út árið 2011.



**Komdu til okkar og fáðu hugmyndir fyrir garðinn þinn.**

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík

Sími: 412 5000
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is




# Til hamingju
## íbúar höfuðborgarsvæðisins

SORPA er fyrsta vottaða fyrirtækið á sviði úrgangsstjórnunar samkvæmt ISO 9001 gæðastaðli á Íslandi. Vottunin nær til allra starfsstöðva; Góði hirðirinn, móttöku- og flokkunarstöð, endurvinnslustöðvar og urðunarstaður.

sorpa.is

Gangi þér vel

VOTTUN HF.
IST ISO 9001

7.IS Þekkingarmiðstöð stjórnunarkerfa

SORPA
Flokkum og skilum

20
1991–2011



> **Selena Gomez**

„Minn fullkomni strákur er í Converse-skóm, virkilega afslappaður og hefur engar áhyggjur af því að vera töff.“

***Selena Gomez leikur Alex, sem leggur álög á fjölskyldu sína og þarf að leggja upp í ævintýri til þess að bjarga fjölskyldunni í kvikmyndinni The Wizards of Waverly Place: The Movie sem er á dagskrá Sjónvarpsins kl. 20.10 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON SÆTTIR SIG VIÐ LÍTINN SVEFN NÆSTU VIKURNAR

# Gósentíð íþróttanátthrafna nær hámarki

Einn skemmtilegasti tími íþróttaársins nær hámarki næstu vikurnar. Nú er nefnilega farið að sjá fyrir endann á úrslitakeppninni í NBA-deildinni í körfubolta. Við erum komin í hóp fjögurra bestu liðanna þetta árið – úrslitarimmur Austur- og Vesturdeildanna. Sigurvegarar þeirra mætast svo í sjálfum lokaúrslitunum.

Eins og það er skemmtilegt að fylgjast með NBA-deildinni er ég ekki einn af þeim sem sökkva sér í hvern einasta leik á hinu hefðbundna keppnistímabili, sérstaklega á haustmánuðum. „Regular season“ eins og það er kallað telur nefnilega 82 leiki hjá hverju einasta liði (þau eru 30) og hvernig einn leikur fer í lok október skiptir mig litlu máli.

En mótvægið er að núna getur einn sigur til eða frá skipt öllu máli. Tímabilið er undir í hverjum einasta leik – þannig er allavega tilfinningin.

Maður er meira að segja til í að láta sig hafa það að vaka fram eftir öllu, þar sem leikirnir byrja oftast í kringum miðnættið, og halda athyglinni þrátt fyrir leikhlé á um það bil fimm mínútna fresti að meðaltali.



Ástæðan er einföld. Körfubolti er svo hrikalega skemmtileg íþrótt og hún er hvergi betur spiluð en í Bandaríkjunum. Einn sá færasti í fræðunum er Þjóðverjinn Dirk Nowitzki og er það synd og skömm að áhorfendur Stöðvar 2 Sports (þeirra á meðal ég) hafi misst af því þegar hann sallaði 48 stigum á Oklahoma City Thunder fyrir hönd Dallas Mavericks fyrr í vikunni og setti met með því að nýta hvert og eitt einasta af þeim 24 vítaköstum sem hann tók í leiknum.

En sem betur fer þarf þetta ekki að koma fyrir aftur. Stöð 2 Sport mun héðan í frá nefnilega sýna hvern einasta leik í úrslitakeppninni þar til gullstyttan fer á loft um miðjan næsta mánuð. Dirk og félagar munu því sjá til þess að ég og fleiri íþróttanátthrafnar verði með bauga niður á kinnar næstu vikurnar.

## RÚV

**16.20 Kallakaffi** (10:12)
**16.50 Vormenn Íslands** (4:7) (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Otrabörnin** (21:26)
**18.22 Pálína** (15:28)
**18.30 Hanna Montana**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Galdrakrakkar** (Wizards of Waverly Place: The Movie) Russo-fjölskyldan er í vandræðum vegna galdra Alex og systkinin verða að fara í ævintýraferð til að bjarga fjölskyldunni. Leikstjóri er Lev L. Spiro og meðal leikenda eru Selena Gomez, David Henrie og Jake T. Austin. Bandarísk bíómynd frá 2009.
**21.45 Taggart – Staðreyndir og skáldskapur** (Taggart - Fact and Fiction) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við sakamál. Meðal leikenda eru Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**22.35 Hann á leik** (He Got Game) Efnilegan körfuboltastrák langar að komast í atvinnumennsku en pabbi hans situr í fangelsi fyrir að myrða mömmu hans. Leikstjóri er Spike Lee og meðal leikenda eru Denzel Washington, Milla Jovovich og Ray Allen. Bandarísk bíómynd frá 1998.
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Life on Mars** (3:17)
**11.50 Jamie Oliver's Food Revolution** (2:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (20:24)
**13.25 Blonde Ambition**
**15.05 Auddi og Sveppi**
**15.30 Leðurblökumaðurinn**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (18:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Auddi og Sveppi** Frábær skemmtiþáttur með Audda og Sveppa þar sem félagarnir eru með allskyns skrautleg uppátæki og allt er leyfilegt.
**19.50 American Idol** (36:39) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins þrír bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar að sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.
**20.55 American Idol** (37:39) Nú kemur í ljós hvaða tveir keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.
**21.40 Funny Money** Gamanmynd með Chevy Chase í hlutverki endurskoðanda sem tekur skjalatösku annars manns í misgripum og kemst að því að í henni eru 5 milljónir dollara. Hann er alsæll með skiptin en konan hans tekur þessum misgripum ekki jafn fagnandi og áður en þau vita af er hinn ógurlegi Mr. Big kominn til að ná í milljónirnar sínar.
**23.15 Texas Chainsaw Massacre: The Beginning**
**00.45 The Ruins**
**02.15 Employee of the Month**
**04.00 Blonde Ambition**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.35 Pepsi-mörkin**
**17.45 Dallas - Oklahoma**
**19.35 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.30 La Liga Report** Leikir helgarinnar í spænska boltanum krufðir til mergjar og hitað upp fyrir leikina á Spáni.
**21.00 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**21.30 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.20 Porto - Braga** Útsending frá úrslitaleiknum í Evrópudeildinni. Það eru portúgölsku liðin Porto og Braga sem mætast í úrslitaleiknum á Aviva-leikvanginum í Dublin.
**00.05 Evrópudeildarmörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Sunnudagsmessan**
**17.00 Sunderland - Wolves**
**18.45 Wigan - West Ham** Útsending frá leik Wigan Athletic og West Ham United í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og stuðningsmenn teknir tali.
**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**22.00 PL Classic Matches: Norwich - Southampton, 1993**
**22.30 Premier League Preview**
**23.00 Arsenal - Aston Villa**

## SKJÁR EINN

**08.00 Dr. Phil** (181:181)
**08.45 Rachael Ray** (181:195)
**16.05 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (2:5)
**16.55 Girlfriends** (14:22)
**17.15 Rachael Ray** (182:195)
**19.35 America's Funniest Home Videos** (16:50)
**20.00 Will & Grace** (11:25) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum sem segja frá Will sem er samkynhneigður lögfræðingur og Grace sem er gagnkynhneigður innanhússarkitekt.
**20.25 The Bachelor** (4:11) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum. Þetta er fjórtánda þáttaröðin af Bachelor og piparsveinninn að þessu sinni heitir Jake Pavelka og er atvinnuflugmaður.
**22.00 Ungfrú Ísland 2011** Fegurðardrottning Íslands 2011 er krýnd með glæsilegri viðhöfn á Broadway. Áhorfendur geta tekið þátt í símakosningu um fegurstu stúlku landsins.
**00.00 Parks & Recreation** (2:22)
**00.05 Rachael Ray** (178:195)
**00.25 Law & Order: LA** (9:22)
**00.50 Rachael Ray** (179:195)
**01.10 Whose Line is it Anyway?** (7:39)
**01.35 Saturday Night Live** (20:22)
**02.30 High School Reunion** (1:8)
**03.15 Girlfriends** (13:22)
**03.35 Will & Grace** (11:25)
**03.55 Penn & Teller** (9:10) (10:10)

## EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Amazing Race** (3:12) Fjórtánda þáttaröðin af kapphlaupinu mikla þar sem keppendur þeysast yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Steindinn okkar** (7:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu og fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig.
**22.25 NCIS** (15:24) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**23.10 Fringe** (14:22) Þriðja þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.
**23.55 Generation Kill** (4:7)
**01.05 Amazing Race** (3:12)
**01.50 The Doctors**
**02.30 Auddi og Sveppi**
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BÍÓ

**06.20 Prince and Me II**
**08.00 Wayne's World**
**10.00 Mr. Deeds**
**12.00 Kung Fu Panda**
**14.00 Wayne's World**
**16.00 Mr. Deeds**
**18.00 Kung Fu Panda**
**20.00 Prince and Me II**
**22.00 Loving Leah**
**00.00 Drillbit Taylor**
**02.00 Vantage Point**
**04.00 Loving Leah**
**06.00 Billy Madison**

## SKJÁRGOLF

**08.10 Crowne Plaza Invitational** (1:4)
**11.10 Golfing World** (88:240)
**13.45 Crowne Plaza Invitational** (1:4)
**16.50 Champions Tour - Highlights** (9:25)
**17.45 Inside the PGA Tour** (20:42)
**18.10 Golfing World** (90:240)
**19.00 Crowne Plaza Invitational** (2:4)
**22.00 Golfing World** (90:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (18:45)
**23.45 ESPN America**
**06.00 ESPN America**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Með Hildu Jönu Gísladóttur.
**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Kolgeitin** Allir elska Bogomil.
**21.30 Á Sinatraslóðum** Geir Ólafsson lætur drauminn rætast.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.20
### Auddi og Sveppi

Lokaþátturinn af Audda og Sveppa að sinni og það verða rosalegir bardagar á boðstólum. Sveppi mætir dvergnum Togga í glímu og Auddi og Gillz boxa þar til annar liggur í valnum.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Þær höfðu áhrif **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Eyðieyjan **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.10** Orð kvöldsins **22.13** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**06.40** Deal or No Deal **07.15** Monarch of the Glen **08.05** Tess of the D'Urbervilles **09.00** Jonathan Creek **09.50** ,Allo ,Allo! **10.25** Fawlty Towers **10.55** ,Allo ,Allo! **11.30** ,Allo ,Allo! **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Fawlty Towers **13.05** ,Allo ,Allo! **13.35** ,Allo ,Allo! **14.10** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.45** Fawlty Towers **16.20** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.30** Kiss Of Death **18.20** Waking the Dead **19.10** Waking the Dead **20.00** The Fixer **20.50** Spooks. Code 9 **21.40** Coupling **22.10** Kiss Of Death

### DR 1

**06.25** Penelope **06.30** Pocahontas 2 **09.15** Mord på hjernen **10.45** Hercule Poirot **12.20** Spise med Price - Den lille Kemiker **12.50** Walter og Trofast - Det store grøntsagskup **14.10** Cirkusrevyen **15.05** Cirkusrevyen **16.00** Bonderøven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Hva' så Danmark? **19.00** TV Avisen med Sport **19.20** Slumdog Millionaire **21.15** Forhekset **04.00** Den travle by **04.20** Johanne i Troldeskoven **04.50** Zoe Kezako **05.00** Den lille prinsesse

### NRK 1

**12.05** Schrödingers katt **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** En svensk sommer i Finland **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Oppdag Stillehavet **18.55** 20 sporsmål **19.20** Mysteriet Norge **19.50** Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** Tause vitner **21.45** Canal Road **22.30** Peter Jöback - live på Oscarsteatern

### svt1

**09.15** Strömsö **09.55** Debatt **10.40** Mitt i naturen Australien **11.10** Hundra procent bonde **11.40** Notes From the Underbelly **12.10** Huset fullt av hundar **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Party animals **14.55** Himmelblå **15.40** Väsen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Minnenas television **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Så ska det låta **19.00** Jakten på lycka **20.55** Norsk attraktion **21.25** Breakfast on Pluto







512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Adele og Guillemots eru í spilaranum hjá mér núna. Trains to Brazil er líka alltaf hressandi en nýja platan Walk the River er frábær í heild sinni.“*

Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri ÚTÓN.

# Sena nælir í ævisögu Hemma Gunn

„Já, ég get staðfest að við höfum náð munnlegu samkomulagi við Hemma Gunn um að gefa út ævisöguna hans. Hvort það verður fyrir þetta ár eða það næsta kemur síðan bara í ljós. Nú erum við bara að reyna að finna rétta manninn til að skrásetja söguna,“ segir Jón Þór Eyþórsson, deildarstjóri bókadeildar útgáfufélagsins Senu. Það hefur nú bundist fastmælum við einn ástsælasta sjónvarps- og útvarpsmann landsins um að gefa út ævisögu hans. Jón Þór gat ekki gefið upp neinar aðrar upplýsingar og sagði þetta eiga eftir að skýrast á næstunni.

Ævisögu Hemma hefur verið beðið með þó nokkurri eftirvæntingu, svo vægt sé til orða tekið. Hermann er einn af fáum sem hafa leikið með bæði handbolta- og fótboltalandsliðinu, hann var atvinnumaður um tíma í Austurríki en eftir að hann sneri sér að sjónvarpinu hefur hann verið órjúfanlegur hluti af íslensku þjóðarsálinni. Hann stjórnaði vinsælasta sjónvarpsþætti landsins, Á tali, og hefur auk þess verið með þætti á borð við Í sjöunda himni og Taktu lagið á Stöð 2. Hermann sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir fjórum árum að hann væri að leggja drög að ævisögu sinni og bætti við að einhverjir ættu eftir að svitna við þau tíðindi. Biðin eftir bókinni er því loksins farin að styttast. Ekki náðist í Hemma við skrif þessarar fréttar en samkvæmt Fésbókarsíðu hans er útvarpsmaðurinn staddur erlendis. - fgg



**VERÐUR AÐ VERULEIKA** Sena hyggst gefa út ævisögu Hemma Gunn. Óljóst er þó hvort það verður á þessu ári eða því næsta.


ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

| | | |
|---|---|---|
| **Bjart með köflum** (Stóra sviðið) | | |
| Fös 3.6. Kl. 20:00 | Fim 9.6. Kl. 20:00 | |
| Lau 4.6. Kl. 20:00 | Fös 10.6. Kl. 20:00 | |
| **Allir synir mínir** (Stóra sviðið) | | |
| Sun 5.6. Kl. 20:00 Aukasýn. | Lau 11.6. Kl. 20:00 Aukasýn. | |
| **Ballið á Bessastöðum** (Stóra sviðið) | | |
| Sun 22.5. Kl. 14:00 | | |
| **Brák** (Kúlan) | | |
| Fös 3.6. Kl. 20:00 Aukasýn. | | |
| **Verði þér að góðu** (Kassinn) | | |
| Fös 20.5. Kl. 22:00 | Fös 3.6. Kl. 19:00 | |
| Lau 21.5. Kl. 22:00 | Lau 4.6. Kl. 20:00 | |
| **Góði dátinn Svejk** (Stóra sviðið) | | |
| Sun 29.5. Kl. 20:00 | | |
| **Haze** (Stóra sviðið) | | |
| Fim 2.6. Kl. 20:00 | | |
| **Við sáum skrímsli** (Stóra sviðið) | | |
| Fös 20.5. Kl. 19:00 | Lau 21.5. Kl. 20:00 | |
| **Big Wheel Café** (Stóra sviðið) | | |
| Fim 26.5. Kl. 20:00 | Fös 27.5. Kl. 20:00 | |
| **Subtales – Söngur millistéttarinnar** (Kassinn) | | |
| Þri 24.5. Kl. 18:00 | | |

HLUSTENDAVERÐLAUN FM957
MÆTTU Í HÖRPU MEÐ FM957
MIÐASALA ER HAFIN Á HARPA.IS
MIÐAVERÐ AÐEINS 1.957,-
FRAM KOMA
STEINDI JR. • FRIÐRIK DÓR
PÁLL ÓSKAR • BLAZROCA
HAFFI HAFF • JÓN JÓNSSON
Kredia STIMOR0L FM957 21.MAÍ 2011


ÁGÚST JAKOBSSON: HITTI LEIKMENN MANCHESTER OG BARCELONA

# Myndar auglýsingu fyrir úrslitaleik Meistaradeildar

Kvikmyndatökumaðurinn Ágúst Jakobsson hefur lokið tökum á auglýsingu fyrir íþróttavöruframleiðandann Nike vegna úrslitaleiks Meistaradeildar Evrópu í fótbolta sem fer fram á Wembley 28. maí. Þar vann hann með leikmönnum Manchester United og Barcelona.

„Ég er staddur á Nou Camp í Barcelona að taka upp Barcastrákana,“ sagði Ágúst, þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. „Ég er að bíða eftir því að þeir klári æfingu. Síðan koma þeir inn í stúdíó til mín og við myndum þá.“

Daginn áður var Ágúst staddur á æfingasvæði Manchester United og myndaði stjörnurnar Rooney, Ferdinand, Chicharito, Evra og Park fyrir auglýsinguna, sem fer í sjónvarp og á netið í næstu viku. Þar ögra leikmenn beggja liða hver öðrum á sniðugan hátt. „Þetta gekk fínt. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem ég vinn með Ferdinand en þetta var í fyrsta skipti sem ég vinn með Rooney. Hann hefur aldrei mætt í tökur hjá mér áður,“ segir Ágúst, sem hefur tekið upp fjölda fótboltaauglýsinga í gegnum árin. „Ég gerði einu sinni auglýsingu með Ronaldo og Rooney átti að vera líka en mætti ekki. Ég held að hann hafi ekkert voðalega gaman af þessu.“

Á meðal annarra leikmanna sem Ágúst hefur unnið með á ferli sínum eru Messi, Didier Drogba, Frank Lampard, Fernando Torres, Thierry Henry og Ronaldinho. Einnig hefur hann tekið upp auglýsingar með boxurunum Mike Tyson og Lennox Lewis.

Ágúst mun taka upp aðra auglýsingu í tengslum við úrslitaleik Meistaradeildarinnar. Sú verður gerð fyrir bandarísku sjónvarpsstöðina Fox og er ætlað að kynna næstu leiktíð. Upptökurnar fara fram í kringum Wembley og mun Ágúst mynda undirbúning fyrir leikinn, áhorfendur og svo hugsanlega verðlaunaafhendinguna. Meðan á leiknum stendur mun hann þó sitja upp í stúku og horfa á fótboltaveisluna í blaðamannastúkunni.

Nú þegar leiktíðinni í fótboltanum er að ljúka verður minna að gera hjá Ágústi í boltaauglýsingum í sumar. Til að mynda verður aðeins eitt stórt mót haldið í sumar, eða heimsmeistaramót kvenna. Í tengslum við það tók hann upp tvær auglýsingar fyrr á árinu sem voru teknar upp í íþróttahöllinni í Düsseldorf þar sem þýska kvennalandsliðið var í aðalhlutverki.

freyr@frettabladid.is





**TÓK UPP MEÐ FÓTBOLTASTJÖRNUM** Leikmenn Manchester Uniter og Barcelona ögra hver öðrum í auglýsingunni sem **Ágúst Jakobsson** tók upp. **Messi**, **Rooney** og **Rio Ferdinand** leika allir í auglýsingunni.

# Tvær bækur til Bandaríkjanna

Forlagið Macmillan, sem er meðal annars með bækistöðvar í Bandaríkjunum, hefur tryggt sér útgáfuréttinn á tveimur bókum Yrsu Sigurðardóttur, Auðninni og Ég man þig þar í landi. Áður hafði forlagið fest kaup á Ösku, sem er væntanleg á markað á þessu ári.

„Þetta er svo hrikalega erfiður markaður í Ameríku. Það að komast inn með bók er frábært, hvað þá að vera gefinn út reglulega, sem er meiriháttar afrek,“ segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Bjarti og Veröld. Yrsa bætist þar með í hóp Arnaldar Indriðasonar og Ólafs Jóhanns Sigurðssonar, sem hafa báðir verið gefnir út reglulega í Bandaríkjunum.

Auðnin kom út árið 2008 á Íslandi og hefur selst í um sautján þúsund eintökum. Ég man þig, sem kom út fyrir síðustu jól, hefur selst í hátt í tuttugu þúsund eintökum. Sigurjón Sighvatsson hefur keypt kvikmyndaréttinn að síðarnefndu bókinni, eins og Fréttablaðið hefur sagt frá, og þessi útgáfa hennar í Bandaríkjunum á vafalítið eftir að ýta undir áhugann á myndinni. Aðspurður segist Pétur Már ekki vita í hve mörgum eintökum Ég man þig verður gefin út. Það gæti verið allt frá tíu þúsund eintökum upp í hundrað þúsund.

Yrsa tekur um þessar mundir þátt í Crimefest, mikilli glæpasagnahátíð í Englandi þar sem fjöldi rithöfunda, einkum breskra, stígur á svið. Þar kemur hún tvisvar fram í pallborðsumræðum í dag. - fb



**BANDARÍKJAMENN ÁHUGASAMIR** Forlagið Macmillan hefur tryggt sér útgáfuréttinn á tveimur bókum Yrsu Sigurðardóttur.

**Haustferðir komnar í sölu!**
**Ódýrustu sætin bókast fyrst!**

**FLUGDAGAR:**

| BROTTFARIR | HEIMKOMUR: |
|---|---|
| 8. október | 16. október |
| 15. október | 23. október |
| 22. október | 30. október |
| 29. október | 6. nóvember |

ÓDÝRUSTU SÆTIN BÓKAST FYRST

ÚRVAL·ÚTSÝN
HAUST 2011

# Orlando

*Óendanleg uppspretta skemmtunar!*

**HÚS MEÐ EINKASUNDLAUG!**



**Alamo Vacation Homes** ★★★★

**VERÐ FRÁ:**

**115.000 kr.***

**Brottför:** 8. október – 8 nætur
á mann m.v. 4 fullorðna og 2 börn
í húsi með 3 svefnherbergjum og
einkasundlaug.

**SNYRTILEGT HÓTEL Í HJARTA ORLANDO**



**Baymont Inn** ★★

**VERÐ FRÁ:**

**112.800 kr.***

**Brottför:** 8. október – 8 nætur
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn
í herbergi með morgunverði!
Verð á mann frá 131.600 kr ef m.v. 2 fullorðna.






Orlando er fjölbreytt borg og einn af vinsælustu áfangastöðum heims fyrir fjölskyldur. Orlando hefur upp á að bjóða þekktustu skemmtigarðar heims, Disney World, Sea World, Universal Studios ásamt mörgum öðrum. Hægt væri að heimsækja nýjan skemmtigarð hvern dag vikunnar og þegar fólk hefur fengið fylli sína af þeim hefur Orlando upp á margt annað að bjóða og má segja að borgin bjóði upp á óendanlega möguleika til skemmtunar! Úrval af frábærum golfvöllum, söfnum og veitingastöðum.

ÚRVAL·ÚTSÝN

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 8 daga.
Verð miðast við að bókað sé á netinu.

MEIRA Á
**urvalutsyn.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Frægir Croc-skór

Á vef sem kenndur er við Barnaland fer fram margháttuð þjóðlífsumræða. Þar er einnig að finna söluvef fyrir margvíslegan varning. Í gær dúkkaði þar upp eftirfarandi auglýsing: „Til sölu, frábærir, gráir Croc-skór sem voru áður í eigu tónlistarmannsins og neytendafrömuðarins **Dr. Gunna.** Skórnir eru númer 45, þykja afar þægilegir og vel með farnir. Dr. Gunna þarf ekki að kynna fyrir fólki, en ásamt því að hafa verið lengi í tónlistarbransanum á hann að baki feril sem sjónvarps- og blaðamaður." Væntanlega eru skórnir löngu seldir því óþarft er að efast um trúverðugleika auglýsingarinnar, Doktorinn vísaði sjálfur á hana í tengli á Facebook.



### Hita upp fyrir Eagles

**Magnús og Jóhann** hita upp fyrir bandarísku hljómsveitina Eagles í júní eins og Fréttablaðið greindi frá í gær. Þetta verður ekki í fyrsta sinn sem þeir félagar hita upp fyrir erlenda hljómsveit því árið 1974, fyrir 37 árum, hituðu þeir upp með hljómsveitinni Change fyrir enska bandið Procol Harum í Háskólabíói. Það er þekktast fyrir lagið A Whiter Shade of Pale. Þar fyrir utan hefur Jóhann Helgason hitað upp fyrir The Stranglers í Laugardalshöll 1978 þegar hann var í hljómsveitinni Póker og fyrir The Beach Boys með Hljómum. - fb



## Mest lesið vísir

1. Lars Von Trier rekinn af Cannes-hátíðinni
2. Vinir Sjonna - dansvæn útgáfa
3. Vallarstjóri fann sprengiefni í Mosfellsbæ
4. Vill fagráð sem skoðar meint afbrot lögreglumanna
5. Óttast áhrif brennisteinsgufu á heilsufar höfuðborgarbúa


## Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

